

HANDBÓK ALÞINGIS



HANDBÓK ALÞINGIS

2003

*Skrifstofa Alþingis gaf út
Reykjavík 2004*

HANDBÓK ALÞINGIS 2003

Helstu skrár unnu:
Helgi Bernóðusson,
Hlöðver Ellertsson,
Jóhannes Halldórsson,
Jón E. Böðvarsson,
Solveig K. Jónsdóttir og
Vigdís Jónsdóttir.

Frágangur texta:
Berglind Steinsdóttir,
Hlöðver Ellertsson,
María Gréta Guðjónsdóttir,
Sigurlín Hermannsdóttir,
Solveig K. Jónsdóttir,
Svanhildur Edda Þórðardóttir og
Vigdís Jónsdóttir.

Ljósmyndir:
Bragi Þór Jósefsson og fleiri.

EFNISYFIRLIT

<i>Formáli</i>	7
----------------	---

<i>Skipan þingsins</i>	9
------------------------	---

Alþingismenn	10
Forsætisnefnd Alþingis 2003–2004	14
Þingflokkar	15
Stjórnir þingflokka	18
Alþingismenn eftir kjördæmum	19
Varaþingmenn	22
Fastanefndir Alþingis.	26
Alþjóðanefndir Alþingis.	30

<i>Æviskrár alþingismanna</i>	33
-------------------------------	----

Æviágrip þingmanna kjörinna 10. maí 2003	35
Æviágrip nýs þingmanns	122
Æviskrár þingmanna sem tóku sæti á Alþingi á síðasta kjörtímabili	124

<i>Alþingiskosningar 10. maí 2003</i>	129
---------------------------------------	-----

Kosningaúrslit.	131
Úthlutun kjördæmissæta	132
Skipting jöfnunarsæta	135
Úthlutun jöfnunarsæta	136

<i>Um alþingismenn 2003</i>	139
-----------------------------	-----

Meðalaldur nýkjörinna þingmanna o.fl.	141
Þingaldur alþingismanna	143
Fæðingarár alþingismanna	146

Fyrsta þing alþingismanna	148
Aldursforseti	150
<i>Yfirlitsskrár um alþingismenn</i>	153
Varaþingmenn á Alþingi 1999–2003	155
Breytingar á skipan Alþingis 1999–2003	161
Lengsta þingseta, yngstu þingmenn o.fl.	163
Nýir þingmenn á Alþingi 1934–2003	167
Formenn fastanefnda 1991–2004.	168
Konur á Alþingi	172
Fyrirverandi alþingismenn	178
<i>Skrá um forseta Alþingis og tölu þinga</i>	187
Forsetar Alþingis 1845–2004	189
Ráðgjafarþing 1845–1873	194
Löggjafarþing 1875–2004	195
<i>Ráðherrar og ráðuneyti</i>	201
Ráðherrar og ráðuneyti 1904–2004	203
<i>Viðauki</i>	227
Stjórnir, nefndir og ráð kosin af Alþingi	229
Eldhúsdagsumræður	239
Stofnanir er heyra undir Alþingi	262
Starfsmenn skrifstofu Alþingis	266
Starfsmenn þingflokka	271
Skrár í Handbókum Alþingis 1991, 1995 og 1999 sem ekki eru birtar í þessu riti	272
<i>Sætaskipan 2004</i>	275
Teikning af sætaskipan	277

FORMÁLI

Handbók Alþingis er nú gefin út í sjötta sinn. Hún hefur komið út á fyrsta reglulega þingi eftir alþingiskosningar en tuttugu ár eru síðan fyrsta handbókin var gefin út veturinn 1983–84, að frumkvæði Þorvalds Garðars Kristjánssonar sem þá var nýkjörinn forseti sameinaðs Alþingis.

Í handbókinni eru ýmsar fróðlegar upplýsingar um kosningar, þinghaldið og alþingismenn. Hefur ritið reynst þingmönnum og starfsmönnum Alþingis gagnlegt en einnig hefur því verið vel tekið hjá starfsmönnum Stjórnarráðs, sendiráða og bókasafna og öðrum sem þarfnast upplýsinga um stjórnmal og stjórnmalamenn.

Efnisskipan bókarinnar er í nokkuð föstum skorðum og miðast við fyrri útgáfur. Þó eru eins og fyrr nýjar skrár í bókinni en sumar eldri skrár eru ekki prentaðar aftur heldur vísað til þeirra í lista í viðauka aftast í handbókinni. Aðrar skrár hafa verið unnar að nýju eða aukið við þær upplýsingum frá síðasta kjörtímabili. Má þar sérstaklega nefna nýja skrá um konur á Alþingi, skrá yfir stjórnir, nefndir og ráð kosin á Alþingi og yfirlit yfir sögu eldhúsdagsumræðna.

Æviskrár alþingismanna eru að mestu með sama hætti og í Alþingismannatali og á vef Alþingis. Birtar eru upplýsingar um uppruna, menntun, störf og stjórn málaafskipti. Eins og gefur að skilja verða ýmsar breytingar á skipan þingsins og högum þingmanna á hverju kjörtímabili. Með þessum breytingum má fylgjast á vef þingsins og í ársskýrslum Alþingis.

Starfsmenn skrifstofu Alþingis hafa safnað efninu og búið til prentunar. Er þeim færðar bestu þakkir fyrir það.

Alþingi, 7. maí 2004.

Halldór Blöndal.

SKIPAN PINGSINS



Alþingismenn

(kjörnir 10. maí 2003)

Nafn	Flokkur	Fæðingardagur og ár
1. Anna Kristín Gunnarsdóttir	(SF)	6/1 '52
2. Ágúst Ólafur Ágústsson	(SF)	10/3 '77
3. Árni R. Arnason	(S)	4/8 '41
4. Árni Magnússon, félagsmálaráðherra	(F)	4/6 '65
5. Árni M. Mathiesen, sjávarútvegsráðherra	(S)	2/10 '58
6. Ásta R. Jóhannesdóttir	(SF)	16/10 '49
7. Birgir Ármannsson, 6. varaforseti	(S)	12/6 '68
8. Birkir J. Jónsson	(F)	24/7 '79
9. Bjarni Benediktsson	(S)	26/1 '70
10. Björgvin G. Sigurðsson	(SF)	30/10 '70
11. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra	(S)	14/11 '44
12. Bryndís Hlöðversdóttir	(SF)	8/10 '60
13. Dagný Jónsdóttir	(F)	16/1 '76
14. Davíð Oddsson, forsætisráðherra	(S)	17/1 '48
15. Drífa Hjartardóttir	(S)	1/2 '50
16. Einar K. Guðfinnsson	(S)	2/12 '55
17. Einar Oddur Kristjánsson	(S)	26/12 '42
18. Einar Már Sigurðarson	(SF)	29/10 '51
19. Geir H. Haarde, fjármálaráðherra	(S)	8/4 '51
20. Guðjón Hjörleifsson	(S)	18/6 '55
21. Guðjón A. Kristjánsson	(FI)	5/7 '44
22. Guðlaugur Þór Þórðarson	(S)	19/12 '67
23. Guðmundur Hallvarðsson	(S)	7/12 '42
24. Guðmundur Árni Stefánsson, 1. varaforseti	(SF)	31/10 '55
25. Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra	(F)	9/4 '49
26. Guðrún Ögmundsdóttir	(SF)	19/10 '50
27. Gunnar Birgisson	(S)	30/9 '47
28. Gunnar Örlygsson	(FI)	4/8 '71
29. Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra	(F)	8/9 '47
30. Halldór Blöndal, forseti Alþingis	(S)	24/8 '38
31. Helgi Hjörvar	(SF)	9/6 '67
32. Hjálmar Arnason	(F)	15/11 '50
33. Jóhann Ársællsson	(SF)	7/12 '43
34. Jóhanna Sigurðardóttir, 4. varaforseti	(SF)	4/10 '42

Lögheimili	Kjördæmi og kosning	Nefndir
Sauðárkróki	Norðvest., 6. þm.	fl, l.
Reykjavík	Reykv. s., 10. þm.	a, ht.
Kópavogi	Suðurk., 2. þm.	sj, um, ut.
Hveragerði	Reykv. n., 11. þm.	
Hafnarfirði	Suðvest., 1. þm.	
Reykjavík	Reykv. s., 4. þm.	i, sa.
Reykjavík	Reykv. s., 11. þm.	a, ev.
Siglufirði	Norðaust., 9. þm.	fl, fél, sa.
Garðabæ	Suðvest., 11. þm.	a, fl, i.
Skarði, Skeiða- og Gnúpverjahreppi	Suðurk., 7. þm.	i, m.
Reykjavík	Reykv. n., 4. þm.	
Reykjavík	Reykv. n., 3. þm.	um.
Eskifirði	Norðaust., 8. þm.	ev, ht, l, m, um.
Reykjavík	Reykv. n., 2. þm.	
Keldum, Rangárvöllum	Suðurk., 5. þm.	fl, ht, l.
Bolungarvík	Norðvest., 4. þm.	k, sj, ut.
Sólbakka, Flateyri	Norðvest., 9. þm.	fl, i, l.
Neskaupstað	Norðaust., 7. þm.	fl, sa.
Reykjavík	Reykv. s., 1. þm.	
Vestmannaeyjum	Suðurk., 8. þm.	fél, m, sa.
Ísafirði	Norðvest., 5. þm.	k, sa.
Reykjavík	Reykv. n., 6. þm.	fél, sj, um.
Reykjavík	Reykv. s., 8. þm.	fl, l, sa.
Hafnarfirði	Suðvest., 2. þm.	ut.
Selfossi	Suðurk., 3. þm.	
Reykjavík	Reykv. n., 5. þm.	a, ht.
Kópavogi	Suðvest., 3. þm.	ev, m, um.
Fitjum, Kjalarnesi	Suðvest., 10. þm.	a.
Reykjavík	Reykv. n., 7. þm.	
Akureyri	Norðaust., 2. þm.	
Reykjavík	Reykv. n., 9. þm.	fél, fl.
Keflavík	Suðurk., 6. þm.	fél, k, m, sj.
Akranesi	Norðvest., 2. þm.	k, sa, sj.
Reykjavík	Reykv. s., 2. þm.	ev, fél.

Nafn	Flokkur	Fæðingardagur og ár
35. Jón Bjarnason	(Vg)	26/12 '43
36. Jón Gunnarsson	(Sf)	26/5 '59
37. Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra	(F)	11/6 '42
38. Jónína Bjartmarz, 2. varaforseti	(F)	23/12 '52
39. Katrín Júlíusdóttir	(Sf)	23/11 '74
40. Kolbrún Halldórsdóttir	(Vg)	31/7 '55
41. Kristinn H. Gunnarsson	(F)	19/8 '52
42. Kristján L. Möller	(Sf)	26/6 '53
43. Lúðvík Bergvinsson	(Sf)	29/4 '64
44. Magnús Þór Hafsteinsson	(Fl)	29/5 '64
45. Magnús Stefánsson	(F)	1/10 '60
46. Margrét Frímansdóttir	(Sf)	29/5 '54
47. Mörrður Árnason	(Sf)	30/10 '53
48. Pétur H. Blöndal	(S)	24/6 '44
49. Rannveig Guðmundsdóttir	(Sf)	15/9 '40
50. Sigríður A. Þórðardóttir	(S)	14/5 '46
51. Sigurður Kári Kristjánsson	(S)	9/5 '73
52. Sigurjón Þórðarson	(Fl)	29/6 '64
53. Siv Friðleifsdóttir, umhverfissráðherra	(F)	10/8 '62
54. Sólveig Pétursdóttir, 3. varaforseti	(S)	11/3 '52
55. Steingrímur J. Sigfússon	(Vg)	4/8 '55
56. Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra	(S)	23/11 '45
57. Tómas Ingi Orlích, menntamálaráðherra	(S)	13/2 '43
58. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra	(F)	23/3 '50
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir	(S)	4/10 '65
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir	(Sf)	22/11 '65
61. Þuríður Backman, 5. varaforseti	(Vg)	8/1 '48
62. Ögmundur Jónasson	(Vg)	17/7 '48
63. Össur Skarphéðinsson	(Sf)	19/6 '53

Tómas Ingi Orlích sagði afsér þingmennsku 31. des. 2003 og varð Arnbjörg Sveinsdóttir 6. þm. Norðausturkjördæmis. Nefndaskipan er miðuð við upphaf haustþings 2003.

Lögheimili	Kjördæmi og kosning	Nefndir
Blönduósi	Norðvest., 8. þm.	fl, l.
Vogum	Suðurk., 10. þm.	fl, sj.
Egilsstöðum	Norðaust., 4. þm.	
Reykjavík	Reykv. s., 6. þm.	a, ht, ut.
Kópavogi	Suðvest., 9. þm.	a, m.
Reykjavík	Reykv. n., 8. þm.	m, um.
Bolungarvík	Norðvest., 7. þm.	ev, i, sa, sj.
Siglufirði	Norðaust., 3. þm.	i, sj.
Vestmannaeyjum	Suðurk., 4. þm.	ev, k, l.
Akranesi	Suðurk., 9. þm.	sj.
Ólafsvík	Norðvest., 3. þm.	fl, k, l, ut.
Kópavogi	Suðurk., 1. þm.	fél, ht.
Reykjavík	Reykv. s., 7. þm.	m, um.
Reykjavík	Reykv. s., 3. þm.	ev, fél, ht.
Kópavogi	Suðvest., 4. þm.	um, ut.
Mosfellsbæ	Suðvest., 6. þm.	ht, k, um.
Reykjavík	Reykv. n., 10. þm.	a, i, m.
Sauðárkróki	Norðvest., 10. þm.	fél, i.
Seltjarnarnesi	Suðvest., 5. þm.	
Reykjavík	Reykv. s., 5. þm.	ut.
Gunnarsstöðum, Þistilfirði	Norðaust., 5. þm.	ut.
Stykkishólmi	Norðvest., 1. þm.	
Akureyri	Norðaust., 6. þm.	
Lómatjörn, Grýtubakkahreppi	Norðaust., 1. þm.	
Hafnarfirði	Suðvest., 8. þm.	a, i, k, sa.
Garðabæ	Suðvest., 7. þm.	l, ut.
Egilsstöðum	Norðaust., 10. þm.	ht.
Reykjavík	Reykv. s., 9. þm.	ev, k.
Reykjavík	Reykv. n., 1. þm.	ev.

Skammstafanir

a = allsherjarnefnd, ev = efnahags- og viðskiptanefnd, fél = félagsmálanefnd, fl = fjárlaganefnd, ht = heilbrigðis- og trygginganefnd, i = iðnaðarnefnd, k = kjörbréfanefnd, l = landbúnaðarnefnd, m = menntamálanefnd, sa = samgöngunefnd, sj = sjávarútvegsefnd, um = umhverfisnefnd, ut = utanríkismálanefnd, F = Framsóknarflokkur, Fl = Frjálslyndi flokkurinn, S = Sjálfstæðisflokkur, Sf = Samfylkingin, Vg = Vinstri hreyfingin – grænt framboð.

Forsætisnefnd Alþingis

2003–2004

Halldór Blöndal, forseti Alþingis,
Guðmundur Árni Stefánsson, 1. varaforseti,
Jónína Bjartmarz, 2. varaforseti,
Sólveig Pétursdóttir, 3. varaforseti,
Jóhanna Sigurðardóttir, 4. varaforseti,
Puríður Backman, 5. varaforseti,
Birgir Ármannsson, 6. varaforseti.

Þingflokkar

(janúar 2004)

FRAMSÓKNARFLOKKUR:

1. Árni Magnússon, 11. þm. Reykv. n.
2. Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
3. Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
4. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
5. Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n.
6. Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.
7. Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
8. Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
9. Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.
10. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
11. Sív Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
12. Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN:

1. Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
2. Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.
3. Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
4. Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.

SAMFYLKINGIN:

1. Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
2. Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
3. Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.
4. Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
5. Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.
6. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
7. Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.
8. Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.

9. Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.
10. Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.
11. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
12. Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.
13. Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.
14. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
15. Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
16. Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.
17. Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.
18. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.
19. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.
20. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.
2. Árni R. Árnason, 2. þm. Suðurk.
3. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
4. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
5. Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.
6. Björn Bjarnason, 4. þm. Reykv. n.
7. Davíð Oddsson, 2. þm. Reykv. n.
8. Drífa Hjartardóttir, 5. þm. Suðurk.
9. Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
10. Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
11. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
12. Guðjón Hjörleifsson, 8. þm. Suðurk.
13. Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.
14. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
15. Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.
16. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
17. Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
18. Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.
19. Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.
20. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

21. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
22. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 8. þm. Suðvest.

VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:

1. Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
2. Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
3. Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
4. Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.
5. Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

Stjórnir þingflokka

(mars 2004)

FRAMSÓKNARFLOKKUR:

Hjálmar Árnason formaður,
Magnús Stefánsson varaformaður,
Dagný Jónsdóttir ritari.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN:

Magnús Þór Hafsteinsson formaður,
Sigurjón Þórðarson varaformaður,
Gunnar Örlygsson ritari.

SAMFYLKINGIN:

Margrét Frímannsdóttir formaður,
Kristján L. Möller varaformaður,
Ágúst Ólafur Ágústsson ritari.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR:

Einar K. Guðfinnsson formaður,
Sigríður A. Þórðardóttir varaformaður,
Drífa Hjartardóttir ritari.

VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:

Ögmundur Jónasson formaður,
Puríður Backman varaformaður,
Kolbrún Halldórsdóttir ritari.

Alþingismenn eftir kjördæmum

(janúar 2004)

REYKJAVÍK NORÐUR:

1. Össur Skarphéðinsson (S),
2. Davíð Oddsson (D),
3. Bryndís Hlöðversdóttir (S),
4. Björn Bjarnason (D),
5. Guðrún Ögmundsdóttir (S),
6. Guðlaugur Þór Þórðarson (D),
7. Halldór Ásgrímsson (B),
8. Kolbrún Halldórsdóttir (U),
9. Helgi Hjörvar (S),
10. Sigurður Kári Kristjánsson (D),
11. Árni Magnússon (B).

REYKJAVÍK SUÐUR:

1. Geir H. Haarde (D),
2. Jóhanna Sigurðardóttir (S),
3. Pétur H. Blöndal (D),
4. Ásta R. Jóhannesdóttir (S),
5. Sólveig Pétursdóttir (D),
6. Jónína Bjartmarz (B),
7. Mörður Árnason (S),
8. Guðmundur Hallvarðsson (D),
9. Ögmundur Jónasson (U),
10. Ágúst Ólafur Ágústsson (S),
11. Birgir Ármannsson (D).

SUÐVESTURKJÖRDÆMI:

1. Árni M. Mathiesen (D),
2. Guðmundur Árni Stefánsson (S),
3. Gunnar Birgisson (D),
4. Rannveig Guðmundsdóttir (S),
5. Siv Friðleifsdóttir (B),
6. Sigríður A. Þórðardóttir (D),
7. Þórunn Sveinbjarnardóttir (S),
8. Þorgerður K. Gunnarsdóttir (D),
9. Katrín Júlíusdóttir (S),
10. Gunnar Örlygsson (F),
11. Bjarni Benediktsson (D).

NORÐVESTURKJÖRDÆMI:

1. Sturla Böðvarsson (D),
2. Jóhann Ársælsson (S),
3. Magnús Stefánsson (B),
4. Einar K. Guðfinnsson (D),
5. Guðjón A. Kristjánsson (F),
6. Anna Kristín Gunnarsdóttir (S),
7. Kristinn H. Gunnarsson (B),
8. Jón Bjarnason (U),
9. Einar Oddur Kristjánsson (D),
10. Sigurjón Þórðarson (F).

NORÐAUSTURKJÖRDÆMI:

1. Valgerður Sverrisdóttir (B),
2. Halldór Blöndal (D),
3. Kristján L. Möller (S),
4. Jón Kristjánsson (B),
5. Steingrímur J. Sigfússon (U),
6. Arnbjörg Sveinsdóttir (D),
7. Einar Már Sigurðarson (S),
8. Dagný Jónsdóttir (B),

9. Birkir J. Jónsson (B),
10. Þuríður Backman (U).

SUÐURKJÖRDÆMI:

1. Margrét Frímannsdóttir (S),
2. Árni R. Arnason (D),
3. Guðni Ágústsson (B),
4. Lúðvík Bergvinsson (S),
5. Drífa Hjartardóttir (D),
6. Hjálmar Arnason (B),
7. Björgvin G. Sigurðsson (S),
8. Guðjón Hjörleifsson (D),
9. Magnús Þór Hafsteinsson (F),
10. Jón Gunnarsson (S).

B = Framsóknarflokkur, D = Sjálfstæðisflokkur, F = Frjálslyndi flokkurinn, S = Samfylkingin, U = Vinstri hreyfingin - grænt framboð.

Varaþingmenn

(10. maí 2003)

REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI NORÐUR:

Fyrir Framsóknarflokkinn:

Guðjón Ólafur Jónsson,
Sæunn Stefánsdóttir.

Fyrir Samfylkinguna:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
Ellert B. Schram,
Eiríkur Bergmann Einarsson,
Sigrún Grendal Jóhannesdóttir.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:

Ásta Möller,
Katrín Fjeldsted,
Ingvi Hrafn Óskarsson,
Soffía Kristín Þórðardóttir.

Fyrir Vinstri hreyfinguna - grænt framboð:

Atli Gíslason.

REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI SUÐUR:

Fyrir Framsóknarflokkinn:

Björn Ingi Hrafnsson.

Fyrir Samfylkinguna:

Einar Karl Haraldsson,
Kristrún Heimisdóttir,
Jakob Frímann Magnússon,
Bryndís Nielsen.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:

Lára Margrét Ragnarsdóttir,
Guðrún Inga Ingólfssdóttir,
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson,
Kolbrún Baldursdóttir,
Auður Björk Guðmundsdóttir.

Fyrir Vinstri hreyfinguna - grænt framboð:

Álfheiður Ingadóttir.

SUÐVESTURKJÖRDÆMI:

Fyrir Framsóknarflokkinn:

Páll Magnússon.

Fyrir Frjálslynda flokkinn:

Sígurlín Margrét Sigurðardóttir.

Fyrir Samfylkinguna:

Ásgeir Friðgeirsson,
Valdimar L. Friðriksson,
Jón Kr. Óskarsson,
Sandra Franks.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:

Sigurros Þorgrímsdóttir,
Þórdís Sigurðardóttir,
Bryndís Haraldsdóttir,
Hildur Ragnars,
Almar Grímsson.

NORÐVESTURKJÖRDÆMI:

Fyrir Framsóknarflokkinn:

Herdís Á. Sæmundardóttir,
Eydis Líndal Finnbogadóttir.

Fyrir Frjálslynda flokkinn:

Kristín Pétursdóttir,
Pétur Bjarnason.

Fyrir Samfylkinguna:

Gísli S. Einarsson,
Sigríður Ragnarsdóttir.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:

Guðjón Guðmundsson,
Adolf H. Berndsen,
Jóhanna Erla Pálmadóttir.

Fyrir Vinstri hreyfinguna - grænt framboð:

Arni Steinar Jóhannsson.

NORÐAUSTURKJÖRDÆMI:

Fyrir Framsóknarflokkinn:

Þórarinn E. Sveinsson,
Katrín Ásgrímsdóttir,
Svanhvít Aradóttir,
Ólafur Níels Eiríksson.

Fyrir Samfylkinguna:

Lára Stefánsdóttir,
Örlygur Hnefill Jónsson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:
Arnbjörg Sveinsdóttir,*
Sigríður Ingvarsdóttir.

Fyrir Vinstri hreyfinguna - grænt framboð:
Hlynur Hallsson,
Bjarkey Gunnarsdóttir.

SUÐURKJÖRDÆMI:

Fyrir Framsóknarflokkinn:
Ísólfur Gylfi Pálmason,
Eygló Þóra Harðardóttir.

Fyrir Frjálslynda flokkinn:
Grétar Mar Jónsson.

Fyrir Samfylkinguna:
Brynja Magnúsdóttir,
Önundur S. Björnsson,
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir,
Gerður Pétursdóttir.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:
Kjartan Ólafsson,
Böðvar Jónsson,
Helga Þorbergsdóttir.

*Varð aðalmaður 1. jan. 2004 við afsögn Tómasar Inga Orlíchs.

Fastanefndir Alþingis

(febrúar 2004)

ALLSHERJARNEFND:

Arnbjörg Sveinsdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir,
Jónína Bjartmarz, varafor-
maður,

Birgir Ármannsson,
Bryndís Hlöðversdóttir,
Sigurjón Þórðarson,
Bjarni Benediktsson,
formaður,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Ágúst Ólafur Ágústsson.

EFNAHAGS- OG

VIÐSKIPTANEFND:

Pétur H. Blöndal, formaður,
Össur Skarphéðinsson,
Kristinn H. Gunnarsson,
varaformaður,
Birgir Ármannsson,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Ögmundur Jónasson,
Gunnar Birgisson,
Dagný Jónsdóttir,
Lúðvík Bergvinsson.

FÉLAGSMÁLANEFND:

Guðjón Hjörleifsson,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Hjálmar Árnason, formaður,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
varaformaður,
Helgi Hjörvar,
Gunnar Örlygsson,
Pétur H. Blöndal,
Birkir J. Jónsson,
Katrín Júlíusdóttir.

FJÁRLAGANEFND:

Einar Oddur Kristjánsson,
varaformaður,
Einar Már Sigurðarson,
Magnús Stefánsson, formaður,
Bjarni Benediktsson,
Jón Gunnarsson,
Jón Bjarnason,
Drífa Hjartardóttir,
Birkir J. Jónsson,
Helgi Hjörvar,
Arnbjörg Sveinsdóttir,
Anna Kristín Gunnarsdóttir.

**HEILBRIGÐIS- OG
TRYGGINGANEFND:**

Drífa Hjartardóttir, varafor-
maður,
Margrét Frímansdóttir,
Jónína Bjartmarz, formaður,
Pétur H. Blöndal,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Puríður Backman,
Sigríður A. Þórðardóttir,
Dagný Jónsdóttir,
Guðrún Ögmundsdóttir.

IÐNAÐARNEFND:

Árni R. Árnason,
Kristján L. Möller,
Kristinn H. Gunnarsson,
formaður,
Einar Oddur Kristjánsson,
varaformaður,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Sigurjón Þórðarson,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Guðmundur Hallvarðsson,
Björgvin G. Sigurðsson.

LANDBÚNAÐARNEFND:

Drífa Hjartardóttir, formaður,
Lúðvík Bergvinsson,
Magnús Stefánsson, varafor-
maður,
Einar Oddur Kristjánsson,
Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Jón Bjarnason,
Guðmundur Hallvarðsson,
Dagný Jónsdóttir,
Anna Kristín Gunnarsdóttir.

MENNTAMÁLANEFND:

Gunnar Birgisson, formaður,
Björgvin G. Sigurðsson,
Dagný Jónsdóttir, varaformaður,
Árni R. Árnason,
Katrín Júlíusdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Hjálmar Árnason,
Mörður Árnason.

SAMGÖNGUNEFND:

Guðmundur Hallvarðsson,
formaður,

Ásta R. Jóhannesdóttir,
Kristinn H. Gunnarsson,
varaformaður,

Guðjón Hjörleifsson,
Einar Már Sigurðarson,
Guðjón A. Kristjánsson,
Arnbjörg Sveinsdóttir,
Birkir J. Jónsson,
Jóhann Ársælsson.

SJÁVARÚTVEGSNEFND:

Guðjón Hjörleifsson, formaður,
Jóhann Ársælsson,
Kristinn H. Gunnarsson,
varaformaður,
Einar K. Guðfinnsson,
Kristján L. Möller,
Magnús Þór Hafsteinsson,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
Hjálmar Árnason,
Jón Gunnarsson.

UMHVERFISNEFND:

Sigríður A. Þórðardóttir,
formaður,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Dagný Jónsdóttir, varafor-
maður,

Árni R. Árnason,
Bryndís Hlöðversdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
Gunnar Birgisson,
Mörður Árnason.

UTANRÍKISMÁLANEFND:*Aðalmenn:*

Sólveig Pétursdóttir, formaður,
Guðmundur Árni Stefánsson,
Jónína Bjartmarz, varafor-
maður,

Árni R. Árnason,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon,
Einar K. Guðfinnsson,
Magnús Stefánsson,
Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Varamenn:

Drífa Hjartardóttir,
Össur Skarphéðinsson,
Hjálmar Árnason,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
Bryndís Hlöðversdóttir,
Guðjón A. Kristjánsson,
Gunnar Birgisson,
Dagný Jónsdóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson.

FUNDARTÍMAR FASTANEFNDA Á 130. ÞINGI

	<i>Mánudagar</i>	<i>Þriðjudagar</i>	<i>Miðvikudagar</i>	<i>Fimmtudagar</i>
08.30-10.00	Fjárln.	Efh.- og viðskn. Fjárln.	Iðnn. Heilbr.- og trn. Fjárln.	Samgn. Umhvn. Fjárln.
10.15-12.00	Fjárln. Sjútn.	Fjárln. Allshn. Félmn. Landbn.	Fjárln. Menntmn. Utanrmn.	

Á vorþingi er fundartími fjárlaganefndar kl. 12.00 á þriðjudögum.

Kjörbréfanefnd heldur fundi eftir þörfum.
Fundartími forsætisnefndar er fyrir hádegi á mánudögum.

Alþjóðanefndir Alþingis

(febrúar 2004)

ÍSLANDSDEILD ALÞJÓÐAÞINGMANNA- SAMBANÐSINS:

Aðalmenn:

Einar K. Guðfinnsson,
formaður,
Kristján L. Möller,
Hjálmar Árnason, varafor-
maður.

Varamenn:

Bjarni Benediktsson,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Magnús Stefánsson.

ÍSLANDSDEILD EVROÞURÁÐSÞINGSINS:

Aðalmenn:

Sólveig Pétursdóttir, formaður,
Össur Skarphéðinsson,
Kristinn H. Gunnarsson,
varaformaður.

Varamenn:

Árni R. Árnason,
Margrét Frímansdóttir,
Birkir J. Jónsson.

ÍSLANDSDEILD NATO-ÞINGSINS:

Aðalmenn:

Árni R. Árnason, formaður,
Guðmundur Árni Stefánsson,
varaformaður,
Magnús Stefánsson.

Varamenn:

Einar Oddur Kristjánsson,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Dagný Jónsdóttir.

ÍSLANDSDEILD NORÐURLANDARÁÐS:

Aðalmenn:

Drífa Hjartardóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir,
varaformaður,
Jónína Bjartmarz, formaður,
Sigríður A. Þórðardóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Steingrímur J. Sigfússon,
Sigurður Kári Kristjánsson.

Varamenn:

Arnbjörg Sveinsdóttir,
Mörður Árnason,
Kristinn H. Gunnarsson,

Bjarni Benediktsson,
Jón Gunnarsson,
Kolbrún Halldórsdóttir,
Pétur H. Blöndal.

ÍSLANDSDEILD

VESTNORRÆNA RÁÐSINS:

Aðalmenn:

Birgir Ármannsson, formaður,
Guðrún Ögmundsdóttir,
Hjálmar Árnason, varafor-
maður,
Einar Oddur Kristjánsson,
Margrét Frímannsdóttir,
Magnús Þór Hafsteinnsson.

Varamenn:

Gunnar Birgisson,
Anna Kristín Gunnarsdóttir,
Magnús Stefánsson,
Arnbjörg Sveinsdóttir,
Helgi Hjörvar,
Sigurjón Þórðarson.

ÍSLANDSDEILD ÞING- MANNANEFNDAR EFTA:

Aðalmenn:

Gunnar Birgisson, formaður,
Bryndís Hlöðversdóttir,
Birkir J. Jónsson, varafor-
maður,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
Lúðvík Bergvinsson.

Varamenn:

Birgir Ármannsson,
Björgvin G. Sigurðsson,
Jónína Bjartmarz,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Katrín Júlíusdóttir.

ÍSLANDSDEILD ÞING- MANNARÁÐSTEFNUNNAR UM NORÐURSKAUTSMÁL:

Aðalmenn:

Sigríður A. Þórðardóttir,
formaður,
Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Magnús Stefánsson, varafor-
maður.

Varamenn:

Einar K. Guðfinnsson,
Guðrún Ögmundsdóttir,
Dagný Jónsdóttir.

ÍSLANDSDEILD ÞINGS VESTUR-EVRÓPU- SAMBANDSINS:

Aðalmenn:

Bjarni Benediktsson, formaður,
Bryndís Hlöðversdóttir,
Guðjón Hjörleifsson, varafor-
maður.

Varamenn:

Drífa Hjartardóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir,
Guðmundur Hallvarðsson.

**ÍSLANDSDEILD ÞINGS
ÖRYGGIS- OG SAMVINNU-
STOFNUNAR EVRÓPU:**

Aðalmenn:

Pétur H. Blöndal, formaður,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Dagný Jónsdóttir, varafor-
maður.

Varamenn:

Guðlaugur Þór Þórðarson,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Hjálmar Árnason.

ÆVISKRÁR ALÞINGISMANNA
KJÖRINNA 10. MAÍ 2003





**ANNA KRISTÍN
GUNNARSDÓTTIR**
*6. þm. Norðvesturkjördæmis
Samfylking*

Alþm. Norðvest. síðan 2003 (Samf.).

Vþm. Norðurl. v. mars 1992, jan.–febr. 1994 (Alþb.) og apríl–maí 2002 (Samf.).

F. á Sauðárkróki 6. jan. 1952. For.: Gunnar Þórðarson (f. 6. október 1917) fyrrverandi yfirlögregluþjónn og bifreiðaeftirlitsmaður og k. h. Jófríður Björnsdóttir (f. 27. sept. 1927, d. 20. des. 2000) verkstjóri. M. (23. júní 1979) Sigurður Jónsson (f. 7. jan. 1952) kennari. For.: Jón Gíslason og k. h. Viktoría Kristín Guðmundsdóttir. Börn: Fríður Finna (1980), Gunnar (1983), Kristín Una (1987) og Sigyn Björk (1990).

Stúdentspróf MA 1972. Frönskunám við Université de Paris Cencier 1974 og 1975. B.Ed.-próf KHÍ 1979. Diplóma í menntunarfræðum KHÍ 1998. Meistaránám í menntunarfræðum KHÍ frá 1998. Ýmis námskeið í kennslufræðum 1980–1997.

Starfaði í gestamóttöku Hótel Sögu 1975–1979. Kennari við Gagnfræðaskóla Sauðárkróks 1979–1990. Kennari við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki í hlutastarfi 1979–1996. Framkvæmdastjóri Farskóla Norðurlands vestra – miðstöðvar símenntunar 1995–2003.

Bæjarfulltrúi á Sauðárkróki 1986–1998. Í héraðsnefnd Skagfirðinga 1994–1998. Fulltrúi menntamálaráðuneytisins á ársfundí Nordens folkliga akademi í Svíþjóð 1997–2002. Varamaður í stjórn Landssímans 1999–2001. Varamaður í stjórn Byggðastofn-

unar 1999–2003. Í útvarpsráði 1999–2003. Stjórnaði tilrauna-
verkefninu Learning Community innan Leonardo da Vinci starfs-
menntaáætlunar ESB 2000–2003.

Lögheimili: Ártúni 19, 550 Sauðárkróki. S. 453-5333, 864-
0601.

Dvalarheimili: Ægisíðu 121a, 107 Reykjavík. S. 562-0601.

Skrifstofa: Austurstræti 12.

Netfang: akg@althingi.is



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON
10. þm. Reykjavíkurrkjördæmis
suður
Samfylking

Alþm. Reykv. s. síðan 2003 (Samf.).

F. í Hamborg 10. mars 1977. For.: Ágúst Einarsson (f. 11. jan. 1952) alþm. og prófessor og k. h. Kolbrún Ingólfssdóttir (f. 10. mars 1943) sagnfræðingur og meinatæknir. K. (sambúð) Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (f. 23. maí 1978) laganemi. For.: Gunnlaugur A. Jónsson og k. h. Guðrún Helga Brynleifsdóttir. Dóttir: Elísabet Una (2002).

Stúdentspróf MR 1997. Lögfræðipróf HÍ 2003. BA-próf í hagfræði HÍ 2003.

Stundaði ýmis störf sumrin 1998–2001, m.a. sem blaðamaður á Degi, hjá fjármálaráðuneytinu, ríkisskattstjóra og við nýsköpunarverkefni um reglur um persónuvernd í íslenskum og alþjóðlegum rétti fyrir Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Í stjórn Röskvu, samtaka félagshyggjufólks í HÍ og stjórn ELSA-Ísland, samtaka evrópskra laganema á Íslandi 1999–2000. Í framkvæmdastjórn Sambands ungra jafnaðarmanna 1999–2000. Í stjórn Varðbergs, samtaka um vestræna samvinnu, síðan 2000, varaformaður þeirra síðan 2002. Varaformaður Ungra jafnaðarmanna 2000–2001, formaður 2001–2003. Í stjórn fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík síðan 2001.

Ritstjóri: Skólablað MR (1995). Hátíðartímarit ELSA-Ísland (1999). Pólitík.is (2000–2001). Pólitík, blað ungra jafnaðarmanna (2002). Í ritstjórn Úlfjóts (1999–2000).

Heimili: Framnesvegi 66, 107 Reykjavík. S. 552-1035, 899-4612.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: aoa@althingi.is

Vefsíða: www.agustolafur.is



ÁRNI R. ÁRNASON
2. þm. Suðurkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Reykn. 1991–2003, alþm. Suðurk. síðan 2003 (Sjálfstfl.).

F. á Ísafirði 4. ágúst 1941 (Árni Ragnar). For.: Árni Ólafsson (f. 4. nóv. 1919) skrifstofustjóri og k. h. Ragnildur Ólafsdóttir (f. 5. okt. 1918) húsmóðir. K. (24. nóv. 1962) Guðlaug Pálína Eiríksdóttir (f. 23. nóv. 1944) skrifstofumaður. For.: Eiríkur Björn Frið-

riksson og k. h. Jófríður Helgadóttir. Börn: Guðrún (1963), Hildur (1966), Björn (1971), Árni (1973).

Samvinnuskólapróf 1960.

Starfsmaður Sparisjóðsins í Keflavík 1960–1966. Fulltrúi og síðar útíbússtjóri Verslunarbanka Íslands í Keflavík 1966–1971. Rak eigin bókhaldsstofu í Keflavík og útibú víðar 1971–1985. Fjármálastjóri hjá varnarliðinu, Vörumarkaðnum og Ragnarsbakarí 1985–1988. Deildarstjóri hjá varnarliðinu 1988–1991. Í stjórn Hitaveitu Suðurnesja 1992–2003.

Formaður Heimis, félags ungra sjálfstæðismanna í Keflavík, 1966–1971. Í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna 1969 og fyrsti varaformaður þess 1971–1973. Fyrsti formaður kjördæmisamtaka ungra sjálfstæðismanna í Reykjaneskjördæmi 1973–1975. Í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Keflavík frá 1964, formaður þess 1987–1991. Í kjördæmisráði Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi frá 1966. Bæjarfulltrúi í Keflavík 1970–1978. Einn af stofnendum JC Suðurnesja og fyrsti forseti félagsins. Sat í landsstjórn JC Íslands um árabíl. Landsforseti íslensku JC-hreyfingarinnar 1976–1977.

Lögheimili: Vesturgötu 14, 230 Keflavík, Reykjanesbæ. S. 421-2823, 892-7615.

Dvalarheimili: Lækjasmára 8, 201 Kópavogi. S. 564-3265.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: ara@althingi.is

Vefsíða: www.althingi.is/ara



ÁRNI MAGNÚSSON
félagsmálaráðherra
11. þm. Reykjavíkurrkjördæmis
norður
Framsóknarflokkur

Alþm. Reykv. n. síðan 2003 (Framsfl.).

Félagsmálaráðherra í fjórða ráðuneyti Davíðs Oddssonar síðan 23. maí 2003.

F. í Reykjavík 4. júní 1965. For.: Magnús Bjarnfredsson (f. 9. febr. 1934) fréttamaður og starfsmaður Happpdrættis Háskóla Íslands og k. h. Guðrún Árnadóttir (f. 15. maí 1937) bókavörður. K. (28. júní 1997) Edda B. Hákonardóttir (f. 25. júní 1960) verslunarmaður. For.: Eiríkur Hákon Sumarliðason og Sigurbjörg Einarsdóttir. Börn: Sara Dögg (1994) og Árni Páll (1996). Dóttir Árna og Þuríðar Guðrúnar Aradóttur: Guðrún Magnea (1983). Stjúpsynir, synir Eddu: Björgvin (1981) og Hans Þór (1983).

Samvinnuskólapróf 1983. Ýmis námskeið í rekstrarfræði, stjórnun og stjórn málafræði við HÍ og HA.

Ýmis skrifstofustörf 1983–1987. Frétta-, blaða- og dagskrárgerðarmaður í útvarpi og sjónvarpi, á blöðum og tímaritum 1987–1994. Kosningastjóri Framsóknarflokksins í Suðurlandskjördæmi fyrir alþingiskosningar 1995. Aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra 1995–1999, aðstoðarmaður utanríkisráðherra 1999–2001. Framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins 2001–2003.

Í stjórn markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar 1995–1999. Formaður stjórnar Átaks til atvinnusköpunar 1995–1999. Varamaður í stjórn Norræna fjárfestingarbankans 1995–2000. Formaður nefndar um eflingu kvikmyndagerðar og nefndar

um eflingu tónlistariðnaðar 1996–1999. Formaður stjórnar orku-
leitarátaks 1997–1999. Formaður stjórnar kjördæmissambands
framsóknarfélaganna á Suðurlandi 1998–2001, bæjarfulltrúi í
Hveragerði 1998–2003, í héraðsnefnd Árneseinga 1998–2003, for-
maður stjórnar Heilsugæslunnar í Hveragerði 1998–2003. For-
maður stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar 1999–2003. Fulltrúi á
ársfundum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 1999 og
2000. Formaður bæjarráðs Hveragerðis, formaður stjórnar Hita-
veitu Hveragerðis og formaður stjórnar Listasafns Árneseinga
2002–2003. Varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og for-
maður EES-nefndar sambandsins 2002–2003.

Heimili: Lyngheiði 12, 810 Hveragerði. S. 483-4003.

Skrifstofa: Hafnarhúsinu, Tryggvagötu, s. 545-8105.

Netfang: arnimag@althingi.is



ÁRNI M. MATHIESEN
sjávarútvegsráðherra
1. þm. Suðvesturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

*Alþm. Reykn. 1991–2003, alþm. Suðvest. síðan 2003 (Sjálfstfl.).
Sjávarútvegsráðherra í þriðja og fjórða ráðuneyti Davíðs Oddsson-
ar síðan 28. maí 1999.*

F. í Reykjavík 2. okt. 1958 (Árni Matthías). For.: Matthías Á.
Mathiesen (f. 6. ágúst 1931) alþm. og ráðherra og k. h. Sigrún Þor-
gilsdóttir Mathiesen (f. 27. des. 1931) húsmóðir. K. (1. júní 1991)
Steinunn Kristín Friðjónsdóttir (f. 27. apríl 1960) flugfreyja. For.:

Friðjón Þórðarson alþm. og ráðherra og k. h. Kristín Sigurðardóttir. Dætur: Kristín Unnur (1996), Halla Sigrún (1997) og Arna Steinunn (2001).

Stúdentspróf Flensborgarskóla 1978. Embættispróf í dýralækningum frá háskólanum í Edinborg, Skotlandi, 1983. Próf í fisksjúkdómafræði frá Stirling-háskóla, Skotlandi, 1985.

Almenn dýralæknisstörf á Vopnafirði, í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu 1983–1985. Héraðsdýralæknir (án fastrar búsetu) jan.–júlí 1984. Dýralæknir fisksjúkdóma 1985–1995. Framkvæmdastjóri Faxalax hf. 1988–1989.

Oddviti Nemendafélags Flensborgarskóla 1977–1978. Formaður Stefnis, félags ungra sjálfstæðismanna í Hafnarfirði, 1986–1988. Varaformaður Sambands ungra sjálfstæðismanna 1985–1987. Í stjórn ábyrgðadeildar fiskeldislána 1990–1994. Í stjórn Dýralæknafélags Íslands 1986–1987. Í launamálaráði BHMR 1985–1987. Formaður handknattleiksdeildar FH 1988–1990. Í skólanefnd Flensborgarskóla 1990–1999. Í bankaráði Búnaðarbanka Íslands 1994–1998. Í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins 1994–1998. Formaður Dýraverndarráðs 1994–1999.

Heimili: Lindarbergi 18, 221 Hafnarfirði. S. 565-1158.

Skrifstofa: Skúlagötu 4, s. 545-8376.

Netfang: amm@althingi.is



ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR
4. þm. Reykjavíkurráðgjafi sýður
Samfylking

Alþm. Reykv. 1995–2003 (Þjóðv., JA., Samf.), alþm. Reykv. s. síðan 2003 (Samf.).

Vþm. Reykv. febr.–mars 1987, mars 1992 (Framsfl.).

F. í Reykjavík 16. okt. 1949 (Ásta Ragnheiður). For.: Jóhannes Bjarnason (f. 18. júlí 1920, d. 8. júní 1995) verkfræðingur og k. h. Margrét Sigrún Ragnarsdóttir (f. 7. nóv. 1924) húsmóðir. M. (29. des. 1973) Einar Örn Stefánsson (f. 24. júlí 1949) framkvæmdastjóri. For.: Stefán Þórður Guðjohnsen og k. h. Guðrún Gréta Runólfssdóttir. Börn: Ragna Björt (1972), Ingvi Snær (1976).

Stúdentspróf MR 1969. Nám í félagsvísindum og ensku HÍ 1969–1973. Þýskunámskeið í Lindau í Þýskalandi 1967. Leiðsögumannanámskeið 1979 í Háskóla Íslands og á Spáni. Ýmis stjórnunarnámskeið hjá Háskóla Íslands og Iðntæknistofnun 1987, 1990 og 1993–1994.

Flugfreyja hjá Loftleiðum 1969–1972. Plötusnúður í Glaumbæ frá 1969 þar til hann brann 1971. Kennari við Gagnfræðaskólann á Hellu 1974–1976. Kennari við Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði 1976–1979. Starfsmaður barnaársnefndar á Barnaári Sameinuðu þjóðanna 1979. Dagskrárgerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu 1971–1990. Fararstjóri fyrir Íslendinga erlendis 1980–1994. Deildarstjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins 1990–1995.

Í útvarpsráði 1987–1995. Í starfshópi um endurskoðun

Íslenskrar heilbrigðislöggjafar 1988. Í nefnd um eflingu heimilis-
iðnaðar 1991–1993. Í stjórn Landssambands framsóknarkvenna
1983–1989. Í stjórn Framsóknarfélags Reykjavíkur 1983–1994. Í
miðstjórn Framsóknarflokksins 1984–1995 og framkvæmdastjórn
(landsstjórn) flokksins 1986–1995. Í stjórn Friðarhreyfingar kvenna
1985–1988. Í undirbúningsnefnd fyrir alþjóðlegu kvennaráðstefnu-
una „Global forum for women“ í Dublin 1992. Í fulltrúaráði Sól-
heima frá 1993. Í stjórn Heilsugæslustöðvar Vesturbæjar, Míðbæj-
ar og Hlíðahverfis 1994. Í nefnd um endurskoðun almannatrygging-
ingalaga 1995. Í nefnd um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu
1995–1998. Í verkefnastjórn um heilsufar kvenna á vegum heil-
brigðisráðherra frá 2001. Á sæti á samráðsvettvangi um gerð ferða-
málaáætlunar frá 2004.

Hefur skrifað bókarkafla og fjölda greina um tryggingamál,
ferðamál og stjórnsmál.

Ritstjóri: Í ritstjórn 19. júní (1985). Almannatryggingar, tíma-
rit um velferðarmál (1994–1995).

Heimili: Garðastræti 43, 101 Reykjavík. S. 551-9494, 854-
6500, 894-6500.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: arj@althingi.is

Vefsíða: www.althingi.is/arj



BIRGIR ÁRMANNSSON

6. varaforseti

**11. þm. Reykjavíkurrkjördæmis
suður**

Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Reykv. s. síðan 2003 (Sjálfstfl.).

6. varaforseti Alþingis síðan 2003.

F. í Reykjavík 12. júní 1968. For.: Ármann Sveinsson (f. 14. apríl 1946, d. 10. nóv. 1968) laganemi og k. h. Helga Kjaran (f. 20. maí 1947) grunnskólakennari. K. Ragnhildur Hjördís Lövdahl (f. 1. maí 1971) starfsmaður sendiráðs Frakklands á Íslandi. For.: Ein- ar Lövdahl og k. h. Inga Dóra Gústafsdóttir. Dóttir: Erna (2003).

Stúdent MR 1988. Lögfræðipróf HÍ 1996. Hdl. 1999. Fram- haldsnám við King's College, London 1999–2000.

Blaðamaður á Morgunblaðinu 1988–1994. Starfsmaður Versl- unarráðs Íslands frá 1995, lögfræðingur ráðsins 1996–1998, skrif- stofustjóri 1998–1999 og aðstoðarframkvæmdastjóri 2000–2003.

Formaður Heimdallar 1989–1991. Í stjórn Vöku, félags lýð- ræðissinnaðra stúdenta og í stúdentaráði Háskóla Íslands 1989– 1990. Í umhverfismálaráði Reykjavíkur og skólanefnd Mennta- skólans í Reykjavík 1990–1994. Í stjórn Sambands ungra sjálf- stæðismanna 1991–1993 og 1995–1997. Í stjórn fulltrúaráðs sjálf- stæðisfélaganna í Reykjavík 1989–1991 og Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík 1998–2000. Í miðstjórn Sjálfstæð- isflokksins 1993–2003. Í skólanefnd Fjölbraitaskólans við Ármúla 1994–1999. Í stjórn Varðbergs, félags ungra áhugamanna um vest- ræna samvinnu 1993–2000, formaður 1998–2000. Í stjórn

ICEPRO, nefndar um rafræn viðskipti 1998–1999 og frá 2002. Í stjórn EAN á Íslandi frá 2003. Í stjórn Fjárfestingarstofu frá 2003.

Heimili: Víðimel 62, 107 Reykjavík. S. 552-4001, 899-2242.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: birgir@althingi.is



BIRKIR J. JÓNSSON
9. þm. Norðausturkjördæmis
Framsóknarflokkur

Alþm. Norðaust. síðan 2003 (Framsfl.).

F. á Siglufirði 24. júlí 1979 (Birkir Jón). For.: Jón Sigurbjörnsson (f. 24. okt. 1950) fjármálastjóri Menntaskólans við Hamrahlíð og k. h. Björk Jónsdóttir (f. 15. ágúst 1951) starfsmaður Íslandsbanka.

Stúdentspróf Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki 1999. Nám í stjórn málafræði HÍ frá 2000.

Vann í Sparisjóði Siglufjarðar með námi. Aðstoðarmaður félagsmálaráðherra 2001–2003.

Í stjórn félags ungra framsóknarmanna á Siglufirði frá 1999. Í stjórn Sambands ungra framsóknarmanna 1999–2001 og varaformaður þess 2002–2003. Í stjórn Varðbergs 2000–2002. Í úthlutunarnefnd styrktarsjóðs til atvinnumála kvenna og í stjórn hússjóðs Öryrkjabandalagsins 2001–2003. Í stjórn Íbúðalánasjóðs frá 2002. Nefndarmaður í Kvikmyndaskoðun 2002–2003. Formaður stjórnarnefndar um málefni fatlaðra 2003.

Lögheimili: Hvanneyrarbraut 58, 580 Siglufirði. S. 898-2446.
Dvalarheimili: Jötnaborgum 12, 112 Reykjavík. S. 587-2446.
Skrifstofa: Austurstræti 10A.
Netfang: birkir@althingi.is



BJARNI BENEDIKTSSON
11. þm. Suðvesturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Suðvest. síðan 2003 (Sjálfstfl.).

F. í Reykjavík 26. jan. 1970. For.: Benedikt Sveinsson (f. 31. júlí 1938) hæstaréttarlögmaður og k. h. Guðríður Jónsdóttir (f. 19. sept. 1938) húsmóðir. K. (22. júlí 1995) Þóra Margrét Baldvinsdóttir (f. 1. mars 1971) flugfreyja. For.: Baldvin Jónsson (f. 12. ágúst 1947) og k. h. Margrét S. Björnsdóttir (f. 24. desember 1946). Börn: Margrét (1991) og Benedikt (1998).

Stúdentspróf MR 1989. Lögfræðipróf HÍ 1995. Nám í þýsku og lögfræði í Þýskalandi 1995–1996. LL.M. gráða (Master of Laws) frá University of Miami School of Law í Bandaríkjunum 1997. Hdl. 1998. Löggiltur verðbréfamíðlari 1998.

Fulltrúi hjá Sýslumanninum í Keflavík 1995. Lögfræðingur hjá Eimskip 1997–1999. Lögmaður með eigin rekstur á Lex lögmannsstofu frá 1999. Faglegur framkvæmdastjóri Lex 2002–2003.

Í stjórn Hugins, félags ungra sjálfstæðismanna í Garðabæ 1991–1993, formaður 1993. Framkvæmdastjóri lögfræðiaðstoðar Orators, félags laganema 1994–1995. Varamaður í íþrótt- og

tómstundaráði Garðabæjar 1994–1998. Í stjórn Heilsugæslu Garðabæjar 1998–2002. Í skipulagsnefnd Garðabæjar frá 2002. Varaformaður flugráðs frá 2003. Formaður knattspyrnudeildar Ungmennafélagsins Stjörnunnar í Garðabæ frá 2003.

Heimili: Bakkaflöt 2, 210 Garðabæ. S. 565-6009.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: bjarniben@althingi.is



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON
7. þm. Suðurlandsþing
Samfylking

Alþm. Suðurk. síðan 2003 (Samf.).

Vþm. Suðurl. nóv. 1999, okt.–nóv. 2000, okt. 2001 og jan.–mars 2003.

F. í Reykjavík 30. okt. 1970 (Björgvin Guðni). For.: Sigurður Björgvinsson (f. 12. maí 1945) vélfræðingur og k. h. Jenný Jóhannsdóttir (f. 3. ágúst 1946) kennari. K. (sambúð): María Ragna Lúðvígsdóttir (f. 11. jan. 1970) tölvunarfræðingur. Dóttir: Guðrún Ragna (2003).

Stúdentspróf Fjölbrautaskóla Suðurlands 1993. BA-próf í sögu og heimspeki HÍ 1997.

Umsjónarmaður Þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal 1995–1997. Blaðamaður á Vikublaðinu 1996–1997. Ritstjóri Stúdentablaðsins 1997–1998. Framkvæmdastjóri Reykviskrar útgáfu 1999. Framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar og þingflokks Samfylkingarinnar

1999-2002. Kosningastjóri Samfylkingarinnar á Suðurlandi og í Árborg 1999 og 2002.

Lögheimili: Skarði, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 801 Selfossi.

Dvalarheimili: Skógarási 5, 110 Reykjavík. S. 557-4510, 899-9518.

Skrifstofa: Austurstræti 12.

Netfang: bgs@althingi.is

Vefsíða: www.bjorgvin.is



BJÖRN BJARNASON
dóms- og kirkjumálaráðherra
4. þm. Reykjavíkurráðgjafar
nordur
Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Reykv. 1991–2003, alþm. Reykv. n. síðan 2003 (Sjálfstfl.).
4. varaforseti Alþingis 1991–1992.

Menntamálaráðherra í öðru og þriðja ráðuneyti Davíðs Oddssonar frá 23. apríl 1995 til 2. mars 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðherra í fjórða ráðuneyti Davíðs Oddssonar síðan 23. maí 2003.

F. í Reykjavík 14. nóv. 1944. For.: Bjarni Benediktsson (f. 30. apríl 1908, d. 10. júlí 1970) alþm. og ráðherra og 2. k. h. Sigríður Björnsdóttir (f. 1. nóv. 1919, d. 10. júlí 1970) húsmóðir. K. (21. sept. 1969) Rut Ingólfssdóttir (f. 31. júlí 1945) fiðluleikari. For.: Ingólfur Guðbrandsson og k. h. Inga Þorgeirsdóttir. Börn: Sigríður Sól (1972), Bjarni Benedikt (1978).

Stúdentspróf MR 1964. Lögfræðipróf HÍ 1971. Hdl. 1979.

Útgáfustjóri Almenna bókafélagsins 1971–1974. Fréttastjóri erlendra fréttanna á Vísi 1974. Deildarstjóri í forsætisráðuneytinu 1974–1975, skrifstofustjóri 1975–1979. Blaðamaður á Morgunblaðinu 1979–1984, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins 1984–1991.

Formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands 1967–1968. Í stjórn Félagsstofnunar stúdenta 1968–1974, formaður 1972–1974. Í stjórn Landsmálafélagsins Varðar 1972–1974. Í stjórn Samtaka um vestræna samvinnu frá 1973, formaður 1982–1986. Í stjórn Þjóðháttíðarsjóðs 1977–1993, formaður 1977–1986. Í stjórn sjóðsins Þjóðháttíðargjöf Norðmanna 1976–1986. Í öryggismálanefnd ríkisstjórnarinnar 1980–1991. Skip. 1988 fulltrúi kirkjuráðs í ráðgjafarnefnd Rannsóknastofnunar í siðfræði. Stjórnarformaður Almenna bókafélagsins 1987–1991, í bókmenntaráði félagsins 1974–1987. Félagi í International Institute for Strategic Studies í London frá 1973. Í stjórn Sögufélags 1988–2001. Í Þingvallanefnd síðan 1991, formaður frá 1992. Skip. 1991 formaður þyrlunefndar. Skip. 1992 í þróunarnefnd Háskóla Íslands, í nefnd um öryggis- og varnarmál Íslands, í nefnd til að undirbúa lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu og í nefnd um stofnun Listaháskóla Íslands, formaður. Formaður ritnefndar vegna sögu Stjórnarráðsins frá 1999. Formaður Afslins, félags qí-gong iðkenda frá 2002. Í borgarstjórn Reykjavíkur frá 2002. Í borgarráði 2002–2003. Í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur 2002–2003. Í stjórnkerfisnefnd og almannavarnarnefnd Reykjavíkur 2002–2003. Í stjórn Aflvaka 2002–2003. Í samstarfsnefnd Reykjavíkurprófastsdæma 2003. Í stjórn Skipulagssjóðs Reykjavíkurborgar 2003.

Hefur birt á íslensku og öðrum málum rit og tímaritsgreinar um öryggismál Íslands og Norðurlanda, um önnur utanríkismál og stjórnsmál, auk fjölda blaðagreina.

Heimili: Háuhlíð 14, 105 Reykjavík. S. 551-2261.

Skrifstofa: Skuggasundi 3, s. 545-9005.

Netfang: bjb@althingi.is

Vefsíða: www.bjorn.is



BRYNDÍS HLÖÐVERSDÓTTIR
3. þm. Reykjavíkurdæmis
norður
Samfylking

Alþm. Reykv. 1995–2003 (Alþb., Samf.), alþm. Reykv. n. síðan 2003 (Samf.).

Formaður þingflokks Samfylkingarinnar 2001–2004.

F. á Selfossi 8. okt. 1960. For.: Hlöðver Kristjánsson (f. 11. des. 1925, d. 12. febr. 2003) öryggisfulltrúi og k. h. Kristjana Esther Jónsdóttir (f. 5. mars 1927) sjúkralíði. M. 1. (14. júlí 1984) Jól Jólsson (f. 3. okt. 1957) húsasmiður. Þau skildu. For.: Jól Sigurðsson og k. h. Sigurdís Sæmundsdóttir. M. 2. (29. des. 2001) Hákon Gunnarsson (f. 18. okt. 1959) viðskiptafræðingur. For.: Gunnar R. Magnússon og k. h. Sigurlaug S. Zophoníasdóttir. Synir: Hlöðver Skúli (1997) og Magnús Nói (1997).

Stúdentspróf Flensburg 1982. Lögfræðipróf HÍ 1992.

Stundaði skrifstofustörf í Reykjavík 1982–1987. Starfsmaður dómsmálaráðuneytis 1990–1992. Lögfræðingur hjá ASÍ 1992–1995.

Í stjórn Kvenréttindafélags Íslands 1992–1997, formaður 1995–1997. Í stjórn Ábyrgðasjóðs launa 1993–1995. Í nefnd um framkvæmd á samþykktum Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar 1992–1995. Í siðaráði landlæknis síðan 1994. Fulltrúi á Alþjóðavinnuumálaþinginu í Genf 1993–1995.

Heimili: Rekagranda 3, 107 Reykjavík. S. 553-3160, 699-3414.

Skrifstofa: Austurstræti 14.
Netfang: bryndish@althingi.is
Vefsíða: www.bryndis.is



DAGNÝ JÓNSDÓTTIR
8. þm. Norðausturkjördæmis
Framsóknarflokkur

Alþm. Norðaust. síðan 2003 (Framsfl.).

F. í Reykjavík 16. jan. 1976. For.: Jón Ingi Einarsson (f. 20. ágúst 1948) skólastjóri og k. h. Olga Aðalbjörg Björnsdóttir (f. 12. júlí 1946) húsmóðir og ræstitæknir.

Stúdentspróf frá Kvinnaskólanum í Reykjavík 1996. Stundar nám í íslensku við Háskóla Íslands.

Sumarvinna í Þýskalandi 1994 og 1995. Vann með skóla hjá Heilsugæslunni í Reykjavík 1996–1998 og Landsvirkjun 1998–2000. Framkvæmdastjóri stúdentaráðs Háskóla Íslands 2001–2002. Starfaði á skrifstofu Framsóknarflokksins 2002–2003.

Í stjórn Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík 1993–2001, formaður þess 1999–2000. Í miðstjórn Framsóknarflokksins og Sambands ungra framsóknarmanna síðan 1993. Í samráðsnefnd um Reykjavíkurlista 1998. Í stúdentaráði og háskólaráði Háskóla Íslands 2000–2002. Í kennslumálanefnd Háskóla Íslands, formaður menntamálanefndar stúdentaráðs Háskóla Íslands 2000–2001. Í húsnæðis- og skipulagsnefnd Háskóla Íslands og

byggingarnefnd Náttúrufræðahúss Háskóla Íslands 2001–2002.
Formaður Sambands ungra framsóknarmanna 2002–2003. Í fram-
kvæmdastjórn og landsstjórn Framsóknarflokksins 2002–2003.
Varaformaður félagsmálaráðs Reykjavíkurborgar 2002–2003.

Lögheimili: Réttarstíg 5, 735 Eskifirði. S. 476-0047.

Dvalarheimili: Keilugranda 8, 107 Reykjavík. S. 562-0547.

Skrifstofa: Austurstræti 10A.

Netfang: dagny@althingi.is

Vefsíða: www.xb.is/dagny



DAVÍÐ ODDSSON

forsætisráðherra

2. þm. Reykjavíkurborgardæmis

norður

Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Reykv. 1991–2003, alþm. Reykv. n. síðan 2003 (Sjálfstfl.).

Forsætisráðherra síðan 30. apríl 1991.

Ráðherra Hagstofu Íslands síðan 30. apríl 1991.

Fór með dóms- og kirkjumálaráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið frá 11. til 28. maí 1999.

Leikari og hvíslari hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1978–1979, leikari og bókhaldari í Alþýðuleikhúsinu 1979–1983. Fulltrúastörf á skrifstofu Listahátíðar Reykjavíkur, störf hjá Kvikmyndafélaginu Óðni og Kvikmynd og fulltrúastörf hjá Leiklistarskóla Íslands 1979–1983. Framkvæmdastjóri Kramhússins 1984–1985. Leikstjóri og leikari hjá Svörtu og sykurlausu 1983–1986. Dagskrágerðarmaður við Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp 1980–1990. Framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga 1988–1993. Fastaráðinn leikstjóri við Þjóðleikhúsið 1995–1998. Lausráðinn leikstjóri hjá Leikfélagi Akureyrar og hjá sjálfstætt starfandi atvinnuleikhópum 1980–1999, auk þess að hafa leikstýrt fjölda leiksyninga hjá skólaleikfélögum og áhugamannaleikfélögum um land allt. Kennsla á leiklistarnámskeiðum víða um land, í Færeyjum og á Írlandi.

Fulltrúi í skólanefnd Leiklistarskóla Íslands 1977–1978 og

1988–1993. Ritari IV. deildar Félags íslenskra leikara 1980–1981. Formaður IV. deildar Félags íslenskra leikara 1981–1982. Fulltrúi í Leiklistarsambandi Íslands 1988–1993. Í NAR, norrænu samstarfi áhugaleikfélaga 1988–1993. Í nefnd á vegum menntamálaráðuneytis um menntastefnu til 2000 (listgreinar) 1990 og nefnd á vegum menntamálaráðuneytis um endurskoðun leiklistarlaga 1994. Formaður framkvæmdastjórnar Leiklistarráðs 1990–1994. Varamaður í stjórn TDN, Teater og dans í Norden, norrænu leiklistar- og dansnefndarinnar 1997–2001. Gjaldkeri í stjórn Félags leikstjóra á Íslandi 1998–1999. Fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn Sorpu síðan 2002.

Hefur samið leikgerðir og handrit ýmissa leiksýninga.

Ritstjóri: Leiklistarblaðið (1988–1993).

Heimili: Fornhaga 21, 107 Reykjavík. S. 552-0381, 862-4808.

Skrifstofa: Vonarstræti 12.

Netfang: kolbrunh@althingi.is

Vefsíða: www.althingi.is/kolbrunh



KRISTINN H. GUNNARSSON
7. þm. Norðvesturkjördæmis
Framsóknarflokkur

Alþm. Vestf. 1991–2003 (Alþb., Ufl., Framsfl.), alþm. Norðvest. síðan 2003 (Framsfl.).

Formaður þingflokks Framsóknarflokksins 1999–2003.

F. í Reykjavík 19. ágúst 1952 (Kristinn Halldór). For.: Gunnar H. Kristinsson (f. 1. nóv. 1930, d. 27. ágúst 2000) hitaveitustjóri og k. h. Auðbjörg Brynjólfsdóttir (f. 1. nóv. 1929, d. 17. jan. 2000) starfsmaður heimilishjálpar í Reykjavík. K. 1. (17. júní 1976) Aldís Rögnvaldsdóttir (f. 29. mars 1956) framkvæmdastjóri. Þau skildu. For.: Rögnvaldur Karstein Guðmundsson og k. h. Erla Sigurgeirsdóttir. K. 2. Elsa B. Friðfinnsdóttir (f. 9. okt. 1959) hjúkrunarfræðingur. For.: Friðfinnur Friðfinnsson og k. h. Rannveig Ragnarsdóttir. Börn Kristins og Aldísar: Dagný (1978), Erla (1979), Rögnvaldur Karstein (1981), Rakel (1985).

Stúdentspróf MR 1972. BS-próf í stærðfræði HÍ 1979.

Kennari við Grunnskóla Tálknafjarðar 1973, Grunnskóla Bolungarvíkur 1974–1975 og 1979–1981, Gagnfræðaskóla Saudárkróks 1975–1976, við Ármúlaskóla og Fjölbrautaskólann í Breiðholti 1977–1979. Skrifstofustjóri hjá Jóni Fr. Einarssyni, byggingarþjónustu, í Bolungarvík 1981–1986, starfsmaður Bókhaldsþjónustunnar þar 1986–1991.

Bæjarfulltrúi í Bolungarvík 1982–1998, í bæjarráði 1986–1991, 1994–1995 og 1997–1998. Formaður stjórnar kjördæmisráðs Alþýðubandalagsins á Vestfjörðum 1982–1985. Formaður Verslunarmannafélags Bolungarvíkur 1982–1992. Formaður knattspyrnudeildar UMFB 1984–1988. Í framkvæmdastjórn Landssambands íslenskra verslunarmanna 1987–1991. Í flugráði 1987–1991. Í stjórnarnefnd um Skipaútgerð ríkisins 1989–1992. Í framkvæmdastjórn Alþýðubandalagsins 1989–1998. Í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins 1991–1995. Í stjórnskipaðri nefnd um sameiningu sveitarfélaga frá 1991. Í stjórn Byggðastofnunar 1995–1999, formaður stjórnar 2000–2002. Í framkvæmdastjórn, landsstjórn og miðstjórn Framsóknarflokksins frá 1999. Í tryggingaráði síðan 2003.

Ritstjóri: Vestfirðingur, mál gagn Alþýðubandalagsins á Vestfjörðum (1990–1998).

Lögheimili: Holtabrún 16, 415 Bolungarvík. S. 456-7437, 852-7630, 892-7630.

Dvalarheimili: Dofraborgum 16, 112 Reykjavík. S. 552-2248.
Skrifstofa: Austurstræti 10A.
Netfang: khg@althingi.is



KRISTJÁN L. MÖLLER
3. þm. Norðausturkjördæmis
Samfylking

Alþm. Norðurl. v. 1999–2003, alþm. Norðaust. síðan 2003 (Samf.).

F. á Siglufirði 26. júní 1953 (Kristján Lúðvík). For.: Jóhann G. Möller (f. 27. maí 1918, d. 25. júní 1997) verkstjóri og bæjarfulltrúi og k. h. Helena Sigtryggisdóttir (f. 21. sept. 1923) húsmóðir. K. (22. júlí 1978) Oddný Hervör Jóhannsdóttir (f. 19. okt. 1956) sölumaður. For.: Jóhann Kristjánsson og k. h. Evlalía Sigurgeirsdóttir. Synir: Jóhann Georg (1979), Almar Þór (1983) og Elvar Ingi (1988).

Próf frá Iðnskóla Siglufjarðar 1971. Kennarapróf frá Íþróttakennaraskóla Íslands 1976. Ýmis námskeið á sviði félags- og íþróttamála í Noregi og Svíþjóð 1977–1982.

Æskulýðs- og íþróttfulltrúi Siglufjarðar 1970–1974. Íþróttakennari í Bolungarvík 1976–1978. Íþróttfulltrúi Siglufjarðar 1978–1988. Verslunarstjóri í Rafbæ Siglufirði 1988–1990. Rak verslunina Siglósport 1990–1999.

Bæjarfulltrúi á Siglufirði 1986–1998, forseti bæjarstjórnar


1986–1987, 1990–1994 og 1994–1998. Bæjarráðsmaður 1986–1990. Formaður veitusölnunefndar Siglufjarðar 1991. Stjórnarmaður í Síldarverksmiðjum ríkisins 1986–1990. Í stjórn Þormóðs ramma Siglufirði 1982–1984. Í byggðanefnd forsætisráðherra 1998–1999.

Ritstjóri: Neisti Siglufirði, málagn siglufirskra jafnaðarmanna (síðan 1979).

Lögheimili: Laugarvegi 25, 580 Siglufirði. S. 467-1374, 864-2133, 854-1834.

Dvalarheimili: Marbakkabraut 32, 200 Kópavogi. S. 553-0864.
Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: klm@althingi.is



LÚÐVÍK BERGVINSSON
4. þm. Suðurkjördæmis
Samfylking

Alþm. Suðurl. 1995–2003 (Alþfl., JA., Samf.), alþm. Suðurk. síðan 2003 (Samf.).

F. í Kópavogi 29. apríl 1964 (Lúðvík Bergvin). For.: Bergvin Oddsson (f. 22. apríl 1943) skipstjóri og k. h. María Friðriksdóttir (f. 1. mars 1943). K. (27. sept. 2003) Þóra Gunnarsdóttir (f. 16. mars 1965). For.: Vilborg Bjarnadóttir og Gunnar Gunnarsson. Dóttir: Jóhanna Lea (2002). Fóstursonur: Theodór Gaukur Kristjánsson (1988).

Skipstjórnarréttindi á 30 tonna skip 1980. Stúdentspróf Fjölbautaskólanum á Akranesi 1985. Lögfræðipróf HÍ 1991.

Fulltrúi bæjarfógeta, síðar sýslumanns í Vestmannaeyjum 1991–1994, deildarstjóri hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins um sex mánaða skeið 1993–1994. Yfirlögfræðingur í umhverfisráðuneytinu 1994–1995. Í bæjarstjórn Vestmannaeyja frá 2002.

Lék með meistaraflokki ÍBV, ÍA, Leifturs og ÍK 1983–1991. Í auðlindanefnd forsætisráðherra 1998–2000.

Lögheimili: Illugagötu 36, 900 Vestmannaeyjum. S. 481-2188, 852-7639, 695-2500.

Dvalarheimili: Gnitanesi 8, 101 Reykjavík. S. 562-0011.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: ludvik@althingi.is

Vefsíða: www.bergmal.is



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON
9. þm. Suðurkjördæmis
Frjálsslyndi flokkurinn

Alþm. Suðurk. síðan 2003 (Frjálsl.).

Formaður þingflokks Frjálsslynda flokksins síðan 2004.

F. á Akranesi 29. maí 1964. For.: Hafsteinn Magnússon (f. 26. ágúst 1931, d. 28. jan. 1987) og k. h. Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir (f. 28. apríl 1935) hjúkrunarfræðingur. K. (sambúð) Ragnheiður Runólfsdóttir (f. 19. nóv. 1966) íþróttalíflelisfræðingur og sundþjálfari. For.: Runólfur Óttar Hallfredsson og k. h. Ragnheið-

ur Gísladóttir. Dætur Magnúsar og Elinar Hope: María (1990), Ína Katrín (1992). Dætur Magnúsar og Ragnheiðar: Anna Sara (2001) og Sigurjóna (2003). Stjúpsonur Magnúsar, sonur Ragnheiðar: Birgir Viktor (1994).

Búfræðingur með fiskeldi sem sérgrein frá Bændaskólanum á Hólum 1986. Cand. mag.-próf í fiskeldis- og rekstrarfræðum frá Héraðsháskóla Sogns og Firðafylkis í Noregi 1991. Cand. scient.-próf í fiskifræði frá Háskólanum í Björgvin 1994.

Starfaði við landbúnað, fiskvinnslu, sjómennsku og fiskeldi 1981–1989. Rannsóknamaður við Veiðimálastofnun og hafrannsóknastofnanir Íslands og Noregs 1989–1997. Rannsóknir og kennsla við Sjávarútvegsháskóla Noregs í Tromsø 1994–1997. Fréttaritari RÚV í Noregi 1997–1999. Blaðamaður hjá norska sjávarútvegsblaðinu Fiskaren og fréttamaður í sjónvarpi og útvarpi (RÚV) 1997–2003.

Hefur ritað fjölda greina um málefni tengd sjávarútvegi sem birst hafa í norskum og íslenskum fjölmiðlum.

Heimili: Háholti 33, 300 Akranesi. S. 431-1670, 864-5585.

Skrifstofa: Vonarstræti 12.

Netfang: magnush@althingi.is



MAGNÚS STEFÁNSSON
3. þm. Norðvesturkjördæmis
Framsóknarflokkur

Alþm. Vesturl. 1995–1999 og 2001–2003, alþm. Norðvest. síðan 2003 (Framsfl.).

Vp.m. Vesturl. okt. 2000 og jan.–febr. 2001.

F. í Reykjavík 1. okt. 1960. For.: Stefán Jóhann Sigurðsson (f. 17. sept. 1937) og k. h. Guðrún Alexandersdóttir (f. 14. ágúst 1935). K. (2. júlí 1988) Sigrún Drífa Óttarsdóttir (f. 9. júní 1965) bankastarfsmaður. For.: Óttar Guðlaugsson og Bára Guðmundsdóttir. Börn: Guðrún (1987), Guðmundur (1991).

Samvinnuskólaþróf 1980. Stúdentsþróf Samvinnuskólanum 1987. Rekstrarfræðipróf Samvinnuháskólanum 1990.

Starfsmaður búvörudeildar SÍS 1980–1981. Kennari við Grunnskóla Ólafsvíkur 1981–1982. Bæjarritari í Ólafsvík 1982–1985. Sjómennska 1987–1988. Sveitarstjóri í Grundarfirði 1990–1995. Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Selfossi 1999–2001.

Í héraðsnefnd Snæfellinga 1990–1995, formaður 1991–1995. Í stjórn Hraðfrystihúss Grundarfjarðar hf. 1992–1995 og í stjórn Fiskmarkaðar Breiðafjarðar hf. 1992–1996. Í atvinnumálanefnd Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi 1994–1995. Í stjórn Pósts og síma hf. 1996–1998, í stjórn Landssíma Íslands hf. 1998–2002. Í stjórn Raríks 1997–1999.

Lögheimili: Engihlíð 8, 355 Ólafsvík. S. 436-1024.

Dvalarheimili: Háaleitisbraut 28, 108 Reykjavík. S. 553-1524, 861-8889.

Skrifstofa: Austurstræti 10A.

Netfang: ms@althingi.is



MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR
1. þm. Suðurkjördæmis
Samfylking

Alþm. Suðurl. 1987–2003 (Alþb., Samf.), alþm. Suðurk. síðan 2003 (Samf.).

Vþm. Suðurl. okt. 1983 og okt. 1984–jan. 1985.

Formaður þingflokks Alþýðubandalagsins 1988–1992. Formaður þingflokks Samfylkingarinnar síðan 2004.

F. í Reykjavík 29. maí 1954 (Margrét Sæunn). Kjörfor.: Frímann Sigurðsson (f. 20. okt. 1916, d. 5. apríl 1992) yfirfangavörður á Litla-Hrauni og k. h. Anna Pálmey Hjartardóttir (f. 29. jan. 1910) húsmóðir, amma Margrétar. For.: Hannes Þór Ólafsson (f. 22. febr. 1930, d. 29. maí 1982) og Áslaug Sæunn Sæmundsdóttir (f. 22. ágúst 1936). M. 1. (3. júní 1972) Baldur Birgisson (f. 30. ágúst 1952) skipstjóri. Þau skildu. For.: Birgir Baldursson og k. h. Ingunn Sighvatsdóttir. M. 2. (12. ágúst 1990) Jón Gunnar Ottósson (f. 27. nóv. 1950) náttúrufræðingur, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands. For.: Ottó Jónsson og k. h. Rannveig Jónsdóttir. Börn Margrétar og Baldurs: Áslaug Hanna (1972), Frímann Birgir (1974). Stjúpbörn, börn Jóns Gunnars: Auður (1973), Rannveig (1978), Ari Klængur (1980).

Gagnfræðapróf og landspróf frá Gagnfræðaskóla Selfoss 1969. Nám í öldungadeild Fjölbautaskóla Suðurlands.


Störf hjá Hraðfrystihúsi Stokkseyrar, verslunarstörf. Kennari við grunnskóla Stokkseyrar, leiðbeinandi við félagsmálaskóla UMFÍ.

Oddviti Stokkseyrarhrepps 1982–1990. Í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna 1993–1995. Í stjórn og formaður kjördæmisráðs Alþýðubandalagsins á Suðurlandi. Í stjórn Alþýðubandalagsins 1983–1987. Formaður Alþýðubandalagsins 1995 fram að stofnun Samfylkingarinnar. Talsmaður Samfylkingarinnar í kosningunum 1999.

Heimili: Hraunbraut 38, 200 Kópavogi. S. 483-1244, 852-1776.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: margretf@althingi.is



MÖRÐUR ÁRNASON

7. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður Samfylking

Alþm. Reykv. s. síðan 2003 (Samf.).

Vþm. Reykv. nóv.–des. 1995 (Þjóðv.), febr. 1997 (JA.), nóv. 1999, mars–apríl 2001, jan.–febr. 2002 (Samf.).

F. í Reykjavík 30. okt. 1953. For.: Árni Björnsson (f. 16. jan. 1932) fræðimaður og rithöfundur og k. h. Vilborg Harðardóttir (f. 13. sept. 1935, d. 15. ágúst 2002) vþm. og blaðamaður. K. (6. júní 1998) Linda Vilhjálmstöttir (f. 1. júní 1958) sjúkraliði og skáld. For.: Vilhjálmur Ólafsson og k. h. Nonný Unnur Björnsdóttir. Dóttir: Ölrún (1971).

Stúdentspróf MR 1973. BA-próf í íslensku og málvísindum HÍ

og frá háskólanum í Ósló 1977. Framhaldsnám í málvísindum, Sorbonne-7, París, 1978–1981.

Starfsmaður Orðabókar Háskólans 1981–1984. Blaðamaður á Þjóðviljanum 1984–1989, ritstjóri 1988–1989. Upplýsingafulltrúi fjármálaráðherra 1989–1991. Ritstjóri við Bókaútgáfu Máls og menningar og Eddu-útgáfu hf. 1991–2003.

Heimili: Laugavegi 49, 101 Reykjavík. S. 551-1385, 896-1385.

Skrifstofa: Austurstræti 12.

Netfang: mordur@althingi.is



PÉTUR H. BLÖNDAL

**3. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður
Sjálfstæðisflokkur**

Alþm. Reykv. 1995–2003, alþm. Reykv. s. síðan 2003 (Sjálfstfl.).

F. í Reykjavík 24. júní 1944. For.: Haraldur H. J. Blöndal (f. 29. mars 1917, d. 22. júní 1964) sjómaður og verkamaður og k. h. Sigríður G. Blöndal (f. 5. sept. 1915, d. 29. júní 2000) skrifstofumaður. K. 1. (1. sept. 1968) Monika Blöndal (f. 31. jan. 1947) kennari. Þau skildu. For.: Fritz Dworzak og k. h. Maria Dworzak. K. 2. Guðrún Birna Guðmundsdóttir (f. 2. maí 1966) tölvunarfræðingur. Þau skildu. For.: Guðmundur Unnar Agnarsson og k. h. Ingveldur Björnsdóttir. Börn og kjörbörn Péturs og Moniku: Davíð (1972), Dagný (1972), Stefán Patrik (1976), Stella

María (1980). Börn Péturs og Guðrúnar Birnu: Baldur (1989), Eydís (1994).

Stúdentspróf MR 1965. Diplom-próf í eðlisfræði, stærðfræði og tölvufræði við Kölnarháskóla 1968. Diplom-próf í hagnýtri stærðfræði, líkindafræði, tölfræði, tryggingastærðfræði og alþýðu-tryggingum við Kölnarháskóla 1971. Doktorspróf við sama háskóla 1973.

Sérfræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands 1973–1975. Stundakennari við Háskóla Íslands 1973–1977. Forstjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna 1977–1984. Tryggingafræðileg ráðgjöf og útreikningar fyrir lífeyrissjóði og einstaklinga 1977–1994. Framkvæmdastjóri Kaupþings hf. 1984–1991. Kennari við Verslunarskóla Íslands 1991–1994. Starfandi stjórnarformaður Tölvusamskipta hf. 1994–1995.

Var í nefnd um gjaldhæfi og greiðsluhæfi váttryggingafélaga 1977. Formaður skattamálanefndar Sjálfstæðisflokksins 1981–1982. Í stjórn Húseigendafélagsins 1981–1992, lengst af formaður. Formaður framkvæmdanefndar Landssambands lífeyrissjóða 1980–1984. Formaður Landssambands lífeyrissjóða 1984–1990. Var í endurskoðunarnefnd lífeyriskerfisins 1984–1986. Í stjórn Verðbréfaþings Íslands 1985–1990. Í stjórn Félags íslenskra tryggingafræðinga af og til. Í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 1981–1988. Í stjórn Kaupþings hf. 1982–1986 og formaður nokkurra dótturfyrirtækja 1987–1991. Stjórnarformaður Silfurþings ehf. síðan 1988. Í nefnd um reglugerð fyrir húsbrefakerfið 1988. Í stjórn Tölvusamskipta hf. síðan 1990, lengst af formaður. Í stjórn SH-verktaka hf. 1991–1992. Stjórnarformaður Veðs hf. og Veðafis hf. 1992–1993. Í stjórn Sæplasts hf. 1991–1996. Varaformaður Marstars hf. 1994–1997. Í bankaráði Íslandsbanka hf. 1994–1995. Í stjórn SPRON frá 2003. Í nefnd um endurskoðun stærðfræðikennslu 1994–1998.

Hefur ritað greinar í blöð og tímarit um húsnæðismál, fjármál og lífeyrismál og flutt útlagsperindi um sama efni.

Heimili: Kringlunni 19, 103 Reykjavík. S. 568-0641, 699-1943.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: petur@althingi.is



**RANNVEIG
GUÐMUNDSDÓTTIR**
*4. þm. Suðvesturkjördæmis
Samfylking*

*Alþm. Reykn. 1989–2003 (Alþfl., JA., Samf.), alþm. Suðvest. síð-
an 2003 (Samf.).*

Vþm. Reykn. apríl 1988.

*Formaður þingflokks Alþýðuflokksins 1993–1994 og 1995–1996,
formaður þingflokks jafnaðarmanna 1996–1999 og formaður þing-
flokks Samfylkingarinnar 1999–2001.*

*Félagsmálaráðherra í fyrsta ráðuneyti Davíðs Oddssonar 12. nóv.
1994 til 23. apríl 1995.*

F. á Ísafirði 15. sept. 1940. For.: Guðmundur Kristján Guð-
mundsson (f. 15. ágúst 1897, d. 12. jan. 1961) skipstjóri þar og
k. h. Sigurjóna Guðmundína Jónasdóttir (f. 14. jan. 1903, d. 9.
sept. 1954) húsmóðir. M. (25. sept. 1960) Sverrir Jónsson (f. 9. júlí
1939) tæknifræðingur. For.: Jón H. Guðmundsson og k. h. Sigríð-
ur Jóhannesdóttir. Börn: Sigurjóna (1959), Eyjólfur Orri (1965),
Jón Einar (1976).

Landspróf frá Gagnfræðaskóla Ísafjarðar 1956. Námskeið í tölvufræðum í Ósló og Reykjavík 1970–1972.

Starfsmaður Pósts og síma á Ísafirði 1956–1962. Skrifstofu- og verslunarstörf 1962–1963 og 1967–1968. Starfsmaður tölvudeildar Loftleiða 1972–1976. Aðstoðarmaður félagsmálaráðherra 1988–1989.

Í bæjarstjórn Kópavogs 1978–1988, forseti bæjarstjórnar 1980–1981, 1982–1983 og 1986–1987. Formaður bæjarráðs Kópavogs 1987–1988. Í félagsmálaráði Kópavogs 1978–1986, formaður 1982–1986. Formaður stjórnar Örva, verndaðs vinnustaðar, 1982–1986. Í stjórn launanefndar sveitarfélaga 1986–1988. Í stjórn Sparisjóðs Kópavogs 1981–1983, 1984–1985 og 1986–1988. Formaður húsnæðismálastjórnar 1987–1989. Í flokksstjórn Alþýðuflokksins síðan 1978, varaformaður 1993–1994. Í sóknarnefnd Digraneskirkju frá 1997. Í stjórn Norræna menningarsjóðsins frá 1997, formaður frá 2004.

Heimili: Hlíðarvegi 61, 200 Kópavogi. S. 554-3638, 852-7640.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: rannveig@althingi.is

Vefsíða: www.althingi.is/rannveig



SIGRÍÐUR A. ÞÓRÐARDÓTTIR
6. þm. Suðvesturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

*Alþm. Reykn. 1991–2003, alþm. Suðvest. síðan 2003 (Sjálfstfl.).
Formaður þingflokks sjálfstæðismanna 1998–2003.*

F. á Siglufirði 14. maí 1946 (Sigríður Anna). For.: Þórður Þórðarson (f. 14. des. 1921) vélstjóri þar og k. h. Margrét Arnheiður Árnadóttir (f. 10. febr. 1923) húsmóðir og verkakona á sama stað. M. (10. sept. 1968) Jón Þorsteinsson (f. 19. febr. 1946) sóknarprestur í Mosfellsbæ. For.: Þorsteinn Matthíasson og k. h. Jófríður Jónsdóttir. Dætur: Jófríður Anna (1967), Þorgerður Sólveig (1975), Margrét Arnheiður (1978).

Stúdentspróf MA 1966. BA-próf í íslensku, sagnfræði og grísku frá HÍ 1977. Framhaldsnám við Minnesota-háskóla í Bandaríkjunum 1983.

Starfsmaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins 1966–1967 og 1969–1971. Kennari við Grunnskóla Eyrarsveitar í Grundarfirði 1975–1990 og Gagnfræðaskólann í Mosfellsbæ 1990–1991.

Í hreppsnefnd Eyrarsveitar í Grundarfirði 1978–1990, oddviti 1978–1982 og 1986–1988. Í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 1987–1991 og frá 1996. Formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna 1989–1991. Í framkvæmdastjórn Sjálfstæðisflokksins 1990–1991 og frá 1998. Formaður nefndar um mótun menntastefnu 1992–1994. Í þróunarnefnd Háskóla Íslands 1992–1995. Í stjórn Endurbótasjóðs menningarstofnana 1994–2002.

Í stjórn Norræna hússins frá 1994. Formaður stefnumótunarnefndar um endurskoðun aðalnámskráa 1996–1997. Í nefnd um endurskoðun kosningalaga síðan 1999. Forseti Norðurlandaráðs 2000–2001.

Heimili: Mosfelli, 270 Mosfellsbæ. S. 566-7107, 852-7636, 892-7636.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: sath@althingi.is



**SIGURÐUR KÁRI
KRISTJÁNSSON**

**10. þm. Reykjavíkurrkjördæmis
norður
Sjálfstæðisflokkur**

Alþm. Reykv. n. síðan 2003 (Sjálfstfl.).

F. í Reykjavík 9. maí 1973. For.: Kristján Ágúst Ögmundsson (f. 28. ágúst 1943) forstöðumaður og k. h. Elín Þórjónsdóttir (f. 17. júlí 1946) sjúkraliði. K. (sambúð) Friðrika Hjördís Geirsdóttir (f. 29. jan. 1978) háskólanemi. For.: Geir Gunnar Geirsson og k. h. Hjördís Gissurardóttir.

Stúdentspróf VÍ 1993. Lögfræðinám við Kapólska háskólann í Leuven í Belgíu 1997. Lögfræðiþróf HÍ 1998. Hdl. 1999.

Starfaði á lögmannsstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. meðfram laganámi. Fulltrúi á Lex lögmannsstofu 1998–1999, hdl. þar frá 1999. Stundakennari við Iðnskólann í Reykjavík 2001–2002.

Forseti Nemendafélags Verzlunarskóla Íslands 1992–1993. Formaður Orators, félags laganema 1995–1996. Framkvæmdastjóri lögfræðiaðstoðar Orators 1997–1998. Fulltrúi stúdenta í háskólaráði fyrir Vöku, félag lýðræðissinnaðra stúdenta 1995–1997. Í stjórn Heimdallar 1995–1997. Í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna 1997–1999, formaður 1999–2001. Í miðstjórn og framkvæmdastjórn Sjálfstæðisflokksins 1999–2001. Í stjórn Heimssýnar, hreyfingar sjálfstæðissinna í Evrópumálum frá 2002.

Ritstjóri: Í ritstjórn Úlfljóts (1996–1997).

Heimili: Freyjugötu 15, 101 Reykjavík. S. 551-4014, 894-4433, 820-4477.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: skk@althingi.is



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON
10. þm. Norðvesturkjördæmis
Frjálslyndi flokkurinn

Alþm. Norðvest. síðan 2003 (Frjálsl.).

F. í Reykjavík 29. júní 1964. For.: Þórður Áskell Magnússon (f. 29. des. 1922, d. 4. maí 1991) og k. h. Sigurlaug Sigurjónsdóttir (f. 15. apríl 1929). Börn: Sif (1994), Þórhallur (1995) og Sigrún (2004).

Stúdentspróf MR 1985. BS-próf í líffræði HÍ 1990. Framhaldsnám í fráveitu- og vatnshreinsifræðum (Water Pollution Control Technology) í Cranfield á Englandi.

Forfallakennari í Hólabrekkuskóla 1985–1986. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra frá 1992. Stundakennari við HÍ 1992–1994. Kennari við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra 1993–1994.

Lögheimili: Skagfirðingabraut 13, 550 Sauðárkróki. S. 453-6183, 893-0919.

Dvalarheimili: Einarsnesi 29, 101 Reykjavík.

Skrifstofa: Vonarstræti 12.

Netfang: sigurjon@althingi.is



SIV FRIDLEIFSDÓTTIR
umhverfisráðherra
5. þm. Suðvesturkjördæmis
Framsóknarflokkur

Alþm. Reykn. 1995–2003, alþm. Suðvest. síðan 2003 (Framsfl.).

Umvhverfisráðherra í þriðja og fjórða ráðuneyti Davíðs Oddssonar síðan 28. maí 1999; enn fremur samstarfsráðherra um norræn málefni.

F. í Ósló 10. ágúst 1962 (Björg Siv Juhlin). For.: Friðleifur Stefánsson (f. 23. júlí 1933) tannlæknir og k. h. Björg Juhlin Árnadóttir (f. 23. júní 1939) kennari. M. Þorsteinn Húnbogason (f. 24. sept. 1960) viðskiptafræðingur. For.: Húnbogi Þorsteinsson og k. h. Jóna Jónsdóttir. Synir: Húnbogi (1985), Hákon (1993).

Stúdentspróf MR 1982. BS-próf í sjúkraþjálfun HÍ 1986.

Sjúkraþjálfari hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra 1986–1988. Sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfari í Sjúkraþjálfun Reykjavíkur 1988–1995.

Í stjórn Badmintonsambands Íslands 1984–1985 og 1998–2001. Í samstarfsnefnd Norræna félagsins og Æskulýðssambands Íslands 1986–1995. Í sambandsstjórn Æskulýðssambands Íslands 1988–1990. Í framkvæmdastjórn Norræna félagsins 1989–1995. Í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar 1990–1998. Formaður SUF 1990–1992. Í framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins 1990–1992. Í miðstjórn Framsóknarflokksins frá 1995. Ritari Framsóknarflokksins frá 2001, í framkvæmdastjórn og landsstjórn frá sama tíma. Í nefnd um velferð barna og unglinga 1992. Formaður nefndar um starfsmat sem leiðar til að minnka launamun kynjanna 1995–1999. Formaður byggingarnefndar nýs Barnaspítala Hringins 1996–1999. Formaður nefndar um aukinn hlut kvenna í stjórnámálum 1998–1999. Í eftirlitsnefnd Norræna Fjárfestingarbankans 1995–1999.

Heimili: Bakkavör 34, 170 Seltjarnarnesi. S. 562-1741, 892-7646.

Skrifstofa: Vonarstræti 4, s. 545-8605.

Netfang: siv@althingi.is

Vefsíða: www.althingi.is/siv



SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR

3. varaforseti

*5. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður
Sjálfstæðisflokkur*

*Alþm. Reykv. 1991–2003, alþm. Reykv. s. síðan 2003 (Sjálfstfl.).
Vþm. Reykv. okt.–nóv., nóv.–des. 1987, jan., mars, apríl–maí, nóv.
1988, febr., mars, maí 1989, jan.–febr., mars–apríl, apríl–maí 1990.
3. varaforseti Alþingis síðan 2003.*

*Dóms- og kirkjumálaráðherra í þriðja ráðuneyti Davíðs Oddsson-
ar frá 28. maí 1999 til 23. maí 2003.*

F. í Reykjavík 11. mars 1952 (Sólveig Guðrún). For.: Pétur Hannesson (f. 5. maí 1924) deildarstjóri og k. h. Guðrún Margrét Árnadóttir (f. 24. okt. 1926) húsmóðir. M. (10. jan. 1976) Kristinn Björnsson (f. 17. apríl 1950) fyrrverandi forstjóri Skeljungs hf. For.: Björn Hallgrímsson og k. h. Emilía Sjöfn Kristinsdóttir. Börn: Pétur Gylfi (1975), Björn Hallgrímur (1979), Emilía Sjöfn (1981).

Stúdentspróf MR 1972. Lögfræðipróf HÍ 1977. Hdl. 1980.

Starfaði hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík 1977–1978. Fulltrúi á lögmannsstofu Ragnars Aðalsteinssonar hrl. 1979–1981. Kennari við Verslunarskóla Íslands 1983–1986.

Lögfræðingur mæðrastyrksnefndar í Reykjavík um tíma. Í borgarstjórn Reykjavíkur 1986–1990. Í félagsmálaráði Reykjavíkur og í byggingarnefnd heilsugæslustöðva í Reykjavík 1986–1990. Formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur 1986–1991. Varmaður í heilbrigðisráði Reykjavíkur 1986–1990. Í tryggingaráði 1987–1995, varaformaður 1991–1995. Formaður nefndar forsæt-

isráðherra um blýlaust bensín og umhverfisáhrif 1989. Varaformaður Landsmálafélagsins Varðar 1989–1992. Skip. 1992 í nefnd til að endurskoða útvarpslög.

Heimili: Fjólugötu 1, 101 Reykjavík. S. 553-1272.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: solveigp@althingi.is



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
5. þm. Norðausturkjördæmis
Vinstri breytingin – grænt framboð

Alþm. Norðurl. e. 1983–2003 (Alþb., Ób., Vg.), alþm. Norðaust. síðan 2003 (Vg.).

Formaður þingflokks Alþýðubandalagsins 1987–1988.

Landbúnaðar- og samgönguráðherra í öðru og þriðja ráðuneyti Steingríms Hermannssonar frá 28. sept. 1988 til 30. apríl 1991.

F. á Gunnarsstöðum í Þistilfirði 4. ágúst 1955 (Steingrímur Jóhann). For.: Sigfús A. Jóhannsson (f. 5. júní 1926) bóndi þar og k. h. Sigríður Jóhannesdóttir (f. 10. júní 1926) húsmóðir. K. (18. jan. 1985) Bergný Marvinsdóttir (f. 4. des. 1956) lækni. For.: Marvin Frímansson og k. h. Ingibjörg Helgadóttir. Börn: Sigfús (1984), Brynjólfur (1988), Bjartur (1992), Vala (1998).

Stúdentspróf MA 1976. B.Sc.-próf í jarðfræði HÍ 1981. Próf í kennslu- og uppeldisfræði HÍ 1982.

Vörubifreiðarstjóri á sumrum 1978–1982. Við jarðfræðistörf

og jafnframt íþróttafréttamaður hjá Sjónvarpi 1982–1983.

Fulltrúi nemenda í skólaráði MA 1975–1976. Í stúdentaráði 1978–1980. Hefur sinnt ýmsum trúnaðarstörfum innan ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar. Í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna 1983–1987. Kjörinn 1984 í samstarfsnefnd með Færeyingum og Grænlandingum um sameiginleg hagsmunamál. Varaformaður Alþýðubandalagsins 1989–1995. Formaður flokkahóps vinstri sósíalista í Norðurlandaráði 1998–2000. Formaður norræna ráðsins um málefni fatlaðra 1999–2000. Formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá stofnun flokksins í febrúar 1999.

Ritstörf: Róið á ný mið, sóknarfæri íslensks sjávarútvegs, 1996. Hefur ritað fjölda blaða- og tímaritsgreina.

Lögheimili: Gunnarsstöðum, 681 Þórshöfn. S. 468-1258, 852-7613, 896-2467.

Dvalarheimili: Þingaseli 6, 109 Reykjavík. S. 557-2533.

Skrifstofa: Vonarstræti 12.

Netfang: sjs@althingi.is



STURLA BÖÐVARSSON
samgönguráðherra
1. þm. Norðvesturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Vesturl. 1991–2003, alþm. Norðvest. síðan 2003 (Sjálfstfl.).

Vþm. Vesturl. febr.–mars 1984, apríl, okt.–nóv. 1985, apríl 1986, nóv.–des. 1987, landsk. vþm. jan.–febr. 1987.

2. varaforseti Alþingis 1991–1992 og 1995–1999, 4. varaforseti Alþingis 1992–1995.

Samgönguráðherra í þriðja og fjórða ráðuneyti Davíðs Oddssonar síðan 28. maí 1999.

F. í Ólafsvík 23. nóv. 1945. For.: Böðvar Bjarnason (f. 30. mars 1911, d. 15. maí 1986) byggingameistari í Ólafsvík og k. h. Elínborg Ágústsdóttir (f. 17. sept. 1922) húsmóðir. K. (19. nóv. 1967) Hallgerður Gunnarsdóttir (f. 13. des. 1948) lögfræðingur, fulltrúi hjá sýslumanninum í Kópavogi. For.: Gunnar Guðbjartsson vþm. og k. h. Ásthildur Teitsdóttir. Börn: Gunnar (1967), Elínborg (1968), Ásthildur (1974), Böðvar (1983), Sigríður Erla (1992).

Gagnfræðapróf Skógaskóla 1961. Sveinspróf í húsasmíði Iðnskólanum í Reykjavík 1966. Raungreinapróf Tækniskóla Íslands 1970. B.Sc.-próf í byggingatæknifræði Tækniskóla Íslands 1973.

Vann með námi við húsbyggingar hjá föður sínum í Ólafsvík. Störf á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen 1971–1974. Sveitarstjóri og síðar bæjarstjóri í Stykkishólmi 1974–1991. Stundakennari við Iðnskólann í Stykkishólmi 1978–1985.

Í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna 1970–1972. Í stjórn kjara-
deildar Tæknifræðingafélagsins 1973–1974. Formaður byggingar-
nefndar elliheimilis og grunnskóla- og íþróttahúss í Stykkishólmi
1975–1991. Í stjórn heilsugæslustöðvar Stykkishólms síðan 1975.
Í stjórn sjúkrahúss St. Franciskusreglunnar síðan 1975 og í
byggingarnefnd þess síðan 1981. Í fulltrúaráði Sambands íslenskra
sveitarfélaga 1978–1990 og í endurskoðunarnefnd sveitarstjórnar-
laga 1980–1983. Í stjórn Hótelis Stykkishólms 1980–1995. For-
maður fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins á Snæfellsnesi 1981–1983.
Formaður Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 1981–1982. For-
maður stjórnar landshafnar í Rífi 1984–1990 og í Hafnaráði ríkis-
ins 1986–1999. Í stjórn Flóabátsins Baldurs hf. 1987–1990. Í hús-
friðunarnefnd ríkisins 1987–1995. Formaður stjórnar Hafnasam-
bands sveitarfélaga 1988–1994. Formaður héraðsnefndar Snæfell-
inga 1989–1991 og í bæjarstjórn Stykkishólms 1990–1994. Í
stjórn Íslenska járnblendifélagsins 1992–1998. Formaður þjóð-
minjaráðs 1994–1998. Formaður nefndar um stofnun þjóðgarðs-
ins Snæfellsjökuls. Í stjórn Landsvirkjunar 1995–1997. Í stjórn
Rariks 1997–1999.

Ritstjóri: Snæfell, blað sjálfstæðismanna á Vesturlandi (síðan
1983).

Lögheimili: Ásklifi 20, 340 Stykkishólmi. S. 438-1274, 852-
1188.

Dvalarheimili: Reynimel 62, 107 Reykjavík. S. 562-4965.

Skrifstofa: Hafnarhúsinu, Tryggvagötu, s. 545-8210.

Netfang: sturla@althingi.is

Vefsíða: www.sturla.is



TÓMAS INGI OLRICH
menntamálaráðherra til
31. desember 2003
6. þm. Norðausturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

*Alþm. Norðurl. e. 1991–2003, alþm. Norðaust. 2003 (Sjálfstfl.).
Menntamálaráðherra í þriðja og fjórða ráðuneyti Davíðs Odds-
sonar frá 2. mars 2002 til 31. des. 2003.*

F. á Akureyri 13. febr. 1943. For.: Henry Olich (f. 12. sept. 1908) framkvæmdastjóri í Noregi og Margrét Steingrímsdóttir (f. 27. mars 1912, d. 8. júlí 1995) klæðskerameistari og verslunar-
maður á Akureyri. K. 1. (8. ágúst 1964) Hjördís Daníelsdóttir (f. 26. ágúst 1945) röntgentæknir. Þau skildu. For.: Daníel Helga-
son og k. h. Helga Blöndal. K. 2. (20. júní 1981) Nína Þórðar-
dóttir (f. 10. des. 1946) starfsmaður Ríkisútvarpsins á Akureyri.
For.: Þórður Gunnarsson og k. h. Guðrún Ísberg. Dætur Tómasar
og Hjördísar: Margrét (1964), Helga (1965). Dætur Nínu af fyrra
hjónabandi: Sunna Guðrún Sigurðardóttir (1972), Vala Þóra Sig-
urðardóttir (1977).

Stúdentspróf MA 1963. Nám í frönsku og sagnfræði við HÍ
1963–1964. Nám í frönsku og frönskum bókmenntum, ensku og
atvinnulandafræði við Montpellier-háskóla í Frakklandi. Licence ès
lettres-próf 1967, Maître ès lettres modernes 1970.

Kennari við Menntaskólann á Akureyri 1970–1991, aðstoðar-
skólameistari 1973–1983. Hótelstjóri Hótel Eddu Akureyri
1971–1973. Ritsstjóri Íslendinga á Akureyri 1984–1985.

Formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga 1983–1991. Í stjórn
Skógræktarfélags Íslands 1985–1991. Formaður háskólanefndar

Akureyrar 1985–1987. Sat í fyrstu stjórn Háskólans á Akureyri 1988–1990. Í stjórn Knattspyrnufélags Akureyrar 1988–1991. Formaður skipulagsnefndar Akureyrar 1990–1991. Í stjórn Slippstöðvarinnar á Akureyri 1991–1992. Í Rannsóknaráði ríkisins 1991–1993. Formaður Ferðamálaráðs Íslands 1999–2002, varaformaður þess 1993–1999.

Afsalaði sér þingmennsku frá 1. jan. 2004.



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR
idnaðar- og viðskiptaráðherra
1. þm. Norðausturkjördæmis
Framsóknarflokkur

Alþm. Norðurl. e. 1987–2003, alþm. Norðaust. síðan 2003 (Framsfl.).

Vþm. Norðurl. e. apríl 1984.

2. varaforseti Sp. 1988–1989 og 1990–1991, 1. varaforseti Alþingis 1992–1995.

Formaður þingflokks Framsóknarflokksins 1995–1999.

Idnaðar- og viðskiptaráðherra í þriðja og fjórða ráðuneyti Davíðs Oddssonar síðan 31. des. 1999.

F. á Lómatjörn í Grýtubakkahreppi 23. mars 1950. For.: Sverrir Guðmundsson (f. 10. ágúst 1912, d. 6. jan. 1992) oddviti og bóndi þar og k. h. Jórlaug Guðrún Guðnadóttir (f. 9. maí 1910, d. 15. apríl 1960) húsmóðir. M. (29. júní 1974) Arvid Kro (f. 13. sept. 1952) bóndi á Lómatjörn. For.: Magne Kro og k. h. Ingrid

Kro. Dætur: Anna Valdís (1978), Ingunn Agnes (1982), Lilja Sólveig (1989).

Próf frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1967. Þýskunám við Berlitz-skóla í Hamborg 1968–1969, enskunám við Richmond-skóla í London 1971–1972.

Ritari hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1967–1968. Ritari kaupfélagsstjóra KEA 1969–1970. Læknaritari á Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Akureyri 1970–1971. Kennari við Grenivíkurskóla 1972–1976, í hlutastarfi 1977–1982. Húsmóðir og bóndi á Lómatjörn síðan 1974.

Í stjórn Kaupfélags Eyfirðinga 1981–1992. Í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga 1985–1992. Í stjórn Kjördæmissambands framsóknarmanna í Norðurlandskjördæmi eystra 1983–1987, formaður stjórnar 1985–1986. Í stjórn Slippstöðvarinnar á Akureyri 1989–1991. Í miðstjórn Framsóknarflokksins síðan 1983, vararitari flokksins 1990–1992. Í skólanefnd Samvinnuháskólans 1990–1996, formaður 1995–1996. Í stjórn Norræna menningar-sjóðsins 1991–1993 og 1995–1999, formaður 1995.

Lögheimili: Lómatjörn, Grýtubakkahreppi, 601 Akureyri. S. 463-3244.

Dvalarheimili: Hjarðarhaga 19, 107 Reykjavík. S. 551-9549.

Skrifstofa: Arnarholi, s. 545-8545.

Netfang: valgsv@althingi.is

Vefsíða: www.valgerdur.is



**ÞORGERÐUR K.
GUNNARSDÓTTIR**
menntamálaráðherra
8. þm. Suðvesturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

*Alþm. Reykn. 1999–2003, alþm. Suðvest. síðan 2003 (Sjálfstfl.).
Menntamálaráðherra í fjórða ráðuneyti Davíðs Oddssonar síðan
31. des. 2003.*

F. í Reykjavík 4. okt. 1965 (Þorgerður Katrín). For.: Gunnar H. Eyjólfsson (f. 24. febr. 1926) leikari og k. h. Katrín Arason (f. 12. des. 1926) deildarstjóri hjá Flugmálastjórn. M. (18. júlí 1987) Kristján Arason (f. 23. júlí 1961) viðskiptafræðingur. For.: Ari Magnús Kristjánsson og k. h. Hulda Júlíana Sigurðardóttir. Börn: Gunnar Ari (1995), Gísli Þorgeir (1999), Katrín Erla (2003).

Stúdentspróf MS 1985. Lögfræðipróf HÍ 1993.

Lögfræðingur hjá Lögmonnum Höfðabakka 1993–1994. Yfirmaður samfélags- og dægurmáladeildar Ríkisúttvarpsins 1997–1999.

Í stjórn Orators, félags laganema við HÍ 1989–1990. Í stjórn Stefnis, félags ungra sjálfstæðismanna í Hafnarfirði 1993–1994. Varaformaður stjórnar fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði 1993–1994. Í stjórn Vinnumálastofnunar frá 1997. Í stjórn LÍN frá 1997. Í nefnd á vegum menntamálaráðuneytis um fjölmiðla og konur. Ýmis störf á vegum íþróttahreyfingarinnar.

Hefur ritað ýmsar greinar í héraðs- og landsmálablöð.

Heimili: Tjarnarbraut 7, 220 Hafnarfirði. S. 565-1009, 897-6989, 854-6508.

Skrifstofa: Sölvhólgötu 4, s. 545-9505.

Netfang: thkg@althingi.is



**ÞÓRUNN
SVEINBJARNARDÓTTIR**
*7. þm. Suðvesturkjördæmis
Samfylking*

*Alþm. Reykn. 1999–2003, alþm. Suðvest. síðan 2003 (Samf.).
Vþm. Reykv. apríl og nóv. 1996 (Kvennal.).*

F. í Reykjavík 22. nóv. 1965. For.: Sveinbjörn Hafliðason (f. 20. júní 1939) aðallögfræðingur Seðlabanka Íslands og k. h. Anna Huld Lárusdóttir (f. 22. mars 1944) skrifstofukona hjá Styrktarfélagi vangefinna. Dóttir: Hrafnhildur Ming (2002).

Stúdentspróf MR 1984. Stjórn málafræðingur frá Háskóla Íslands 1989 og Johns Hopkins-háskóla, Bandaríkjunum 1990.

Starfsmaður við móttöku víetnamskra flóttamanna til Íslands hjá Rauða krossi Íslands 1991–1992. Í starfsþjálfun á upplýsingaskrifstofu EFTA í Genf 1992. Framkvæmdastýra Samtaka um kvennalista 1992–1995. Upplýsingafulltrúi Alþjóðasambands Rauða krossins í Tansaníu 1995–1996. Verkefnastörf fyrir Rauða kross Íslands 1996. Upplýsingafulltrúi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Aserbaídsjan 1996–1997. Annar tveggja kosningastjóra Reykjavíkurlistans fyrir borgarstjórnarkosningarnar 1998. Blaðamaður á Morgunblaðinu 1998–1999.

Formaður Samfélagsins, félags nema í stjórn mála-, félags- og mannfræði við HÍ 1986–1987. Fulltrúi Félags vinstri manna í stúdentaráði og varamaður í háskólaráði 1987–1989. Formaður Röskvu, samtaka félagshyggjufólks í HÍ 1988. Í stjórn Evrópusamtakanna 1995–1997 og talskona þeirra 1996. Í stjórn Hlaðvarpan

1994–1997, formaður stjórnar 1996–1997. Varamaður í útvarpsráði 1993–1995, aðalmaður í útvarpsráði 1995–1997. Fulltrúi Kvinnalistasans í nefnd um endurskoðun kosningalaga 1998–1999.

Heimili: Arnarási 19, 210 Garðabæ. S. 551-7922.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: tsv@althingi.is

Vefsíða: www.althingi.is/tsv



ÞURÍÐUR BACKMAN

5. varaforseti

10. þm. Norðausturkjördæmis

Vinstri hreyfingin – grænt framboð

Alþm. Austurl. 1999, alþm. Norðaust. síðan 2003 (Vg.).

Vþm. Austurl. mars 1992, okt.–nóv. 1993, nóv. 1994, nóv. 1995, okt. 1996, okt.–nóv. 1997 (Alþb.) og nóv. 1998 (Óh.).

5. varaforseti Alþingis síðan 2003.

F. í Reykjavík 8. jan. 1948. For.: Ernst Fridolf Backman (f. 21. okt. 1920) íþróttakennari og k. h. Ragnheiður Jónsdóttir (f. 10. apríl 1928) sjúkraliði. M. (6. jan. 1973) Björn Kristleifsson (f. 1. des. 1946) arkitekt. For.: Kristleifur Jónsson og k. h. Sigríður Jensdóttir. Börn: Ragnheiður (1966), Kristleifur (1973), Þorbjörn (1978).

Próf frá Hjúkrunarskóla Íslands 1973. Framhaldsnám í hand- og lyflækningahjúkrun 1983. Diplóma frá Norræna heilbrigðis-háskólanum 1992.

Hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri á Borgarspítalanum 1973–1980. Hjúkrunarfræðingur við Heilsuverndarstöðina í

Reykjavík og Heilsugæslustöðina Asparfelli 1980–1982 og við sjúkrahúsið á Egilsstöðum 1983–1985. Hjúkrunarforstjóri Heilsugæslustöðvarinnar á Egilsstöðum 1985–1988 og hjúkrunarfræðingur þar 1988–1990. Fræðslufulltrúi Krabbameinsfélags Íslands 1990–1996. Hjúkrunarfræðingur við Heilsugæslustöðina á Egilsstöðum/Heilbrigðisstofnun Austurlands 1994–1999.

Formaður Krabbameinsfélags Héraðssvæðis 1986–2000. Í Ferðamálaráði 1989–1993. Í bæjarstjórn Egilsstaða 1990–1998, þar af forseti hennar 1994–1998. Varamaður í tryggingaráði 1995–1999. Í stjórn Listskreytingasjóðs 1997–1999 og tóbaksvarnanefnd 1997–1999. Í stjórn Krabbameinsfélags Íslands 1997–1999. Í verkefnisstjórn Staðardagskrár 21 1998–2000.

Lögheimili: Hjarðarhlíð 7, 700 Egilsstöðum. S. 471-1531, 861-9031.

Dvalarheimili: Lönguhlíð 19, 105 Reykjavík. S. 562-1531.

Skrifstofa: Vonarstræti 12.

Netfang: thback@althingi.is



ÖGMUNDUR JÓNASSON

*9. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður
Vinstri hreyfingin – grænt framboð*

Alþm. Reykv. 1995–2003 (Alþb. og óh., Óh., Vg.), alþm. Reykv. s. síðan 2003 (Vg.).

Formaður þingflokks óháðra 1998–1999. Formaður þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs síðan 1999.

F. í Reykjavík 17. júlí 1948. For.: Jónas B. Jónsson (f. 8. apríl 1908) fræðslustjóri og k. h. Guðrún Ö. Stephensen (f. 30. okt. 1914) húsmóðir. K. (2. ágúst 1974) Valgerður Andrésdóttir (f. 12. jan. 1949) erfðafræðingur. For.: Andrés Björnsson og k. h. Margrét Helga Vilhjálmisdóttir. Börn: Andrés (1974), Guðrún (1979), Margrét Helga (1981).

Stúdentspróf MR 1969. MA-próf í sagnfræði og stjórnmálafræði Edinborgarháskóla, Skotlandi, 1974.

Kennari við grunnskóla Reykjavíkur 1971–1972. Rannsóknir við Edinborgarháskóla og ýmis hlutastörf 1974–1978. Fréttamaður Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og síðan sjónvarps 1978–1988, í Kaupmannahöfn 1986–1988. Stundakennari við Háskóla Íslands síðan 1979. Formaður BSRB síðan 1988.

Heimili: Grímshaga 6, 107 Reykjavík. S. 552-1115, 525-8300, 854-6503, 894-6503.

Skrifstofa: Vonarstræti 12.

Netfang: ogmundur@althingi.is

Vefsíða: www.ogmundur.is



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
*1. þm. Reykjavíkurkjördæmis
norður
Samfylking*

Alþm. Reykv. 1991–2003 (Alþfl., JA., Samf.), alþm. Reykv. n. síðan 2003 (Samf.).

2. varaforseti neðri deildar 1991.

Formaður þingflokks Alþýðuflokksins 1991–1993.

Umhverfissráðherra í fyrsta ráðuneyti Davíðs Oddssonar frá 14. júní 1993 til 23. apríl 1995.

F. í Reykjavík 19. júní 1953. For.: Skarphéðinn Össurarson (f. 30. júlí 1916, d. 5. apríl 2004) búfræðingur og kjötiðnaðarmaður og k. h. Valgerður Magnúsdóttir (f. 16. ágúst 1928) húsmóðir. K. (26. febr. 1975) Árný Erla Sveinbjörnsdóttir (f. 20. júní 1953) doktor í jarðfræði, deildarstjóri á Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. For.: Sveinbjörn Einarsson og k. h. Hulda Hjörleifsdóttir. Dætur: Birta Marsíla (1994) og Ingveldur Esperansa (1998).

Stúdentspróf MR 1973. BS-próf í líffræði HÍ 1979. Doktorspróf í lífeðlisfræði með fiskeldi sem sérgrein frá Háskólanum í East Anglia, Englandi, 1983. Styrkþegi British Council við framhaldsrannsóknir 1983–1984.

Ritstjóri Þjóðviljans 1984–1987. Lektor við Háskóla Íslands 1987–1988. Aðstoðarforstjóri Reykvískrar endurtryggingar 1989–1991. Ritstjóri Aþýðublaðsins 1996–1997 og DV 1997–1998.

Formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands 1976–1977. Í miðstjórn Alþýðubandalagsins 1985–1987, framkvæmdastjórn Alþýðubandalagsins 1985 og 1986. Í flokksstjórn Alþýðuflokksins 1991–1993. Í Þingvallanefnd síðan 1995. Formaður Samfylkingarinnar frá stofnun flokksins í maí 2000.

Höfundur bókarinnar Urriðadans sem kom út 1996.

Heimili: Vesturgötu 73, 101 Reykjavík. S. 552-7363, 892-7633.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: ossur@althingi.is

Æviágrip nýs þingmanns



ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR
6. þm. Norðausturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Austurl. 1995–2003, alþm. Norðaust. síðan 1. jan. 2004 (Sjálfstfl.).

Vþm. Norðaust. nóv.–des. 2003.

F. í Reykjavík 18. febr. 1956. For.: Sveinn Guðmundsson (f. 25. nóv. 1922, d. 13. okt. 1995) framkvæmdastjóri og k. h. Guðrún Björnsdóttir (f. 15. apríl 1929, d. 1. sept. 1971) húsmóðir. M. (27. des. 1975) Garðar Rúnar Sigurgeirsson (f. 30. júlí 1953) framkvæmdastjóri. For.: Sigurgeir Garðarsson og k. h. Brynhildur Ragna Finnsdóttir. Börn: Guðrún Ragna (1976), Brynhildur Bertha (1980).

Stúdentspróf MR 1976. Laganám HÍ 1980–1982.

Fiskvinnslustörf o.fl. á skólaárum. Starfsmaður afgreiðslu Smyrils og Eimskips 1975–1979. Kennari við Seyðisfjarðarskóla 1976–1977. Fulltrúi í launadeild Ríkisspítalanna 1977–1980. Verslunar- og skrifstofustörf 1982–1983. Skrifstofustörf hjá Fiskvinnslunni hf. og Gullbergi hf. 1983–1990. Skrifstofu- og fjármálastjóri Fiskiðjunnar Dvergasteins hf. 1990–1995.

Í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 1986–1998, forseti hennar 1994–1996. Í stjórn Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi, formaður 1991–1992. Á sama tíma formaður Landshlutasamtaka sveitarfé-

laga. Formaður stjórnskipaðrar nefndar um framhaldsnám á Austurlandi. Í skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum 1991–1995. Í stjórn Héraðsskjalasafns Austurlands 1994–1997. Í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins frá 1995. Í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins 1995–1998 og stjórn Íbúðalánasjóðs 1999–2000. Í stjórn Byggingastofnunar frá 2000. Í stjórn Rariks frá 2003.

Lögheimili: Austurvegi 30, 710 Seyðisfirði. S. 472-1216, 898-6242, 853-6242.


Dvalarheimili: Granaskjóli 42, 107 Reykjavík. S. 561-3439, 852-7648.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: arnbjorg@althingi.is

Tók seti á Alþingi 1. jan. 2004 við afsögn Tómasar Inga Olrichs.

Æviskrár þingmanna sem tóku sæti á Alþingi á síðasta kjörtímabili



KARL V. MATTHÍASSON
2. þm. Vestfjarðakjördæmis
2001–2003
Samfylking

Alþm. Vestf. 2001–2003 (Samf.).

Vþm. Vestf. júní 1999 og febr.–mars 2000.

F. á Akureyri 12. ágúst 1952 (Karl Valgarður). For.: Matthías Björnsson (f. 9. des. 1921) kennari, loftskeytamaður og vélstjóri, og k. h. Fjóla Guðjónsdóttir (f. 3. maí 1933) húsmóðir og leiðbeinandi. K. (5. júlí 1980) Sesselja Björk Guðmundsdóttir (f. 30. apríl 1959) húsmóðir og leikskólakennari. For.: Guðmundur Þórðarson og k. h. Anna Sesselja Þórðardóttir. Börn: Arnar Valur (1987), Pétur (1994), Fjóla (1996).

Stúdentspróf MR 1974. Guðfræðipróf HÍ 1987.

Kennari við Barnaskólann í Ólafsvík 1974–1975, Laugargerðisskóla í Eyjahreppi 1976–1977 og Grunnskóla Eyrarsveitar 1979–1981. Sjómennska á netabátum og togurum. Gerði út handfærabát frá Hellnum undir Jökli. Sóknarprestur Staðarprestakalls í Súgandafirði 1987–1989, Ísafjarðarprestakalls 1989–1991, Tálkna-fjarðarprestakalls 1991–1995 og Setbergsprestakalls síðan 1995.

Formaður Ungmennafélagsins Trausta 1979–1981. Í stjórn SÁÁ 1989–1993. Formaður Prestafélags Vestfjarða 1989–1994. Fundarritari hreppsnefndar Eyrarsveitar 1995–1997. Formaður Hallgrímsdeildar Prestafélags Íslands 1999–2001. Í stjórn Byggðastofnunar 1999–2001. Í tryggingaráði síðan 2003.

Tók sæti á Alþingi 12. febr. 2001 við afsögn Sighvats Björgvins-sonar.



KJARTAN ÓLAFSSON
4. þm. Suðurlandskjördæmis
2001–2003
Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Suðurl. 2001–2003 (Sjálfstfl.).

Vþm. Suðurl. okt. 2000 og síðan maí 2003.

F. í Reykjavík 2. nóv. 1953. For.: Ólafur Jónsson (f. 29. mars 1922) framkvæmdastjóri og k. h. Hugborg Benediktsdóttir (f. 27. febr. 1922) húsmóðir. K. (27. des. 1980) Arna Kristín Hjaltadóttir (f. 28. sept. 1957) skrifstofumaður. For.: Hjalti Þórðarson og k. h. Elínbjörg Ólöf Guðjónsdóttir. Börn: Hjalti Jón (1980), Hugborg (1982), Herdís Ólöf (1986).

Próf frá Garðyrkjuskóla ríkisins 1974 og garðyrkjuskólunum í Söhus og Beder í Danmörku 1975 og 1976.

Ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands 1976–1986. Fjármálastjóri Búnaðarsambandi Suðurlands 1986–1998. Framkvæmdastjóri Steypustöðvar Suðurlands síðan 1998.

Í stjórn Skógræktarfélags Íslands 1979–1984. Í stjórn Félags ungra sjálfstæðismanna í Suðurlandskjördæmi og formaður þess um fjögurra ára skeið. Í stjórn Landgræðslusjóðs 1979–1984. Í stjórn Skógræktarfélags Árnesinga síðan 1981, formaður 1981–1996. Í stjórn sjálfstæðisfélagsins Óðins á Selfossi um sex ára skeið. Í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins 1988–1993. Formaður heilbrigðisnefndar Ölfushrepps 1990–1998. Formaður Sambands garðyrkjubænda 1990–2002. Í stjórn réttargeðdeildarinnar að Sogni 1992–1996. Formaður kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandskjördæmi 1994–1995. Fulltrúi á búnaðarþingi 1995–2003. Í stjórn hestamannafélagsins Sleipnis um tveggja ára skeið. Formaður umhverfisnefndar sveitarfélagsins Ölfuss frá 1998. Í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins frá 2000.

Tók sæti á Alþingi 2. ágúst 2001 við afsögn Árna Johnsens.



SIGRÍÐUR INGVARSDÓTTIR
4. þm. Norðurlandskjördæmis
vestra 2001–2003, 1. þm. 2003
Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Norðurl. v. 2001–2003 (Sjálfstfl.).

Vþm. Norðurl. v. febr.–mars 2000.

F. á Húsavík 15. maí 1965. For.: Ingvar Hólmgeirsson (f. 15. júní 1936) útgerðarmaður og k. h. Björg Gunnarsdóttir (f. 11. jan. 1939, d. 13. júlí 2000). M. 1. (4. júlí 1992) Hermann Einarsson (f. 10. mars 1963) sölumaður. Þau skildu. For.: Einar Hermanns-

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra.

Guðmundur Í. Guðmundsson utanríkisráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 31. ágúst 1965.

Emil Jónsson sjávarútvegs- og félagsmálaráðherra.

Hann tók við öðru ráðuneyti 31. ágúst 1965.

Gunnar Thoroddsen fjármálaráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 8. maí 1965.

Gylfi Þ. Gíslason mennta- og viðskiptamálaráðherra.

Ingólfur Jónsson landbúnaðar- og samgöngumálaráðherra.

Hann fór einnig með orkumál, fram til ársloka 1969.

Jóhann Hafstein dóms- og kirkjumálaráðherra.

Hann fór einnig með iðnaðarmál, og iðnaðarráðuneytið frá 1. janúar 1970.

Breyting 8. maí 1965:

Magnús Jónsson fjármálaráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands frá 1. janúar 1970.

Breyting 31. ágúst 1965:

Emil Jónsson utanríkisráðherra.

Hann fór einnig með félagsmálaráðuneytið frá 1. janúar 1970.

Eggert G. Þorsteinsson sjávarútvegs- og félagsmálaráðherra.

Hann fór með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið í stað félagsmálaráðuneytis frá 1. janúar 1970.

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra lést 10. júlí 1970 og er ráðuneytið kennt við hinn nýja forsætisráðherra, Jóhann Hafstein, frá þeim tíma.

23. Ráðuneyti Jóhanns Hafsteins
10. júlí 1970 – 14. júlí 1971
(*Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur.*)

Jóhann Hafstein forsætisráðherra.

Hann fór einnig með iðnaðarráðuneytið, svo og dóms- og kirkjumálaráðuneytið til 10. október 1970.

Emil Jónsson utanríkis- og félagsmálaráðherra.

Eggert G. Þorsteinsson sjávarútvegs-, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Gylfi Þ. Gíslason menntamála- og viðskiptaráðherra.

Ingólfur Jónsson landbúnaðar- og samgönguráðherra.

Magnús Jónsson fjármálaráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands.

Breyting 10. október 1970:

Auður Auðuns dóms- og kirkjumálaráðherra.

Ráðuneytið fékk lausn 15. júní 1971 en gegndi störfum til 14. júlí 1971.

24. Fyrra ráðuneyti Ólafs Jóhannessonar
14. júlí 1971 – 28. ágúst 1974
(*Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag*
og Samtök frjálslyndra og vinstri manna.)

Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra.

Hann fór einnig með dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Einar Ágústsson utanríkisráðherra.

Halldór E. Sigurðsson fjármála- og landbúnaðarráðherra.

Hannibal Valdimarsson félagsmála- og samgönguráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 16. júlí 1973.

Lúðvík Jósepsson sjávarútvegs- og viðskiptaráðherra.

Magnús Kjartansson heilbrigðis- og tryggingamála- og iðnaðarráðherra.

Magnús Torfi Ólafsson menntamálaráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands, svo og félagsmála- og samgönguráðuneytið frá 6. maí 1974.

Breyting 16. júlí 1973:

Björn Jónsson félagsmála- og samgönguráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 6. maí 1974.

Ráðuneytið fékk lausn 2. júlí 1974 en gegndi störfum til 28. ágúst 1974.

25. Ráðuneyti Geirs Hallgrímssonar

28. ágúst 1974 – 1. september 1978

(Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur.)

Geir Hallgrímsson forsætisráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands.

Einar Ágústsson utanríkisráðherra.

Gunnar Thoroddsen iðnaðar- og félagsmálaráðherra.

Halldór E. Sigurðsson landbúnaðar- og samgönguráðherra.

Matthías Bjarnason sjávarútvegs-, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Matthías Á. Mathiesen fjármálaráðherra.

Ólafur Jóhannesson dóms- og kirkjumála- og viðskiptaráðherra.

Vilhjálmur Hjálmarsson menntamálaráðherra.

Ráðuneytið fékk lausn 27. júní 1978 en gegndi störfum til 1. september 1978.

26. Síðara ráðuneyti Ólafs Jóhannessonar

1. september 1978 – 15. október 1979

*(Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag
og Alþýðuflokkur.)*

Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands.

Benedikt Gröndal utanríkisráðherra.

Hjörleifur Guttormsson iðnaðarráðherra.

Kjartan Jóhannsson sjávarútvegsráðherra.

Magnús H. Magnússon félagsmála- og heilbrigðis- og tryggingamála-
ráðherra.

Ragnar Arnalds menntamála- og samgönguráðherra.

Steingrímur Hermannsson dóms- og kirkjumála- og landbúnaðar-
ráðherra.

Svavar Gestsson viðskiptaráðherra.

Tómas Arnason fjármálaráðherra.

Ráðuneytið fékk lausn 12. október 1979 en gegndi störfum til
15. október 1979.

27. Ráðuneyti Benedikts Gröndals
15. október 1979 – 8. febrúar 1980
(*Alþýðuflokkur.*)

Benedikt Gröndal forsætisráðherra.

Hann fór einnig með utanríkisráðuneytið.

Bragi Sigurjónsson landbúnaðar- og iðnaðarráðherra.

Kjartan Jóhannsson sjávarútvegs- og viðskiptaráðherra.

Magnús H. Magnússon félagsmála-, heilbrigðis- og tryggingamála-
og samgönguráðherra.

Sighvatur Björgvinsson fjármálaráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands.

Vilmundur Gylfason dóms- og kirkjumála- og menntamálaráð-
herra.

Ráðuneytið fékk lausn 4. desember 1979 en gegndi störfum til
8. febrúar 1980.

28. Ráðuneyti Gunnars Thoroddsens

8. febrúar 1980 – 26. maí 1983

(Ráðherrar úr Sjálfstæðisflokki,
Framsóknarflokkur og Alþýðubandalag.)

Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands.

Ólafur Jóhannesson utanríkisráðherra.

Friðjón Þórðarson dóms- og kirkjumálaráðherra.

Hjörleifur Guttormsson iðnaðarráðherra.

Ingvar Gíslason menntamálaráðherra.

Pálmi Jónsson landbúnaðarráðherra.

Ragnar Arnalds fjármálaráðherra.

Steingrímur Hermannsson sjávarútvegs- og samgönguráðherra.

Svavar Gestsson félagsmála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Tómas Arnason viðskiptaráðherra.

Ráðuneytið fékk lausn 28. apríl 1983 en gegndi störfum til 26. maí 1983.

29. Fyrsta ráðuneyti Steingríms Hermannssonar

26. maí 1983 – 8. júlí 1987

(Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur.)

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra.

Geir Hallgrímsson utanríkisráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 24. janúar 1986.

Albert Guðmundsson fjármálaráðherra.

Hann tók við öðru ráðuneyti 16. október 1985.

Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra.

Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra.

Jón Helgason landbúnaðar- og dóms- og kirkjumálaráðherra.

Matthías Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamála- og samgönguráðherra.

Hann tók við öðru ráðuneyti 16. október 1985.

Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands. Hann fékk lausn frá embætti 16. október 1985.

Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðherra.

Hún tók við öðru ráðuneyti 16. október 1985.

Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra.

Hann tók við öðru ráðuneyti 16. október 1985.

Breyting 16. október 1985:

Albert Guðmundsson iðnaðarráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 24. mars 1987.

Matthías Bjarnason samgöngu- og viðskiptaráðherra.

Ragnhildur Helgadóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra.

Þorsteinn Pálsson fjármálaráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands. Hann tók við nýju ráðuneyti 24. mars 1987.

Breyting 24. janúar 1986:

Matthías Á. Mathiesen utanríkisráðherra.

Breyting 24. mars 1987:

Þorsteinn Pálsson fjármála- og iðnaðarráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands.

Ráðuneytið fékk lausn 28. apríl 1987 en gegndi störfum til 8. júlí 1987.

***30. Ráðuneyti Þorsteins Pálssonar
8. júlí 1987 – 28. september 1988
(Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur
og Alþýðuflokkur.)***

Þorsteinn Pálsson forsætisráðherra.

Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra.

Birgir Ísl. Gunnarsson menntamálaráðherra.

Friðrik Sophusson iðnaðarráðherra.

Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Jón Baldvin Hannibalsson fjármálaráðherra.

Jón Helgason landbúnaðarráðherra.

Jón Sigurðsson dóms- og kirkjumála- og viðskiptaráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands.

Matthías Á. Mathiesen samgönguráðherra.

Ráðuneytið fékk lausn 17. september 1988 en gegndi störfum til 28. september 1988.

**31. Annað ráðuneyti Steingríms Hermannssonar
28. september 1988 – 10. september 1989**

*(Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur
og Alþýðubandalag.)*

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands.

Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra.

Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Halldór Ásgrímsson sjávarútvegs-, dóms- og kirkjumálaráðherra.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Jón Sigurðsson viðskipta- og iðnaðarráðherra.

Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra.

Steingrímur J. Sigfússon landbúnaðar- og samgönguráðherra.

Svavar Gestsson menntamálaráðherra.

Ráðuneytið fékk lausn 10. september 1989.

**32. Þriðja ráðuneyti Steingríms Hermannssonar
10. september 1989 – 30. apríl 1991**

*(Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur,
Alþýðubandalag og Borgaraflokkur.)*

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands frá 23. febrúar 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra.

Guðmundur Bjarnason heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Jón Sigurðsson viðskipta- og iðnaðarráðherra.

Júlíus Sólnes ráðherra Hagstofu Íslands.

Hann tók við nýju ráðuneyti 23. febrúar 1990.

Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra.

Óli P. Guðbjartsson dóms- og kirkjumálaráðherra.

Steingrímur J. Sigfússon landbúnaðar- og samgönguráðherra.

Svavar Gestsson menntamálaráðherra.

Breyting 23. febrúar 1990:

Júlíus Sólnes umhverfisráðherra.

Ráðuneytið fékk lausn 23. apríl 1991 en gegndi störfum til 30. apríl 1991.

33. Fyrsta ráðuneyti Davíðs Oddssonar

30. apríl 1991 – 23. apríl 1995

(Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur.)

Davíð Oddsson forsætisráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands.

Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra.

Eiður Guðnason umhverfisráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 14. júní 1993.

Friðrik Sophusson fjármálaráðherra.

Halldór Blöndal landbúnaðar- og samgönguráðherra.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Hún fékk lausn frá embætti 24. júní 1994.

Jón Sigurðsson viðskipta- og iðnaðarráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 14. júní 1993.

Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra.

Sighvatur Björgvinsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Hann tók við öðru ráðuneyti 14. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson sjávarútvegs-, dóms- og kirkjumálaráðherra.

Breyting 14. júní 1993:

Guðmundur Árni Stefánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Hann tók við öðru ráðuneyti 24. júní 1994.

Sighvatur Björgvinsson viðskipta- og iðnaðarráðherra.

Hann tók við nýju ráðuneyti 24. júní 1994.

Össur Skarphéðinsson umhverfisráðherra.

Breyting 24. júní 1994:

Sighvatur Björgvinsson viðskipta- og iðnaðar- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Guðmundur Árni Stefánsson félagsmálaráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 12. nóvember 1994.

Breyting 12. nóvember 1994:

Rannveig Guðmundsdóttir félagsmálaráðherra.

Ráðuneytið fékk lausn 18. apríl 1995 en gegndi störfum til 23. apríl 1995.

34. Annað ráðuneyti Davíðs Oddssonar

23. apríl 1995 – 28. maí 1999

(*Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur.*)

Davíð Oddsson forsætisráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands.

Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra.

Björn Bjarnason menntamálaráðherra.

Finnur Ingólfsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Friðrik Sophusson fjármálaráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 16. apríl 1998.

Guðmundur Bjarnason landbúnaðar- og umhverfisráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 11. maí 1999 og tók þá Halldór

Ásgrímsson við ráðuneytum hans.

Halldór Blöndal samgönguráðherra.

Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra.

Þorsteinn Pálsson sjávarútvegs-, dóms- og kirkjumálaráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 11. maí 1999 og tók þá Davíð Oddsson við ráðuneytum hans.

Breyting 16. apríl 1998:

Geir H. Haarde fjármálaráðherra.

Ráðuneytið fékk lausn 28. maí 1999.

35. Þriðja ráðuneyti Davíðs Oddssonar

28. maí 1999 – 23. maí 2003

(*Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur.*)

Davíð Oddsson forsætisráðherra.

Hann fór einnig með Hagstofu Íslands.

Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra.

Árni M. Mathiesen sjávarútvegsherra.

Björn Bjarnason menntamálaráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 2. mars 2002.

Finnur Ingólfsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 31. desember 1999.

Geir H. Haarde fjármálaráðherra.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra.

Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Hún vék úr ráðherraembætti um sinn frá 23. janúar 2001 vegna veikinda og gegndi Halldór Ásgrímsson ráðherraembætti hennar þar til hún kom á ný til starfa. Hún fékk lausn frá embætti 14. apríl 2001.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra.

Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra.

Sólveig Pétursdóttir dóms- og kirkjumálaráðherra.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.

Breyting 31. desember 1999:

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Breyting 14. apríl 2001:

Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Breyting 2. mars 2002:

Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra.

Ráðuneytið fékk lausn 23. maí 2003.

36. Fjórða ráðuneyti Davíðs Oddssonar

Skipað 23. maí 2003

(Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur.)

Davíð Oddsson forsætisráðherra.

Hann fer einnig með Hagstofu Íslands.

Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra.

Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra.

Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra.

Geir H. Haarde fjármálaráðherra.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra.

Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.

Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra.

Hann fékk lausn frá embætti 31. desember 2003.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Breyting 31. desember 2003:

Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

VIÐAUKI

Stjórnir, nefndir og ráð kosin af Alþingi

(mars 2004)

FJÖLSKYLDURÁÐ (síðast kosið 13. des. 2002).

Kosning tveggja manna í fjölskylduráð að viðhafðri hlutfallskosningu skv. ályktun Alþingis frá 13. maí 1997 um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar:

Soffía Gísladóttir félagsmálastjóri, Húsavík, Þráinn Hallgrímsson skrifstofustjóri.

GRÆNLANDSSJÓÐUR (síðast kosið 14. des. 2001).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. jan. 2002 til 31. des. 2004, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 102 31. des. 1980, um Grænlandssjóð.

Aðalmenn: Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður, Bryndís Kristjánsdóttir blaðamaður, Sigurrós Þorgrímsdóttir bæjarfulltrúi, Haraldur Ólafsson, fyrrv. prófessor, Gunnlaugur Haraldsson þjóðháttufræðingur.

Varamenn: Ellen Ingvadóttir dómtúlkur, Gestur Gestsson stjórn málafræðingur, Baldur Þórhallsson lektor, Anna Jensdóttir kennari, Pétur Bjarnason framkvæmdastjóri.

KJARADÓMUR (síðast kosið 16. des. 2000).

Kosning tveggja dómenda og tveggja varadómenda í Kjaradóm til fjögurra ára frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2004, skv. 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1992 um Kjaradóm og kjaranefnd.

Aðalmenn: Óttar Yngvason hæstaréttarlögmaður, Jón Sveinsson héraðsdómslögmaður.

Varamenn: Hólmfríður Árnadóttir viðskiptafræðingur, Þuríður Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður.

KRISTNIHÁTÍÐARSJÓÐUR (kosið 1. mars 2001).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Kristnihátíðarsjóðs, skv. 3. gr. laga um Kristnihátíðarsjóð.

Aðalmenn: Anna Soffía Hauksdóttir verkfræðingur, Anna Agnarsdóttir sagnfræðingur, Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Varamenn: Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, Jón Páll Halldórsson, fyrrv. framkvæmdastjóri, Þóra Guðmundsdóttir arkitekt.

LANDSDÓMUR (síðast kosið 16. júní 1999).

Kosning átta manna í landsdóm og jafnmargra varamanna til sex ára, skv. 2. gr. laga nr. 3 19. febrúar 1963, um landsdóm.

Aðalmenn: Linda Rós Michaelsdóttir kennari, Fannar Jónasson viðskiptafræðingur, Halla Aðalsteinsdóttir húsfrú, Margrét Kristinsdóttir húsfrú, Dögg Pálsdóttir lögfræðingur, Ragnar Arnalds, fyrrv. alþingismaður, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, fyrrv. alþingismaður, Barði Friðriksson.

Varamenn: Hörður Pálsson bakameistari, Ástríður Grímsdóttir lögmaður, Már Pétursson héraðsdómari, Björn Jóhannesson héraðsdómslögmaður, Bjarni Helgason garðyrkjubóndi, Lára V. Júlíusdóttir, Salóme B. Guðmundsdóttir, Hlöðver Kjartansson.

LANDSKJÖRSTJÓRN (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn: Hervör Lilja Þorvaldsdóttir héraðsdómari, Elsa Þorkelsdóttir, Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður, Gísli Baldur Garðarsson, Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður.

Varamenn: Hrafnhildur Stefánsdóttir lögfræðingur, Guðríður Þorsteinsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir, Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður, Hlöðver Kjartansson.

MENNINGARSJÓÐUR (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Menningarsjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 2. gr. laga nr. 79 18. maí 1993, um Menningarsjóð.

Aðalmenn: Bessí Jóhannsdóttir sagnfræðingur, Jakob Frímann Magnússon, Kári Bjarnason handritavörður.

Varamenn: Katrín Fjeldsted, Eiríkur Bergmann Einarsson, Inga Steinunn Ólafsdóttir framkvæmdastjóri.

NEFND UM ERLENDA FJÁRFESTINGU (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Aðalmenn: Sigurður B. Stefánsson framkvæmdastjóri, Einar Karl Haraldsson, Jón Sveinsson lögmaður, Ellert B. Schram, Adolf H. Berndsen framkvæmdastjóri.

Varamenn: Sigríður Arnbjarnardóttir, Ásgeir Magnússon, Púriður Jónsdóttir lögmaður, Brynja Magnúsdóttir, Bryndís Haraldsdóttir.

SEÐLABANKI ÍSLANDS (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 26. gr. laga nr. 36 22. maí 2001, um Seðlabanka Íslands.

Aðalmenn: Ólafur G. Einarsson, fyrrv. alþingismaður, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Helgi S. Guðmundsson framkvæmdastjóri, Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor, Sigríður Stefánsdóttir sviðsstjóri, Ragnar Arnalds, fyrrv. alþingismaður, Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri (kosinn 9. október 2003).

Varamenn: Erna Gísladóttir framkvæmdastjóri, Jón Þór Sturluson, Sigfús I. Sigfússon MBA, Hilmar Gunnlaugsson lögmaður, Krístrún Heimisdóttir, Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri, Birna M. Olgeirsdóttir.

STJÓRNARNEFND LANDSPÍTALA – HÁSKÓLASJÚKRAHÚSS (síðast kosið 15. des. 2003).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórnarnefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss til fjögurra ára, frá 22. desember 2003, skv. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 97 28. desember 1990, um heilbrigðisþjónustu.

Aðalmenn: Þórir Kjartansson verkfræðingur, Margrét S. Björnsdóttir framkvæmdastjóri, Esther Guðmundsdóttir þjóðfélagsfræðingur, Margrét Sverrisdóttir framkvæmdastjóri.

Varamenn: Sigríður Finsen hagfræðingur, Ari Skúlason framkvæmdastjóri, Auður Guðmundsdóttir markaðsstjóri, Svandís Svavarsdóttir táknmálssérfræðingur.

TRYGGINGARÁÐ (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í tryggingaráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 5. gr. laga nr. 117 20. desember 1993, um almannatryggingar.

Aðalmenn: Margrét S. Einarisdóttir forstöðumaður, Karl V. Matthíasson, Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður, Sigríður Jóhannesdóttir, Gísli Gunnarsson sóknarprestur (kosinn 6. nóvember 2003).

Varamenn: Svala Árnadóttir skrifstofumaður, Signý Jóhannes-

dóttir, Elsa Ingjaldsdóttir framkvæmdastjóri, Bryndís Friðgeirs-
dóttir, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS (síðast kosinn 5. desember 2003).
Kosning umboðsmanns Alþingis skv. 1. gr. laga nr. 85 1997, um
umboðsmann Alþingis, til fjögurra ára, frá 1. janúar 2004 til 31.
desember 2007.

Tryggvi Gunnarsson.

ÚTVARPSRÁÐ (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsráð til fyrsta
þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 7. gr. laga um
Ríkisútvarpið, nr. 122 30. júní 2000.

Aðalmenn: Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, Svanfríður Jónas-
dóttir, Páll Magnússon, aðstoðarmaður ráðherra, Anna K.
Jónsdóttir, Ingvar Sverrisson, Kjartan Eggertsson skólastjóri
(kosinn 15. mars 2004), Andri Óttarsson.

Varamenn: Laufey Jóhannsdóttir, Lára Stefánsdóttir, Pétur Gunn-
arsson ráðgjafi, Rúnar Freyr Gíslason, Andrés Jónsson, Guð-
mundur Óskar Hermannsson skrifstofumaður (kosinn 15.
mars 2004), Rúna Malmquist.

ÚTVARPSRÉTTARNEFND (síðast kosið 14. des. 2001).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsréttarnefnd
til fjögurra ára, frá 1. janúar 2002 til 31. desember 2005, skv. 2.
mgr. 6. gr. útvarpslaga, nr. 53 17. maí 2000.

Aðalmenn: Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri, Árni Gunn-
arsson framkvæmdastjóri, Bessí Jóhannsdóttir sagnfræðingur,
Björn Ingi Hrafnsson skrifstofustjóri (kosinn 13. des. 2002),
Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður, Kristín B. Pétursdótt-
ir lögfræðingur, Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður.

Varamenn: Stefanía Óskarsdóttir stjórn málafræðingur, Einar Karl

Haraldsson kynningarráðgjafi, Andri Þór Guðmundsson viðskiptafræðingur, Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri, Ingimar Ingimarsson nemi, Steinþór Gunnarsson viðskiptafræðingur, Álfheiður Ingadóttir lögfræðingur.

VERÐLAUNANEFND GJAFAR JÓNS SIGURÐSSONAR (síðast kosið 15. des. 2003).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanevnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2005, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

Aðalmenn: Jón G. Friðjónsson prófessor, Ragnheiður Sigurjónsdóttir forstöðukona, Magdalena Sigurðardóttir skólafulltrúi.

Varamenn: Brynhildur Anna Ragnarsdóttir kennari, Ingibjörg Sigmundsdóttir garðyrkjumaður, Ólafía Ingólfssdóttir skrifstofumaður.

VIÐLAGATRYGGING ÍSLANDS (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands til fjögurra ára, skv. 2. gr. laga nr. 55 2. júní 1992, um Viðlagatryggingu Íslands.

Aðalmenn: Hrafnkell A. Jónsson Egilsstöðum, Gísli S. Einarsson, Herdís Sæmundardóttir kennari.

Varamenn: Sölvi Sólbergsson tæknifræðingur, Torfi Áskelsson bæjarfulltrúi, Helga Sigrún Harðardóttir.

YFIRKJÖRSTJÓRN NORÐVESTURKJÖRDÆMIS (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn: Ríkharður Mátsson sýslumaður, Guðný Ársælsdóttir, Sigurjón Rafnsson aðstoðarkaupfélagsstjóri, Ólafur K. Ólafsson sýslumaður, Jens Kristmannsson.

Varamenn: Jónas Guðmundsson sýslumaður, Ingibjörg Hafstað, Gísli V. Halldórsson innkaupastjóri, Björn Jóhannesson héraðsdómslögmaður, Jóhanna Karlsdóttir skólafulltrúi.

YFIRKJÖRSTJÓRN NORÐAUSTURKJÖRDÆMIS (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn: Jón Kr. Sólnes lögfræðingur, Inga Þöll Þórgnýsdóttir, Jóhann Sigurjónsson konrektor, Lárus Bjarnason sýslumaður, Páll Hlökkversson skipataekni-fræðingur.

Varamenn: Inger Linda Jónsdóttir sýslumaður, Sigurjón Bjarnason, Jóhann Hansson bæjarfulltrúi, Berglind Svavarsdóttir, Guðmundur W. Stefánsson skógarbóndi.

YFIRKJÖRSTJÓRN SUÐURKJÖRDÆMIS (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24/16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn: Karl Gauti Hjaltason sýslumaður, Sigurjón Erlingsson, Þórir Haraldsson lögfræðingur, Ellert Eiríksson, fyrrv. bæjarstjóri, Þorsteinn Árnason vélfræðingur.

Varamenn: Finnbogi Björnsson framkvæmdastjóri, Unnar Þór Böðvarsson, Gylfi Guðmundsson skólastjóri, Halldóra Bergljót Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Sigurður Ingi Andrésson.

YFIRKJÖRSTJÓRN SUÐVESTURKJÖRDÆMIS (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn: Bjarni S. Ásgeirsson lögfræðingur, Guðmundur Benediktsson lögfræðingur, Sigríður Jósepsdóttir saksóknari, Ástríður Sólrun Grímsdóttir sýslumaður, Birgir Stefánsson kennari.

Varamenn: Jón Atli Kristjánsson hagfræðingur, Hörður Zóphaníasson, Ágúst Karlsson aðstoðarskólameistari, Guðríður Guðmundsdóttir lögfræðingur, Valdimar Jónsson yfirlögregluþjónn.

YFIRKJÖRSTJÓRN REYKJAVÍKURKJÖRDÆMIS SUÐUR (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgardæmis suður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn: Sveinn Sveinsson lögfræðingur, Katrín Theódórsdóttir héraðsdómslögmaður, Kristján H. Kristjánsson rannsóknarlögreglumaður, Haraldur Blöndal lögfræðingur, Sveinn Aðalsteinson viðskiptafræðingur.

Varamenn: Brynjar Þ. Níelsson hæstaréttarlögmaður, Stefán Jóhann Stefánsson hagfræðingur, Þuríður Jónsdóttir lögmaður, Erna Hjaltsted héraðsdómslögmaður, Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur.

YFIRKJÖRSTJÓRN REYKJAVÍKURKJÖRDÆMIS NORÐUR (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurdæmis norður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Aðalmenn: Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður, Árni Páll Árnason, Fanný Gunnarsdóttir kennari, Bragi Steinarsson saksóknari, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður.

Varamenn: Erla Svanhvít Árnadóttir lögfræðingur, Páll Halldórsson, Guðmundur Geir Sigurðsson þjónustustjóri, Kristín Edwald lögfræðingur, Björgvin E. V. Arngrímsson.

ÞINGVALLANEFND (síðast kosið 27. maí 2003).

Kosning þriggja alþingismanna í Þingvallanefnd, frá þinglokum til loka fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

Björn Bjarnason ráðherra, Össur Skarphéðinsson alþingismaður, Guðni Ágústsson ráðherra.

ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR (síðast kosið 14. des. 2001).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs, til fjögurra ára, frá 18. desember 2001 til jafnlengdar 2005, skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins frá 30. september 1977, sbr. ályktun Alþingis frá 4. maí 1977 og B-deild Stjórnartíðinda nr. 361 1977.

Aðalmenn: Jónína Michaelsdóttir rithöfundur, Rannveig Edda Hálfdanardóttir ritari, Björn Teitsson, fyrrv. skólameistari.

Varamenn: Halldóra Rafnar blaðamaður, Margrét K. Sverrisdóttir framkvæmdastjóri, Vigdís Hauksdóttir garðyrkjufraeðingur.

ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN ÍSLANDS (síðast kosið 20. maí 2001).

Kosning sex manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til fjögurra ára, frá 25. maí 2001 til 25. maí 2005, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Aðalmenn: Hjálmar Jónsson alþingismaður, Bryndís Friðgeirsdóttir svæðisstjóri, Jón Skaptason kennari, Valgerður Jónsdóttir svæfingarhjúkrunarfræðingur, Valgerður Guðmundsdóttir kaupmaður, Margrét Sigurgeirsdóttir kennari.

Varamenn: Jónína Sanders hjúkrunarfræðingur, Sigfús Ólafsson háskólanemi, Ásgeir Guðlaugsson forstöðumaður, Stefán Þórarinnsson framkvæmdastjóri, Brynhildur Flóvenz lögfræðingur, Anna Þóra Baldursdóttir bæjarfulltrúi.

Eldhúsdagsumræður

Almennar stjórn málaumræður, sem skv. 74. gr. þingskapa fara fram í lok hvers þings, eru í daglegu tali kallaðar „eldhúsdagsumræður“. Skrifstofu Alþingis berast á hverju ári fyrirspurnir um þessar umræður, heiti þeirra og uppruna. Mörgum hefur reynst tafsamt að finna eldhúsdagsumræður í eldri Alþingistíðndum en þær voru áður hluti af fyrstu umræðu um fjárlög, alveg fram um 1950, og ekki skildar frá fjárlagaumræðunni að fullu fyrir en með breytingu á lögum um þingsköp 1972. Hér er safnað saman á einn stað rituðum heimildum og umræðum á Alþingi um eldhúsdagsumræður. Vonast er til að samantektin veiti yfirsýn yfir þróun á tilhögun þessara umræðna.

Í íslenskum orðabókum er fyrsta skýring á eldhúsdegi að hann sé annadagur í eldhúsi. Í Íslensk-danskri orðabók Sigfúsar Blöndals eru rækilegri skýringar á orðinu eldhúsdagur:

- „1) en travl Dag í Køkkenet, især i Slagtetiden.
- 2) Dag, hvor man er blevet trakteret i Køkkenet, har faaet god og rigelig Mad; ogs. i overf. Bet.: Dag, man har haft det godt, en glad Dag; haltu þjer nú eldhúsdag á morgun af þessum sauð, gør dig nu en glad Dag i Morgen paa dette Faar.
- 3) „Køkkendag“, i Udr.: gera sjer eldhúsdag, rydde op i Køkkenet, især i overf. Bet.: faa af Vejen og rydde bort Ting og Sager, der har samlet sig op.
- 4) spec. i Altinget den Dag, Finansloven kommer til Behandling, efter at have været i Udvalg (Fortsættelse af første Behandling; man benytter i Alm. denne Dag til Kritik af Regeringens Førelse i det hele taget.“

Í Íslensku alfræðiorðabókinni er eldhúsdagsumræðum lýst svo:

„almennar stjórn mála umræður á Alþ. um störf og stefnu ríkisstjórnarinnar, haldnar undir þinglok og er útvarpað og sjónvarpað. Heitið vísar til þess að í e. gerir ríkisstjórnin hreint fyrir sínum dyrum.“

Þessar tilvitnanir í tvö rit, hið fyrra frá 1920–1924 og hið síðara frá 1990, sýna að eldhúsdagsumræður í Alþingi hafa breyst að formi, en tilgangur þeirra er hinn sami.

Bjarni Benediktsson fjallar í riti sínu *Deildir Alþingis frá 1939 í stuttu og greinagóðu máli um eldhúsdag* (bls. 415–417). Kaflinn um eldhúsdaginn hljóðar svo (tilvísunum neðanmáls í heimildir er sleppt hér):

„**Eldhúsdagur.** Einn þátturinn í hinni þinglegu ábyrgð stjórnarinnar er, að þingmenn eiga rétt á að ræða stjórnarstörfin almennt og einstakar athafnir eða athafnaleysi stjórnarinnar. Þessi réttur þingmanna kemur fram á fleiri en einn veg, en sérstaklega við hinn svonefnda „eldhúsdag“. Við það tækifæri er sem sé rætt um framferði stjórnarinnar yfirleitt og þá e. t. v. um almenn stefnumið í stjórn málum, en ekki um ákveðin mál, er berum orðum standi á dagskrá. Þýðing þessara „eldhúsdags“-umræðna er vitanlega misjafnlega mikil, eftir öllum atvikum hverju sinni, en þær eru þó engan veginn þýðingarlausar eða einbert orðaskvaldur, svo sem sjá má af því, að afsögn eins ráðherra, þ. e. á þinginu 1923, má óhikað rekja til aðfinninga, sem komu fram við hann á eldhúsdegi.

Eldhúsdagur sýnist fyrst hafa átt sér stað á Alþingi 1897, og er það Guðlaugur Guðmundsson, sem stofnar til hans við framhald 1. umr. fjárl.frv. í Nd. Hann segist með þessu vilja skapa nýja venju, og er það ljóst, að hann fer þar beint eftir danskri fyrirmynd. Þessum sið er svo haldið eftir það í Nd. á fjárlagaþingum. Eldhúsdagur fellur niður í Nd. einungis þegar mjög sérstaklega stendur á, svo sem að mestu 1909 vegna stjórnarskipta, 1921 vegna þess að umr. um vantraust hafa þegar áður farið fram, 1922 vegna

stjórnarskipta, 1924 vegna yfirvofandi stjórnarskipta, 1927 vegna þess, að vantraustsumr. standa fyrir dyrum, á vorþingi 1931 vegna þess að vantrausts-yfirlýsing er fram komin, á sumarþingi 1931 vegna stjórnarskipta.

Í Ed. sýnast slíkar umr. ekki eiga sér stað fyrir en 1917. Þá hefur Magnús Torfason þær þar með þeim formála, að þetta sé í fyrsta sinni, að fjárl.frv. komi fyrir Ed. eftir að ný skipun sé orðin á henni, og sé hún nú orðin ímynd og skuggsjá þjóðarviljans hér á landi ekki síður en Nd., þar sem Ed. að nokkru leyti sé valin með allsherjaratkvæði. Hann segist hafa litið svo á, að ekki væri nema eðlilegt og sjálfsagt, að hvor deildin fyrir sig hefði tækifæri til að hafa almennt tal af stjórninni. Ekki verður eldhúsdagur samt tíðkaður að staðaldri í Ed. fyrir en 1927, og er það þá Jón Baldvinsson, sem hefur slíkar umræður. Eftir það eiga þær sér stað í Ed. ekki síður en í Nd., nema sérstakar ástæður hindri. 1931, um vorið, er þing þannig rofið áður en fjárl.frv. kemur til Ed., og 1932 falla þær niður, vegna þess að nýbúið er að útvarpa umr. um stjkskr.málið, sem þá skiptir mönnum helzt í sveitir. Á sumarþingi 1931 verður m. a. s. einskonar eldhúsdagur í Ed., þó að flokksforingjarnir ætlist ekki til víðtækra umræðna, vegna þess, að ný stjórn er enn ekki mynduð, en þá fellur eldhúsdagur niður í Nd. — Ed. öðlast þannig á síðari árum fullkomið jafnrétti að þessu leyti við Nd. Enda er í reglum um útvarp frá Alþingi, settum af forsetum í samráði við þingflokka 1931 § 3, bersýnilega gert ráð fyrir eldhúsdegi bæði í Nd. og Ed.

Þessar umr. hafa yfirleitt orðið við 1. umr. fjárl.frv., í Nd. oftast framhald 1. umr., nema sérstakt samkomulag hafi orðið um annað, eins og í Nd. 1930 og Ed. 1933. Eftir að fjárl.frv. kemur einungis fyrir Sp. verða þessar umr. því þar en ekki í deildum. Hefir og svo orðið í framkvæmdinni, og eru reglurnar um útvarp umræðna í þskpl. 115, 1936 § 53 í samræmi við það.“

Frá 1874–1934 var fjallað um frumvarp til fjárlaga í deildum Alþingis og var bundið í stjórnarskrá að frumvarpið skyldi lagt fyrir neðri deild.

27. júlí 1897 var frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1898 og 1899 tekið til framhalds 1. umræðu í neðri deild eftir að fjárlaganefnd deildarinnar hafði fjallað um það og flutt breytingartillögur við það. Guðlaugur Guðmundsson sýslumaður í Skaftafellssýslu og þingmaður Vestur-Skaftfellinga talaði við umræðuna. Hóf hann ræðu sína á þessa leið:

„Jeg stend ekki upp til að tala beinlínis um hið fyrirliggjandi frv., en jeg vona að forseti verði „liberal“ við mig, þó jeg minnst á atriði, sem ekki beinlínis koma þessu frv. við, en sem þó eru því ekki alveg óviðkomandi.

Það er óhentugt, að menn eigi hvergi kost á almennt að minnast á framkomu stjórnarinnar á undanförunu fjárhagstímabili, og finnst mjer heppilegt að ráðrúm gefist til að sýna fram á, hvernig afskipti stjórnarinnar af landsmálum hafa verið, og virðist mjer heppilegast að það sje gjört einmitt við frh. 1. umr. um fjárlögin.“

Valtýr Guðmundsson kennari við Hafnarháskóla og þingmaður Vestmanneyinga tók til máls nokkru síðar. Í upphafi ræðunnar sagði hann:

„Jeg álit það mjög heppilega aðferð, sem h. þingm. V-Skaft. (Guðl. Guðm.) nú tók upp, að gjöra ýmsar athugasemdir við framkomu stjórnarinnar nú við 1. umræðu fjárlaganna. Það er einmitt venja í Danmörku, að þingmenn við 1. umræðu fjárlaganna tali um alla skapaða hluti, er snerta aðgjörðir stjórnarinnar á umliðnu ári. En af því þetta hefir ekki verið venja hjer á alþingi, þá er jeg, því miður, ekki undir það búinn að koma með miklar athugasemdir í þessa átt.“

26. júlí 1899 mæltist Skúla Thoroddsen kaupfélagsstjóra og kaupmanni á Ísafirði og þingmanni Ísafirðinga á þessa leið í upphafi

ræðu við framhald 1. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1900 og 1901:

„Eg skal lýsa því yfir, að eg álít það góða reglu, sem hafin var á síðasta þingi, að minnast við 1. umræðu fjárlaganna á ýmislegt, sem að einhverju leyti snertir fjárhag landsins eða aðgjörðir landsstjórnarinnar. Það er ætíð gott, bæði frá sjónarmiði þings og þjóðar, að slíkt komi fram, þó við auðvitað höfum ekki átt því að venjast hingað til, að aðfinslur við stjórnina bæru nokkurn verulegan árangur.“

5. september 1917 var frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919 tekið til 1. umræðu í Ed. eftir 3. umræðu í Nd. Magnús Torfason sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði og þingmaður Ísfirðinga tók þá til máls og sagði m. a.:

„Það er í fyrsta sinni, að fjárlög koma fyrir þessa háttv. deild eftir að ný skipun hefir orðið á henni, og eins og við vitum allir hefir þessi háttv. deild engu síður orðið ímynd og skuggsjá þjóðarviljans hjer á landi heldur en hin deildin þar sem hún að nokkru leyti er valin með allsherjaratkvæði, og ætti þess vegna að vera úrval af bestu mönnum þjóðarinnar að nokkru leyti.

Jeg fyrir mitt leyti hefi litið svo á, að ekki væri nema eðlilegt og sjálfsagt, að hvor deildin fyrir sig hefði tækifæri til að hafa alment tal af stjórninni, og eins að stjórnin myndi hafa gott af því að geta fengið að vita um óskir manna og vilja, alveg eins í þessari hv. deild sem hinn, því að við vitum, að það er ýmislegt, sem er á seiði hjer í þinginu, sem ekki kemur fram beint í lagafrumvarpsformi, og hins vegar víst, að þingmenn finna ekki ástæðu til að fara að koma með sjerstakar þingsályktunartill. eða fyrirspurnir um mál, enda þótt ástæða væri til að hreyfa þeim eitthvað.“

Í sömu umræðu sagði Magnús Kristjánsson kaupmaður og útgerðarmaður og þingmaður Akureyringa m. a.:

„Eins og kunnugt er hefir það verið venja í þinginu, að þm. hefir gefist kostur á að segja stjórninni til syndanna við 1. umr. fjárlaganna. Þetta hefir jafnan þótt merkisdagur og tilhlökkunarefni fyrir þá kjósendur, sem hafa átt kost á að hlusta á þær umræður. En ekki er ólíklegt, að þessi eldhúsdagur verði nokkur vonbrigði fyrir menn, og naumast eins skemtilegur og hann hefir oft verið áður. Til þess eru eðlilegar orsakir og skiljanlegt, að á meðan svo stóð á, að aðallega voru 2 andstæðir flokkar í þinginu, stjórnarflokkur og andófsflokkur, þá hefir andófsflokkurinn notað tækifærið vel til þess að benda á gallana, sem hann hefir þóst finna hjá stjórninni. Nú vikur þessu öðruvísi við, þar sem núverandi stjórn er skipuð mönnum úr öllum flokkum þingsins og að sjálfsgöðu studd af öllu þinginu að því leyti, sem hún hefir ekki brotið af sjer það traust, sem flokkarnir hafa borið til hennar.“

Á fundi í efri deild Alþingis 18. apríl 1927 var frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1928 til 1. umræðu.

Að lokinni ræðu Jóns Þorlákssonar forsætis- og fjármálaráðherra tók Jón Baldvinsson forstjóri Alþýðubrauðgerðarinnar í Reykjavík og landskjörinn þingmaður til máls og sagði í upphafi ræðu:

„Jeg heyrði, að í lok ræðu sinnar lagði hæstv. ráðh. til, að frv. yrði vísað til 2. umr. Verður hjer því ekkert framhald þessarar umr., svo sem venjan er í hv. Nd. Og þá er þar venjulega leyft að tala við stjórnina og fá hjá henni upplýsingar um stjórnarfarið og ýmislegt, sem annars er ekki hægt að heimta svar við. Mjer skilst, að þeir hv. þm., sem hjer eiga sæti, megi í þess stað nota þessa 1. umræðu til að fá slíkar upplýsingar. Að gera það þegar tillögur eru komnar fram og 2. umr. hafin álit jeg óheppilegt.“

Með þessari tilvísun lýkur hér nokkrum brotum úr ræðum frumkvöðla að eldhúsdagsumræðum á Alþingi og ræðum annarra þingmanna, sem lýsa stuðningi við hugmynd frumkvöðlanna. Stuðst er við stuttan kafla í Deildum Alþingis eftir Bjarna Benediktsson. Um þýðingu eldhúsdagsumræðna tekur hann eitt dæmi,

afsögn ráðherra, sem rekja mætti til aðfinnslna, sem komu fram við hann á eldhúsdegi á þinginu 1923. Ráðherrann var Magnús Jónsson lagaprófessor, sem var fjármálaráðherra rúmt ár, 1922–1923, í ráðuneyti Sigurðar Eggerz, en var aldrei alþingismaður.

Í riti sínu, Stjórnarráð Íslands 1904–1964 skýrir Agnar Kl. Jónsson frá tildrögum að afsögn ráðherrans. Eru þau á þessa leið (tilvísunum neðanmáls í heimildir sleppt):

„Samkvæmt bókun á ráðherrafundi hinn 17. apríl 1923 baðst Magnús Jónsson fjármálaráðherra lausnar frá ráðherraembættinu vegna ummæla í hans garð í sambandi við eldhúsdagsumræður. Hann óskaði að hverfa aftur í prófessorsstarfið við Háskóla Íslands, og var á það fallizt. Á fundi í neðri deild daginn eftir skýrði forsætisráðherra frá því, að konungur hefði þann dag veitt Magnúsi Jónssyni lausn frá embætti og jafnframt falið Klemens Jónssyni atvinnumálaráðherra forstöðu fjármálaráðuneytisins fyrst um sinn.

Þessi ummæli hér að framan, sem tilfærð eru eftir bókun á ráðherrafundi, að Magnús Jónsson hefði sótt um lausn að afloknum eldhúsdagsumræðum, lúta að því, að í þessum umræðum, sem fram fóru í neðri deild hinn 7. apríl, fundu nokkrir þingmenn að ýmsum ráðstöfunum hans. Sérstaklega var mikið um það rætt, að Magnús Jónsson, sem í ráðherratíð sinni bjó á Hótel Ísland, hefði tekið þar aukaherbergi á leigu á ríkisins kostnað í því skyni að taka á móti aðkomumönnum, sem erindi áttu við hann og gátu ekki hitt hann í Stjórnarráðinu í viðtalstíma þar, eftir því sem hann sagði. Taldi ráðherrann sig hafa heimild til þessa, en þingmenn voru á öðru máli, víttu hann fyrir þetta, og kröfðust þess jafnvel, að hann endurgreiddi fjárhæðina, sem um væri að ræða. Vafalítið munu þó fleiri ástæður hafa verið til þess, að Magnús Jónsson sótti um lausn frá ráðherraembætti, þótt í áður nefndri bókun væri einungis nefnt, að hún væri borin fram vegna ummæla í sambandi við eldhúsdagsumræðurnar.“

Árið 1930 var eldhúsdagsumræðum í neðri deild frestað til 3. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1931. Umræðurnar

drógust mjög á langinn. Þær hófust 22. mars og stóðu í tíu daga og oft langt fram á nætur. Þær fylla 544 dálka í B-deild Alþingistíðinda, en gera verður ráð fyrir að þær hafi stytst að mun í meðförum þingskrifara.

Frumvarpið var tekið til 1. umr. í efri deild 3. apríl. Við umræðurnar tók til máls Jón Jónsson bóndi í Stóradal, landskjörinn þingmaður og formaður fjárveitinganefndar deildarinnar. Hann kvartaði um hve langt væri liðið á þingtímann, minntist á tafir vegna Íslandsbankamálsins og sagði síðan: „En þrátt fyrir það verður það ekki sagt um hv. Nd., að hún sé nein lofsverð fyrirmynd um vinnubrögð, eins og hinar tíu daga eldhúsumr. bera óljúgfróðast vitni um.“

Við stofnun ríkisútvarps varð sú breyting á eldhúsdagsumræðum, að ákveðið var að útvarpa þeim. Á Alþingi 1931 settu forsetar þingsins reglur um útvarp frá Alþingi í samráði við þingflokka í líka átt og sett var í lög um þingsköpin 1936. Reglur þessar eru í A-deild Alþingistíðinda, þingskjal 364. Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga (eldhúsdagsumræður) í hvorri deild mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfra stund þrjár umferðir og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Samhljóða reglur voru birtar í A-deild Alþingistíðinda á sumarþingi 1931, á þskj. 59.

Sú breyting varð á stjórnarskrá 1934 að meðferð fjárlagafrumvarps var flutt úr deildum í sameinað Alþingi og þar með eldhúsdagsumræðurnar.

Á þingunum 1935 og 1936 flutti Jörundur Brynjólfsson bóndi í Skálholti, þingmaður Árnesinga og forseti neðri deildar Alþingis frumvarp til laga um breytingar á lögum um þingsköp Alþingis og varð það að lögum 1936.

Í þeim skorðum sem settar voru 1936 héldust eldhúsdagsumræður árum saman. Þær voru tengdar afgreiðslu fjárlaga, ætlað að vera við framhald 1. umræðu, en oft frestað að samþykktum afbrigðum til 3. umræðu.

Á Alþingi 1950–1951, 14. des., leitaði forseti sameinaðs Alþingis, Jón Pálmason bóndi á Akri og þingmaður Austur-Húnavetninga, afbrigða frá þingsköpum til að rjúfa tengslin milli fjárlaga og eldhúsdags. Áður en gengið var til atkvæða um afbrigðin urðu talsverðar umræður, nokkuð fróðlegar um afstöðu þingmanna til málsins. Fara þær hér á eftir.

„**Forseti (JPálm):** Áður en umræða hefst, þarf ég að fá afbrigði frá þingsköpum. Þannig er mál með vexti, að við framhald 1. umr. voru samþ. þau afbrigði frá þingsköpum að fresta eldhúsdagsumræðum til 3. umr. Nú hefur það orðið að samkomulagi milli mín og forstöðumanna þingflokka að fresta þessum eldhúsdagsumræðum fram yfir nýár, og það er gert á þeim grundvelli að ég sem forseti beri ábyrgð á, að þingi verði hvorki slitið né frestað fyrr en þær umræður hafa farið fram. Í öðru lagi, að þær umræður færu fram með þeim sama hætti, sem ákveðið er í þingsköpum, að svo miklu leyti sem ekki verður samkomulag um að stytta þann tíma, eins og oft hefur verið gert. Í þriðja lagi ber ekki að skoða þetta sem neitt fordæmi um nýjan sið á þessu sviði. Það eru allir sammála um, að þessi frestur komi því aðeins til greina, að það séu allir aðilar sammála eins og nú. En til að staðfesta þetta þarf að fá atkvæðagreiðslu um þessi afbrigði.

Jörundur Brynjólfsson: Það er aðeins fyrirspurn til forseta um, hvort það sé átt við að fresta endanlegri afgreiðslu fjárlaganna fram yfir nýár eða þangað til eldhúsdagsumræðurnar fara fram.

Forseti (JPálm): Nei, það er ætlunin að afgreiða lögin nú fyrir árslok og taka eldhúsdagsumræðurnar á dagskrá þannig, að það séu almennar umræður í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Jörundur Brynjólfsson: Já, það er í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu, að almennar umræður geti farið fram um hvaða mál sem er, svo framarlega sem það er þingmál, og vitaskuld getur tilhögun slíkra umræðna orðið að samkomulagi að nokkru. En það

hafði ég þó ætlað, þó að samkomulag milli flokka megi sín mikils, þá mundu þeir þó telja sig háða lögum þingsins, sem það hefur sett sér til að fara eftir, og ekki get ég talið að það sé hægt með afbrigðum frá þingsköpum að gerbreyta alveg frá því, sem lög mæla fyrir um meðferð hinna einstöku mála. Innan þess ramma, sem þingsköp ákveða um heimilun afbrigða, er að sjálfsgöðu hægt að veita afbrigði. En ekki finnst mér fara vel á því, þó að almennar stjórn-málaumræður fari fram eftir nýár, sem koma eiga í stað eldhúsdags-umr. eftir afgreiðslu fjárl., að kalla þær umræður eldhúsdagsumræður. Það heiti og hugtak er með lögum bundið í þingsköpum og hefur ekki, svo lengi sem ég veit og þekki til, verið unnið svo gagnstætt ákvæðum þingskapa, að slíkt heiti sé yfirfært á allt annað mál en gefið er til kynna með slíkri fyrirsögn. Eins vil ég benda á til enn frekari áréttingar, viðvíkjandi hinum almennu umræðum og eldhúsdagsumræðum, að þá er ákveðið í þingsköpum, hver tími megi lengstur vera við útvarpsumræður, og einnig ákvarðaður lengri tími við eldhúsdagsumræður, og einnig geta menn ráðið því, ef samkomulag er um, hvort tíminn er notaður til fulls eða ekki. En ákvæði þingskapa hafa í þessu efni ekki svo ég viti verið túlkuð þannig, að rýmri tími væri notaður en í þingsköpum er ákveðinn. Ég held líka, fyrst samkomulag er svona innilegt milli flokka, að þá þurfi ekki að grípa til þess úrræðis að gefa þessari athöfn annað heiti en vel mætti vera, og mætti þá kalla þetta almennar stjórn-málaumræður. Væri þá jafnvel svo frjálsmannlega á því tekið, að hægt væri að koma því, sem mönnum lægi þyngst á hjarta, á framfæri við þjóðina.

Það er síður en svo, að ég hafi á móti því, að þessar stjórn-málaumræður fari fram, en ég vil beina því til forseta og Alþingis, – og mér sýnist líka, að það muni verða affarasælast, – að fara ekki að taka upp nýjan sið og brjóta í bága við þá venju, sem ríkt hefur frá því að Alþingi var endurreist og hóf störf að nýju. Og þó að forseti vildi nú gjarnan, að þetta sé gert á þann veg, að það sé ekki

skoðað sem fordæmi, þá erum við engir herrar yfir því í framtíðinni, hvernig þetta verður túlkað eða notað. Ég ætla, að allur sé varinn góður og það sé best að ganga þannig frá þessu, að ekki sé nein hætta á, að tekinn verði upp nýr háttur í þessu efni.

Forseti (JPálm): Út af athugasemdum hv. 1. þm. Árn. vil ég segja, að ég undrast það nokkuð, hvað hann tekur þetta strangt. Þetta hefur verið athugað af formönnum allra þingflokka ásamt mér og skrifstofustjóra, og var samkomulag um það milli allra aðila, og að því er mér skildist milli allra þingflokka, að fresta þessari umræðu, en það er á valdi þingsins alls að gera það, þó að í þingsköpum sé ætlazt til, að hún sé við framhald 1. umr. Það kemur ekki til greina, að notaður verði lengri tími, tíminn hefur alltaf verið stytur. Hér er farið fram á, að þessum umræðum verði frestað þangað til síðar á þinginu með þeim formála, sem ég hef mælt fyrir.

Skúli Guðmundsson: Ég vildi gjarnan fá frekari upplýsingar frá hæstv. forseta, hvernig hugsað er að hafa þessar væntanlegu, almennu útvarpsumræður síðar á þinginu. Hæstv. forseti sagði, að þá yrði útvarpað í sambandi við fjárlögin. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því. Nú skilst mér, að meiningin sé að afgreiða fjárlögin til fulls frá þinginu næstu daga, og verður það þingmál þá vitanlega ekki tekið á dagskrá þingsins frammar, því að það er þar með afgreitt sem lög. Hvernig þingmál verður þá þetta, sem útvarpað verður í umræðunum? Hvernig verður það? Hver flytur það inn í þingið? Hvaða form verður á því? Mér er ekki ljóst, hvernig þessu verður háttað.

Hitt er annað mál, að vitanlega bíða mörg mál óafgreidd í Sþ., sem flokkarnir geta komið sér saman um að fá útvarpsumræður um, t. d. endurskoðun áfengislöggjafarinnar. Mörg fleiri mál gætu líka komið til greina. Mér er hins vegar ekki ljóst, hvernig hægt er að tengja slíkar umræður fjárlögunum, sem búið verður að afgreiða. Ég er því mjög fylgjandi, að fjárlögin verði afgr. til fulls fyrir

jól, en ég vildi fá nánari skýringu frá hæstv forseta á þessu áður en lengra verður haldið.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Það er bersýnilegt, að sumir hv. þm., sem um þetta mál hafa talað hér, óttast, að hér sé verið að mynda fordæmi, sem sé óviðkunnanlegt, og vilja ekki skerða þann sið, sem hér hefur ríkt, og þann rétt, sem skv. þingsköpum gildir við umræður um fjárlög og mál almennt í útvarpinu. Ég vil benda þeim á, að mér finnst ekkert vera að óttast í þessu efni. Í fyrsta lagi er fordæmið þannig, að það er samkomulag milli forseta og þingflokka allra, þar á meðal stjórnarandstöðunnar, og fordæmið getur þar af leiðandi undir engum kringumstæðum verið hættulegt. Í öðru lagi: Mér skilst, að það sé ekki verið að flýja undan því að ræða málin með þessu, heldur hitt, að það er talin nauðsyn að afgreiða fjárlögin fyrir jól, og menn eru sammála um, að útvarps- umræður á þessum dögum, sem eftir eru til jóla, mundu ekki hafa mikla þýðingu, því að þetta er sá tíminn á árinu, sem sízt er hlustað vegna annríkis, eins og allir vita. Það er því verið að fullnægja enn þá betur því sjónarmiði að ræða frammi fyrir alþjóð á þeim tíma, sem best er hlustað, þau mál, sem rædd eru í eldhúsdagsumræðunum. Í þriðja lagi: Viðvíkjandi því, að þetta mál verði ekki á dagskrá eftir jólin, held ég satt að segja, að menn þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir því, að það sé ekki hægt að koma þessum umræðum þannig fyrir eftir jólin, að það verði ásteytingarsteinn. Eins og allir þingmenn vita, og einnig hv. þm. V.-Húnv., þá er ekki alltaf verið svo nærri fjárlögum sjálfum í eldhúsdagsumræðunum; það hefur komið fyrir, að það hefur aldrei verið á þau minnzt. Ég viðurkenni fyllilega réttmæti þess að koma með athugasemdir um þetta, og það sé tekið til athugunar, hvort hér sér verið að skapa fordæmi, sem geti verið hættulegt. En af þessum þremur ástæðum, sem ég nefndi, held ég að það sé alveg ástæðulaust að óttast það. Þetta verður ekki gert, nema samkomulag sé við stjórnarandstöðuna um

það. Það ber að fara varlega með allt slíkt, en það ber einnig að athuga, að eins og ég sagði, þá er verið að framfylgja betur því sjónarmiði, sem fara á eftir, með því að hafa umræðurnar eftir nýár, en ekki nú í mesta annríki ársins. — Ég sé svo ekki ástæðu til að taka fleira fram um þetta.

Einar Olgeirsson: Mér þykir ákaflega vænt um að heyra þær raddir, sem hér hafa komið fram frá tveim þingmönnum, hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. V.-Húnv., um, að eldhúsdagsumræðurnar skuli í heiðri hafðar og það sé ætlað til, að þær fari fram og þeim sé útvarpað, svo að fólkíð hafi aðstöðu til að hlusta og ríkisstj. noti þær til að svara. Mér þykir mjög vænt um, að það skuli vera svona mikill áhugi fyrir að heiðra rétt eldhúsdagsumræðnanna og að það sé gengið þannig frá, að öruggt sé, að ekki sé myndað fordæmi, eins og hv. 1. þm. Árn. óttast, fyrir því, að eldhúsdagsumræðunum sé sleppt eða gerðar að engu. Mér þykir því vænna um þetta sem ég man eftir eldhúsdagsumræðum hér á Alþingi, þar sem í fyrsta lagi stjórnarflokkarnir, sem báðir þessir þingmenn tilheyrðu, hafa neitað að láta fara fram útvarpsumræður. Ég man eftir eldhúsdagsumræðum, þar sem þáverandi forseti kvað upp úrskurð um, að stjórnarandstaðan, þ. e. sá flokkur, sem þá var í stjórnarandstöðu, væri sviptur möguleikanum til að geta notað ákvæði þingskapa til að krefjast útvarpsumræðna. Ég man eftir eldhúsdagsumræðum, þar sem ég fyrir hönd stjórnarandstöðunnar talaði einn, án þess að væri útvarpað, og ríkisstj. svaraði ekki. — Mér þykir því vænt um að heyra þá viðurkenningu, sem nú er í þessu efni, og um leið vil ég gjarnan taka undir það í fullri alvöru, að það sé tryggilega frá þessu gengið og ekki sé hægt að skoða það sem neitt fordæmi. Við höfum talað um það við hæstv. forseta, að við höfum ekkert á móti því, að eldhúsdagsumr. væru látnar fara fram eftir að fjárl. hefðu verið afgr. Hins vegar hafa formenn þingflokka ekki komið saman á neinn fund til að finna út form fyrir það. Ég býst ekki við, að umr. yrðu nú, heldur að lokinni 3. umr. Ég tel, að það ætti að vera hægt að

hafa samkomulag um það með þingflokkum og þm. að breyta þingsköpunum og bæta þá inn nýrri gr., líklega á eftir 53. gr., að ef stjórnarandstaðan óskaði, þá mætti fresta eldhúsdagsumr., þar til eftir afgreiðslu fjárlaga. Þetta mundi þýða það, að stjórnarandstaðan hefði á hverjum tíma rétt til þess, en ríkisstj. gæti ekki á neinn hátt notað þetta til að koma sér undan útvarpsumræðum.

Það, sem gerir, að það er út af fyrir sig ekki óréttmætt að hafa þetta ákvæði í þingsköpum, er það, að pólitískt séð getur verið rétt að fresta þessum umr. Mál bátaútsvegsins eru óráðin enn, og pólitískt séð er erfitt að hafa útvarpsumr. um þá raunhæfu hluti, án þess að lausn þeirra liggja endanlega fyrir. Ég held þess vegna, að ef við viljum fullnægja því, sem hv. 1. þm. Árn. benti réttilega á, þá væri gott að hafa samkomulag um að breyta þingsköpum á þann hátt, sem ég minntist á, og með samþykki allra mundi það taka aðeins 10–15 mínútur að koma því í gegn, og mundi þetta á engan hátt þýða afsölu á þeim umr., sem hér eiga að fara fram. En hvað forminu viðvíkur, þá held ég, að rétt væri að fresta þessum umr. þar til að lokinni 3. umr., og á meðan væri tækifæri til að semja um, hvaða lögformleg aðferð yrði höfð við þessar umr.

Forseti (JPálm): Ég vil taka fram út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég gaf hér tvær yfirlýsingar, áður en þessar umræður hófust, sem eru í samræmi við það samkomulag, er um þetta var gert milli mín og formanna þingflokka og ég gerði ráð fyrir að mundi nægja í þessu efni. Önnur yfirlýsingin var sú, að ég beri ábyrgð á þessari breyt. sem forseti, og ég get bætt því við, að ef ég forfallast, skoða ég það skyldu þess, sem þá gegnir forsetastörfum, að sjá um, að þessar umr. fari fram, áður en þingi verður slitid til fulls, og í öðru lagi það, að það er ákveðin yfirlýsing og skoðun þm. og þingflokka, að sú breyt., sem hér er gerð, komi ekki til mála nema með samkomulagi milli stjórnarandstöðunnar og ríkisstj. og hennar stuðningsmanna. Mér kom á óvart, að hér yrðu umr. um afbrigði, en get að öðru leyti vísað í aðalatriðum til ræðu hæstv.

landbrh., sem skýrði vel, hvernig verið hefur um eldhúsdagsumr. að undanfögnu, og það mun ekki breytast, þó að þeim verði frestað þar til fjárl. sjálf hafa verið afgr.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um formið á þessu, en ekki efni málsins að öðru leyti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta efni.

Ég skal aðeins segja það viðvíkjandi því, sem hæstv. forseti sagði, að fyriræmi forseta ætti jafnt að gilda fyrir aðra forseta, að forseti hefur, hver sem hann er, fullt vald og óskorað, meðan hann gegnir því starfi, og ber honum beinlínis að gera það, sem hann álitur lögum samkvæmt og rétt.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði um það, að stjórnarandstöðunni hafi einu sinni verið neitað um að útvarpa eldhúsdagsumr., þá minnir mig, að þar væri ekki um þingflokk að ræða, en þingsköp mæla svo fyrir, að þingflokkur eigi rétt til að krefjast útvarpsumr. um mál.

Ég efast ekki um það, sem hæstv. landbrh. sagði, að fullnægja verður lagaákvæðum um það, að þessum umr. skuli útvarpa, og það þannig, að fólkið hafi sem bezt tækifæri til að hlusta á umr., og að ekkert skorti á það af þingsins hálfu, að þær geti farið þannig fram. En það var ekki það, sem ég vildi fyrst og fremst minnast á, heldur aðeins formið, að því leyti sem það getur ekki fallið saman við ákvæði gildandi l. Það er aðeins það atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni, og ég vil benda á það, að mér finnst, þótt samkomulag verði um málið milli allra þingflokka, að við getum ekki gengið út fyrir þau takmörk, þegar þetta mál kemur til umr. eftir áramótin. Ég er sammála því, að fjárl. verði afgr. nú fyrir hátíðarnar, en þá er það mál afgr. að fullu frá Alþingi, og ekki er nokkur leið að gera það mál, sem afgr. er, formlega að umtalsefni á Alþingi. Það form held ég, að maður geti ekki haft á þessu. Það yrði að vera í sambandi við eitthvert annað þingmál. Sú hefur a. m. k. verið venjan, og ég held, að hyggilegt sé og rétt að halda þeirri venju, og skilst

mér, að það sé unnt að ná því með samþykki þingflokka, þó að það sé ekki kallað eldhúsdagsumr. Það er nægilegt, að yfirlýsing komi um það af hálfu þingflokka, að þetta skuli koma í stað eldhúsdagsumr. Þetta heiti í okkar löggjöf hefur sérstaka merkingu, og þingsköp mæla sérstaklega fyrir um það, hvernig þær skuli fara fram, og það er ekki hægt án breyt. á þeim l. að færa þær umr. yfir á annað mál og segja svo með einföldum afbrigðum frá þingsköpum, að þetta skuli gilda fyrir þetta mál og heita eldhúsdagsumr. Þó að við höfum sem best samkomulag um þetta og höfum það í huga að fara út yfir frekari takmörk í þetta sinn og höfum það jafnframt í huga, að við ætlumst ekki til, að það verði notað sem fordæmi, hvorki á þessu þingi né síðar, þá erum við ekki herrar yfir þessari stofnun nema á líðandi stund. Síðar koma aðrir, og hvað gera þeir? Þessi orð mín eiga þó á engan hátt að skiljast sem mótmæli gegn því, að þessar umr. fari nú fram eftir áramót, þó að búið sé að afgreiða fjárl., heldur vil ég beina þeim eindregnu óskum til Alþingis, að það gæti þess, að með þessari framkvæmd sé ekki brotið í bága við skýlaus fyrirmæli þingskapa, málinu ekki skipað á þann hátt, sem ég veit ekki til að nokkurn tíma hafi verið gert fyrir. Það eru viss atriði í þingsköpum, sem þingið hefur aldrei leyft sér að fara út fyrir, svo sem umræðutími, umræðufjöldi og útvarp einstakra mála, hvernig mál eru lögð fyrir og afgr. Ég hygg, að þetta sé nokkurn veginn hrukkulaust og alltaf hafi verið reynt að halda sér við þessi grundvallaratriði þingskapanna. Ég tel ekki gætilegt af þinginu, ef það ætlar nú ekki að sýna fulla aðgæzlu í þessu efni.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér finnst þessar umr., sem hér fara fram, vera nokkuð mikið deila um keisarans skegg. Ég veit, að sjálfsagt er að halda sig sem mest við þingsköp Alþingis, og bæði forsetum og þm. ber að gera svo. Þó er það svo, að leyfilegt er að víkja frá sumum ákvæðum þingskapa, sé þeim skilyrðum fullnægt, að ríkisstjórnin leyfi og tiltekinn meiri hl. þm. samþ. Að

sjálfstöðdu má þetta frávik ekki vera frá þeim ákvæðum þingskapa, sem eru samhljóða eða hliðstæð ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Út af ræðu hv. 1. þm. Árn., þar sem hann talaði um ýmis atriði, sem þingið hefði aldrei leyft sér að breyta út af, þá tók ég a. m. k. eftir einu atriði, sem hann nefndi, sem fram er tekið í stjórnarskránni, en það er um fjölda umr. um hvert mál. Alþingi getur ekki veitt neina undanþágu frá þingsköpum í því efni, þar sem það er tekið fram í stjórnarskránni, en ég man ekki eftir, að stjórnarskráin tiltaki neitt um eldhúsdagsumr. Ákvæðin um þær eru tiltölulega ný, þó að það hafi verið venja að hafa eldhúsdagsumr. frá því að Alþ. fékk löggjafarvald, en það voru ekki l. um þær, fyrr en fyrir örfáum árum, og þá einungis um það, hvernig þeim skyldi útvarpa. En það, sem ég vildi sérstaklega benda á, er það, að það er nú þegar búið að samþ. þing eftir þing frávik frá ákvæðunum um eldhúsdagsumr. Hinar svokölluðu eldhúsdagsumr. eiga nefnilega ekki að fara fram við 3. umr., heldur 1. umr. En úr því að afbrigði eru veitt frá því, að þessar umr. fari fram við 1. umr., þá sýnist mér ekki síður mega veita undanþágu frá því, að þær skuli fara fram við 3. umr. Hitt er annað mál, sem hv. 1. þm. Árn. var að tala um, að samkvæmt þingsköpum má ekki taka mál til umræðu, nema það hafi verið borið fram, og ég er honum sammála um að þær geta tæplega farið fram í sambandi við afgr. fjárl., eftir að búið er að gera þau að l., heldur er réttara að hafa þessar umr. í sambandi við eitthvert annað mál, en það álit ég gersamlega vandalaust að láta almennar stjórn málaumræður fara fram í sambandi við eitthvert annað mál eftir nýárið, og mættu þær þá bera sama heiti og kallast eldhúsdagsumræður, því að þótt lengri tími sé við eldhúsdagsumræður en við útvarpsumræður um önnur mál, þá er það ekki nema mjög einfalt frávik frá þingsköpum að leyfa lengri umræður um það. Ég skil ekki í öðru, eins og nú er komið, þegar komið er undir jól, en allir ættu að geta sætt á það, og ég held, að það sé alls ekkert

lagabrot. Þingsköp heimila frávik frá vissum atriðum, ef tiltekinn meiri hl. samþ. og stj. leyfir. Það er það, sem er afgerandi, hvort þessi afbrigði verða veitt, en ekki hitt, að formenn stjórn- málaflokkanna komi sér saman um það, því að þeir hafa ekkert vald til að ákveða frávik frá þingsköpum.

Einar Olgeirsson: Ég vil ítreka það, sem ég tók fram í minni ræðu áðan, að ég álít heppilegt, ef hæstv. forseti vildi fresta þessum umr. og taka þær upp aftur við lokaafgr. fjárl. sjálfra. Ég álít, að á því millibili gætu menn fundið þau lögformlegu form, sem fullnægðu þeim þm., sem nú hafa komið fram með rökstudda krítik á þetta form, sem hæstv. forseti vill hafa. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að fresta þessum umr. þar til við lok 3. umr. Ég vil fyrir mitt leyti leggja til, að það yrði komið sér saman um ákveðna breyt. á þingsköpum. Ég vil í því sambandi benda á það, að ef svona breyt. yrði samþ., að stjórnarandstaðan hefði rétt til að fá eldhúsdagsumr. frestað þar til eftir að fjárl. hefðu verið samþ., þá liggja eðlileg rök til slíkrar breyt. Það var eðlilegt, að slíkar umr. færu áður fyrir fram í sambandi við fjárl. Þau voru þá algerlega aðalmál þingsins um fjárhag þjóðarinnar og því eðlilegt, að hinar almennu stjórn mála umr. færu fram í sambandi við þau. Nú er þessu breytt. Nú er um það rætt, hvernig ríkisstj. stjórnar fjármála- og atvinnumálum þjóðarinnar í heild. Nú er rætt um það, hvernig haldið er á fjárlögum þjóðfélagsins, ef svo mætti segja. Það hafa orðið breyt. í þjóðlífinu síðustu 10–20 árin, og er eðlilegt, að breyt. verði á tilhögun eldhúsdagsumr. í samræmi við það. Nú er rætt um það, hvernig séð er fyrir útgerð, landbúnaði, iðnaði, verzlun og öðrum slíkum höfuðmálum þjóðfélagsins, og það er ekki nema eðlilegt, að gera þurfi breyt. á þingsköpum í samræmi við það.

Þá vil ég benda hæstv. forseta á eitt. Hann gaf yfirlýsingu um það, og það er ágæt yfirlýsing frá hans hálfu, að hann liti svo á, að það, sem hann ákvæði nú sem forseti, væri bindandi fyrir þann, sem yrði forseti, ef hann kynni að forfallast. En svo rís upp hv. 1.

þm. Árn., sem er 1. varaforseti Sp., og hann tók greinilega fram, að yfirlýsing þessa hæstv. forseta gildi á engan hátt, ef hann tæki við eftir nokkra daga. Það er því miklu réttara og öruggara að semja betur um þetta, því að þótt orð hæstv. aðalforseta séu góð, þá gæti verið kominn annar forseti á morgun. Það er því rétt að taka tillit til þess, þegar 1. varaforseti, sem er gamall og vanur forseti í þinginu, tekur svona djúpt í árinni.

Ég held, að það sé ekki mikill vandi að finna form, sem fullnægir öllum l. í þessu efni, ef formenn þingflokkanna koma saman og ræða um þetta. Ég vil því óska, að þessum umræðum verði frestað þar til í lok 3. umr.

Jörundur Brynjólfsson: Ég hefði getað látið það nægja, sem ég sagði áðan, ef hv. 2. þm. Reykv. hefði ekki gefið í skyn, að ég mundi vilja virða að vettugi yfirlýsingu hæstv. forseta. Um það sagði ég ekkert, heldur benti ég á þann rétt, sem forseti hefur, hver sem hann er, við fundarstjórn. Það er ekki hægt að vefengja.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að engin lagafyrirmæli hefðu verið um eldhúsdagsumr., heldur aðeins venja, þá vissi ég það, en það er venja, sem er búin að fá lagagildi og er ákvörðuð í þingsköpum, hefur þar sérstaka merkingu og er sett í samband við sérstakt mál og er ákvarðaður sérstakur tími. Þar með er þessi athöfn búin að fá lagagildi, sett á þann fullkomnasta hátt næst stjórnarskránni af Alþingi sjálfu. En hve örlagaríkt það gæti verið að samþ. mikil frávik frá þeim ákvæðum, má ráða af því, að hv. 1. þm. Eyf. grípur til þess til að sannfæra menn um, að hér sé ekkert sérstaklega íhugunarvert, að áður hefði verið veitt undanþága frá þingsköpum um eldhúsdagsumr., þær ættu að fara fram við 1. umr., þegar fjvn. hefði skilað álit og till., en nú hefðu þessar umr. verið færðar yfir á 3. umr. Nú vildi hann færa þessar umr. yfir á allt annað mál, eftir að það mál er afgr. og orðið að l., sem þingsköp mæla fyrir um að eldhúsdagsumræður skuli fara fram í sambandi við. Þetta sýnir, hve fordæmin kunna að geta verið varhugaverð, að

jafnvel þessi hv. þm., sem er gætinn og vill hafa fyllstu aðgæzlu í þessu efni, grípur þó í þetta hálmstrá til þess að réttlæta, að þetta sé eiginlega ekki svo mikið, þó að þessar umr. fari fram í sambandi við allt annað mál, og sennilega að þessar umr. fari fram með þeim tíma, sem l. áskilja að sé við eldhúsdagsumr. í sambandi við fjárl., en nú eiga þær að fara fram í sambandi við allt annað mál eða ekkert mál, og þá er frávikid orðid talsvert. Og hvað verður þá það næsta? Mér finnst óþarft að hafa þetta form, og við getum komið því fyrir með öðru móti, en þó á þann hátt, að það verði ekki síðar notað af öðrum mönnum til að ganga enn lengra.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skal vera fáorður. Ég vil aðeins geta þess, að ég skil varla, hvaða hálmstrá hv. 1. þm. Árn. talaði um í sambandi við mín orð. Ég held það hljóti að vera eitt-hvert hálmstrá, sem hann er að reyna að hanga á, þótt ég sjái ekki, hvert það hálmstrá sé. Það er búið að veita afbrigði frá því að hafa eldhúsdagsumr. við 1. umr., og þingsköp gera ekki ráð fyrir þeim við neina aðra umr. fjárl., og þykir mér því undarlegt, að hv. 1. þm. Árn. skyldi gera þessar athugasemdir út af mínum fáu orðum, þegar ég var honum að miklu leyti sammála og vildi hafa eldhúsdagsumr. eftir nýár í sambandi við eitthvert annað mál. Ég veit ekki eiginlega, um hvað hv. þm. er að deila.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa yfir því, að hæstv. forseti ræddi við mig um að veita þessi afbrigði, og lagði ég það fyrir þingflokk Alþfl., og vorum við sammála um að veita afbrigðin, og hélt ég, að það lægi ljóst fyrir, að svo væri um alla þingflokkana. Ástæðurnar til þess, að við töldum rétt að fresta eldhúsdagsumr., voru aðallega tvær. Í fyrsta lagi töldum við ekki viðeigandi, að þessar umr. færu fram rétt fyrir jólin, og í öðru lagi var það, að þótt stefna hæstv. ríkisstj. sé nú orðin nokkuð skýr, þá töldum við heppilegt fyrir stjórnarandstöðuna, að hún kæmi enn skýrar fram fyrir eldhúsdagsumr.

Út af hinum almennu umr. um málið vil ég aðeins segja það, að ákvæðin um eldhúsdagsumr. eru fyrst til orðin fyrir venju, en síðan sett inn í þingsköp, og eru þau ákvæði að mínum dómi mjög sveigjanleg. Upphaflega var þetta gert til að gefa stjórnarandstöðu og þm. almennt tækifæri til að gagnrýna gerðir og stefnu ríkisstj. á hverjum tíma, og var þetta víðast hvar á Norðurlöndum sett í samband við afgreiðslu fjárl., en það er að mínu áliti hálfgert aukatriði, hvort þessar umr. fara fram í sambandi við fjárl. eða ekki, og nú er búið að víkja frá að hafa þessar umr. við 1. umr., og þá sé ég ekkert á móti því að hafa þetta síðar á þinginu, og ég tel yfirlýsingu hæstv. forseta fullgilda tryggingu fyrir því, að réttur verði ekki brotinn á stjórnarandstöðunni, og er ég reiðubúinn til að greiða atkv. með þessum afbrigðum eftir umtali við hæstv. forseta og samkvæmt samkomulagi við mína flokksbræður.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af þessum umr. vil ég aðeins taka það fram, að Alþingi verður sjálft að ákveða um það tiltölulega veigalitra atriði, hvenær eldhúsdagsumr. skuli fara fram. Hæstv. forseti hefur rætt þetta mál við mig, og ég ræddi það við báða form. Framsfl., form. flokksins og form. þingflokksins, og töldu þeir báðir, að þetta væri vel ráðið, að fresta eldhúsdagsumræðum. Í þingflokki Sjálfstfl. voru og allir á einu máli um þetta vegna þess, að þegar svona stutt væri til jóla, þá mundu menn almennt ekki hlusta mikið á eldhúsdagsumr., og enn fremur töldum við að þetta væri fremur illa valinn tími til að þm. skeyti skapi sínu hver á öðrum, eins og venja er til við slíkar umr. Held ég svo, að æskilegast sé að hafa þessar umr. ekki lengri, heldur láta atkv. skera úr um þessi afbrigði. Þá geymum við okkur rétt til og getum hlakkað til þess að sýna fram á, hvað ríkisstj. er slæm og hve stjórnarandstaðan hefur verið lin og úrræðalaus. (**StJSt:** Það verður gagnkvæm tilhlökkun.)

Forseti (JPálm): Út af tilmælum hv. 2. þm. Reykv. skal ég lofa honum því, að ég mun ræða við hann og form. hinna þingflokks-

anna um formið á þessu, en nú verða atkv. lätin ganga um það, hvort þessi afbrigði skuli veitt.

ATKVGR.

Þau afbrigði frá þingsköpum að fresta eldhúsdagsumr. þar til síðar leyfð og samþ. með 28:2 atkv.“

Þess var skammt að biðja, að sú venja kæmist á að fresta eldhúsdagsumræðum með afbrigðum þangað til áliðið væri þings og gefa þeim nafnið Almennar stjórn málaumræður. Á Alþingi 1956–1957 mælti forseti sameinaðs Alþingis (fyrri varaforseti) Gunnar Jóhannsson Siglufirði, landskjörinn þingmaður, á þessa leið hinn 16. febr. 1957:

„Eins og hv. alþm. vita, mæla þingsköp svo fyrir, að svokölluð eldhúsdagsumræða fari fram við framhald 1. umr. fjárlaga. Það mun hafa orðið samkomulag um að fresta þessari umr. nú, eins og oft hefur verið gert á undanförunum árum, og er ætlunin, að slík umr. fari fram síðar. Ég vil því leita afbrigða frá þingsköpum um þessa frestun.“

Almennar stjórn málaumræður fóru síðan fram 27. maí 1957.

Ákvæði þingskapa um tengsl fjárlaga og eldhúsdagsumræðna héldust til ársins 1972. Síðustu afbrigða um frestun var leitað á þinginu 1971–1972.

Á fundi Alþingis hinn 13. des. 1971 sagði Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra, þingmaður Austurlands og forseti sameinaðs Alþingis:

„Í samræmi við venju, sem skapast hefur undanfarin ár, hefur verið leitað samkomulags þingflokka um að fresta almennum stjórn málaumr., sem á að halda við 1. umr. fjárlaga, svokölluðum eldhúsdagsumr., en til þess þarf afbrigði frá þingsköpum. Formenn þingflokka mæla með því afbrigði, og leyfi ég mér að leita þess.“

Árið 1972 var nafnið almennar stjórn málaumræður bundið í lög um þingsköp á þessa leið:

„Á síðari hluta þings skal útvarpa almennum stjórn málaumræðum. Hver þingflokkur fær til umráða hálf klukkustund.“

Eldhúsdagsumræður eru árlega haldnar undir lok þings og er ávallt útvarpað og sjónvarpað.

Stofnanir er heyra undir Alþingi

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Umboðsmaður Alþingis starfar samkvæmt lögum nr. 85/1997. Það er hlutverk hans að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórn-sýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Nánar er kveðið á um hlutverk umboðsmanns í reglum nr. 82/1988, um störf og starfs-hætti umboðsmanns Alþingis, sbr. reglur nr. 106/1994. Umboðsmaður Alþingis gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína.

Umboðsmaður Alþingis er kjörinn til fjögurra ára í senn. Tryggvi Gunnarsson var endurkjörinn umboðsmaður Alþingis frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2007.

Skrifstofa umboðsmanns Alþingis er í Álftamýri 7 í Reykjavík og er opin virka daga kl. 9–15, sími 510-6700, fax 510-6701 og grænt númer 800-6450. Netfang: postur@umb.althingi.is

Umboðsmaður Alþingis: Tryggvi Gunnarsson.

Aðrir starfsmenn (janúar 2004):

Aagot Vigdís Óskarsdóttir lögfræðingur.

Ágúst Geir Ágústsson lögfræðingur.

Ásmundur Helgason lögfræðingur.

Elín Blöndal skrifstofustjóri.

Ingibjörg Þóra Sigurjónsdóttir rekstrarstjóri.

Kjartan Bjarni Björgvinsson lögfræðingur.

Róbert Ragnar Spanó aðstoðarmaður umboðsmanns.

Trausti Fannar Valsson lögfræðingur.

RÍKISENDURSKOÐUN

Endurskoðun á reikningum ríkisins og embættismanna, þar á meðal sýslumanna og bæjarfógeta, var á starfssviði III. skrifstofu Stjórnarráðsins (fjármálaráðuneytisins) og var til ársins 1931 framkvæmd af starfsmönnum ráðuneytisins undir yfirstjórn skrifstofustjórans. Árið 1931 var komið á fót sérstakri endurskoðunarskrifstofu undir stjórn aðalendurskoðanda ríkisins sem heyrði beint undir fjármálaráðherra. Starfsheitið ríkisendurskoðandi kom síðar í stað aðalendurskoðandi. Ríkisendurskoðunin heyrir beint undir Alþingi frá 1. janúar 1987 og starfar samkvæmt 43. gr. stjórnarskrárinnar og lögum nr. 86/1997. Aðalverkefni Ríkisendurskoðunar eru: Að annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eða af öðrum tekjum samkvæmt sérstökum lögum. Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, þar með talin hlutafélög og ríkisbankar. Þá getur hún framkvæmt stjórnarsýsluendurskoðun hjá ríkisfyrirtækjum. Hún skal hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Þá getur hún kannað hvernig stjórnvöld framfylgja athugun, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfisendurskoðunar.

Forsætisnefnd Alþingis ræður ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Hann nýtur sjálfstæðis í starfi sínu og er ekki bundinn af fyrirmælum um einstaka þætti þess.

Ríkisendurskoðun gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína, auk skýrslna um einstök endurskoðunarverkefni. Forsætisnefnd getur enn fremur, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna, krafist skýrslna stofnunarinnar um einstök mál.

Stofnunin skiptist í sex starfssvið, auk yfirstjórnar og skrifstofu- og þjónustusviðs.

Stofnunin er til húsa á Skúlagötu 57. Sími 561-4121, fax 562-4546, netfang postur@rikisend.is

Ríkisendurskoðandi: Sigurður Þórðarson.

Aðrir starfsmenn (janúar 2004):

Skrifstofa ríkisendurskoðanda:

Brynja Baldursdóttir deildarfulltrúi.

Grétar Bjarni Guðjónsson BBA, MBA.

Þórir Óskarsson íslenskufraeðingur.

Endurskoðunarsvið I-III

Skrifstofustjóri I: Sveinn Arason löggiltur endurskoðandi.

Skrifstofustjóri II: Sigurjón I. Haraldsson viðskiptafræðingur.

Skrifstofustjóri III: Ingi K. Magnússon viðskiptafræðingur.

Auður Guðjónsdóttir viðskiptafræðingur.

Álfheiður Dögg Gunnarsdóttir viðskiptafræðingur.

Árni Sigurðsson viðskiptafræðingur.

Einar Þorgilsson viðskiptafræðingur.

Elías H. Leifsson deildarsérfræðingur.

Elísa Kristmannsdóttir viðskiptafræðingur.

Guðbrandur R. Leósson viðskiptafræðingur.

Guðni Geir Jónsson viðskiptafræðingur.

Heiða Björk Jósefsdóttir viðskiptafræðingur.

Helgi Guðmundsson hagfræðingur.

Hilmar Þórisson viðskiptafræðingur.

Hrafnhildur Óskarsdóttir viðskiptafræðingur.

Ingibjörg Júlía Þorbergsdóttir viðskiptafræðingur.

Íris Þ. Ólafsdóttir löggiltur endurskoðandi.

Kristbjörg H. Sigtryggsdóttir viðskiptafræðingur.

Kristjana Ólöf Sigurðardóttir löggiltur endurskoðandi.

Margrét Ólafsdóttir deildarsérfræðingur.

Ólafur E. Sigurðsson viðskiptafræðingur.

Signý M. Böðvarsdóttir viðskiptafræðingur.
Sigurgeir Bóasson löggiltur endurskoðandi.
Stefanía S. Bjarnadóttir viðskiptafræðingur.
Sveinbjörn Óskarsson viðskiptafræðingur.
Viðar H. Jónsson viðskiptafræðingur.
Vilhjálmur Siggeirsson viðskiptafræðingur.

Stjórnsýslusvið

Skrifstofustjóri: Jón L. Björnsson viðskiptafræðingur.
Guðríður Jóhannsdóttir lögfræðingur (í leyfi).
Jón Eðvald Malmquist lögfræðingur.
Margrét E. Arnórsdóttir viðskiptafræðingur.
Ólafur Gunnarsson viðskiptafræðingur.
Sigurður Norðdahl verkfræðingur.
Soffía Waag Árnadóttir MPA, stjórnsýslufræðingur.
Steinunn Halldórsdóttir EMPA, stjórnsýslufræðingur.
Þorvaldur Ingi Jónsson viðskiptafræðingur.

Laga- og umhverfissvið

Skrifstofustjóri: Lárus Ögmundsson lögfræðingur.
Ketill Sigurjónsson lögfræðingur.
Linda Sigurðardóttir fulltrúi.

Endurskoðun upplýsingakerfa

Skrifstofustjóri: Albert Ólafsson viðskiptafræðingur.
Geir Gunnlaugsson viðskiptafræðingur.

Skrifstofu- og þjónustusvið

Starfsmannastjóri: Eypór Borgþórsson deildarsérfræðingur.
Ásdís Hauksdóttir fulltrúi.
Elín Ingadóttir skjalavörður.
Hólmfríður Kristinsdóttir matráðskona.
María Bjargmundsdóttir ritari.
Sigurður Þorvaldsson matráðsmaður, sendill.

Starfsmenn skrifstofu Alþingis

(janúar 2004)

YFIRSTJÓRN SKRIFSTOFU ALÞINGIS:

Friðrik Ólafsson skrifstofustjóri.

Helgi Bernódusson aðstoðarskrifstofustjóri.

Karl M. Kristjánsson rekstrar- og fjármálastjóri.

ALMENN SKRIFSTOFA:

Þorsteinn Magnússon forstöðumaður.

Hafdís Þórólfsdóttir ritari.

ÞINGFUNDASVIÐ:

Vigdís Jónsdóttir forstöðumaður.

Arna Björk Jónsdóttir ræðulesari.

Berglind Karlsdóttir fulltrúi.

Berglind Steinsdóttir ræðulesari.

Björgvin Kemp tæknistjóri.

Hlöðver Ellertsson ræðulesari.

Jón E. Böðvarsson ritstjóri.

Jón Ólafsson ræðuritari.

Jóna Guðmundsdóttir ræðulesari.

Kjartan H. Grétarsson ræðulesari.

María Gréta Guðjónsdóttir ritstjóri.

Pétur Einarsson umsjónarmaður skjalageymslu.

Sigurður Jónsson aðstoðarforstöðumaður.

Sigurlín Hermannsdóttir ritstjóri.

Svanhildur Edda Þórðardóttir ræðulesari.

Sverrir Herbertsson umsjónarmaður skjalageymslu.

Úlfar Sveinbjörnsson upptökustjóri.

Guðný Ágústsdóttir ritari (skönnun Alþingistíðinda).

Magnús Albert Sveinsson verkefnisstjóri (skönnun Alþingistíðinda).
Sigríður Guðmundsdóttir ritari (skönnun Alþingistíðinda).

NEFNDASVIÐ:

Hafdís Ólafsdóttir forstöðumaður.
Álfhildur Álfþórsdóttir skjalalesari.
Bjarnís Gunnarsdóttir matráðskona.
Einar Farestveit aðstoðarforstöðumaður.
Elín Valdís Þorsteinsdóttir nefndarritari.
Erna Erlingsdóttir skjalalesari.
Eva Margrét Ævarsdóttir nefndarritari.
Friðrik Magnússon skjalalesari og umsjónarmaður lagasafns.
Guðmundur Guðbergsson umsjónarmaður pósthjónustu.
Guðrún Þóra Guðmannsdóttir ritstjóri.
Hanna Sigríður Garðarsdóttir aðstoðarmatráðskona.
Haukur Hannesson skjalalesari.
Kristjana Benediktsdóttir skjalavörður.
Ragnheiður Sumarliðadóttir umsjónarmaður.
Sigrún Brynja Einarsdóttir nefndarritari.
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari.
Sigurður R. Sigurjónsson nefndarritari.
Stefán Árni Auðólfsson nefndarritari.
Svala Valdemarsdóttir ritstjóri.
Þórdís G. Kristleifsdóttir skjalalesari.

UPPLÝSINGA- OG TÆKNISVIÐ:

Haukur Arnþórsson forstöðumaður.
Garðar Adolfsson kerfisstjóri.
Guðbjörg Kjartansdóttir fulltrúi.
Guðný Ragnarsdóttir bókasafnsfræðingur.
Guðríður Bryndís Jónsdóttir fulltrúi.
Hildur Gróa Gunnarsdóttir upplýsingafulltrúi.

Ingvi Stígsson gagnagrunnsstjóri.
Kristín Geirsdóttir deildarstjóri.
Solveig K. Jónsdóttir deildarstjóri.
Sveinn Ásgeir Jónsson net- og kerfisstjóri.
Viggó K. Gíslason bóka- og vörður.
Þorbjörg Árnadóttir tölvukennari.
Hörður Hauksson tölvunarfræðingur (endurgerð upplýsingakerfa).
Logi Ragnarsson tölvunarfræðingur (endurgerð upplýsingakerfa).
Stefán Freyr Stefánsson tölvunarfræðingur (endurgerð upplýsingakerfa).

ÞJÓNUSTUSVIÐ:

Ólöf Þórarinsdóttir forstöðumaður.
Andrés Kristjánsson næturvörður.
Anna Albertsdóttir sendill.
Anton Þór Hjartarson þingvörður.
Bentína Haraldsdóttir umsjón, símvarsla og ræsting.
Bentína Jónsdóttir ræsting.
Elín Rut Guðnadóttir þingvörður.
Elísabet Stefánsdóttir ritari.
Erna Sampsted ræsting.
Geirfinna Óladóttir ritari.
Guðbjörg Erlín Guðmundsdóttir ræsting.
Guðfinna Gísladóttir þingvörður.
Guðlaugur Ágústsson deildarstjóri.
Guðríður Sigurðardóttir ræsting.
Gunnar Már Jóhannsson næturvörður.
Heinz H. Steimann næturvörður.
Hlynur Þór Gestsson næturvörður.
Hrefna Sigurðardóttir ræsting.
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir síma- og vörður.
Jelena Kuzminova ræsting.

Jensína Stefánsdóttir framreiðslukona.
Jóhanna Guðfinnsdóttir ræsting.
Jóhanna Gunnarsdóttir ræsting.
Jón Elías Gunnlaugsson næturvörður.
Kristján Vignir Hallsson næturvörður.
Liudmila Rimsa ræsting.
Magnea Áslaug Guðnadóttir ræsting.
Magnúsína Valdemarsdóttir símavörður.
Margrét Linnet þingvörður.
Margrét Ósk Árnadóttir ritari.
Maria Ditas de Jesus þingvörður.
Ólafía K. Jónsdóttir ritari.
Ólöf Guðmundsdóttir ræsting.
Rakel Ragnarsdóttir símavörður.
Rakel Viggósdóttir ritari.
Rannveig Haraldsdóttir ritari.
Regína Óskarsdóttir ritari.
Sigríður Guðmundsdóttir símavörður.
Sigríður Völundardóttir þingvörður.
Svana Björnsdóttir framreiðslukona.
Sveinborg Steinunn Olsen ræsting.
Þorbjörg Sigríður Þorsteinsdóttir matráðskona.
Þorgeir Jónsson ljósritun.
Þormóður Sveinsson þingvörður.
Þórir J. Hall þingvörður.

REKSTRARSKRIFSTOFA:

Páll Haraldsson forstöðumaður.
Ágúst Karlsson aðalbókari.
Fjóra Valdimarsdóttir gjaldkeri og launaritari.
Hildur Björnsdóttir ritari.
Katrín Hermannsdóttir fulltrúi.

Ólafur G. Thorarensen umsjónarmaður fasteigna.
Ragnar Bragason aðstoðarmaður umsjónarmanns fasteigna.

ALÞJÓÐASVIÐ:

Belinda Þurý Theriault forstöðumaður.
Andri Lúthersson alþjóðaritari.
Arna Gerður Bang alþjóðaritari.
Erla Nanna Jóhannesdóttir fulltrúi.
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir alþjóðaritari.
Stígur Stefánsson alþjóðaritari.

VESTNORRÆNA RÁÐIÐ:

Ernst Sumberg Olsen.

Starfsmenn þingflokka

(mars 2004)

Framsóknarflokkur:

Pétur Gunnarsson.

Skrifstofa: Austurstræti 10A, sími: 563-0759.

Frjálslyndi flokkurinn:

Margrét Sverrisdóttir.

Skrifstofa: Vonarstræti 12, sími: 563-0787.

Samfylkingin:

Olav Veigar Davíðsson.

Skrifstofa: Austurstræti 14, sími: 563-0722.

Elín Björg Jónsdóttir.

Skrifstofa: Austurstræti 14, sími: 563-0705.

Sjálfstæðisflokkur:

Gréta Ingbórsdóttir.

Skrifstofa: Austurstræti 8-10, sími: 563-0453.

Vinstri hreyfingin - grænt framboð:

Kristín Halldórsdóttir.

Skrifstofa: Vonarstræti 12, sími: 563-0771.

Huginn Freyr Þorsteinsson,

Skrifstofa: Vonarstræti 12, sími: 563-0781.

*Skrár í handbókum Alþingis
1991, 1995 og 1999 sem ekki eru
birtar í þessu riti:*

SKRÁR Í HANDBÓK ALÞINGIS 1991:

1. **Forsetar og varaforsetar Alþingis 1845–1991.**
Sjá bls. 189–211.
2. **Aldursforsetar Alþingis 1845–1991.**
Sjá bls. 212–220.
3. **Skrá um alþingismenn 1976–1991.**
Sjá bls. 237–249.
4. **Yfirlit þingmála 1937–1990.**
Sjá bls. 250–257.
5. **Tala þingfunda og þingmála 1937–1990.**
Sjá bls. 258–259.
6. **Skýrslur 1973–1990.**
Sjá bls. 260.
7. **Formenn utanríkismálanefndar 1928–1991.**
Sjá bls. 266.
8. **Formenn fjárveitinganefndar 1934–1991.**
Sjá bls. 267.

SKRÁR Í HANDBÓK ALÞINGIS 1995:

1. **Alþingismenn sem oftast hafa verið kjörnir forsetar.**
Sjá bls. 148.
2. **Utanþingsráðherrar.**
Sjá bls. 185.

SKRÁR Í HANDBÓK ALÞINGIS 1999:

1. **Þingflokkar kjörtímabilið 1995–1999.**
Sjá bls. 160–161.
2. **Konur á Alþingi.**
Sjá bls. 163–188.
3. **Afsagnir og andlát alþingismanna 1845–1999.**
Sjá bls. 207–220.

SÆTASIPAN
2004



